




Lýsing
September 2006





Efnisyfirlit

- I. SAMANTEKT
- II. VERÐBRÉFALÝSING
- III. ÚTGEFANDALÝSING

Útgáfudagur lýsingarinnar er 12. september 2006.

Lýsing þessi er yfirfarin og samþykkt af Kauphöll Íslands hf. fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins (FME). Lýsingin er gefin út vegna útboðs og skráningar á 75.000.000 nýrra hluta sem seldir verða í útboði og skráningar á 52.016.732 nýrra hluta sem afhentir verða hluthófum Scanvægt International A/S.

Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu.



Samantekt



Samantekt

Samantektin byggir á upplýsingum úr verðbréfa- og útgefandalýsingu Marel hf. sem gefnar eru út í september 2006. Upplýsingar í samantektinni eru dregnar saman og því skal ávallt skoða hana í samhengi við verðbréfa- og útgefandalýsinguna.

Gefin er út lýsing vegna útboðs og skráningar á 75.000.000 nýrra hluta sem seldir verða í útboði og skráningar á 52.016.732 nýjum hlutum sem afhentir verða hluthöfum Scanvægt International A/S.

Hlutfjárútboð á 75.000.000 nýrra hluta í Marel hf. mun fara fram dagana 13.–14. september 2006. Útboðið verður þrískipt; hluthöfum, á grundvelli forgangsréttar þeirra, verða boðnir 30.000.000 hluta til kaups, fagfjárfestum verða boðnir 30.000.000 hluta og loks verður almenningi boðnir 15.000.000 hluta til kaups.

Við útgáfu lýsingarinnar er heildarfjöldi hluta í Marel 240.064.000 hlutir og eru allir hlutirnir skráðir á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu MARL. Eftir fyrirhugaða hækkun á hlutafé Marel hf. verður heildarfjöldi hluta 367.080.732 hlutir.

Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu nýrra hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en 29. september 2006. Hlutirnir verða skráðir á Aðallista Kauphallar Íslands hf. eigi síðar en 2. október 2006.

Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum Marel hf. á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni í heild sinni. Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattlega atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutafé í Marel hf.

Ef fjárfestir hyggst höfða mál fyrir dómstólum vegna kröfu, sem varðar upplýsingar í lýsingunni, getur hann, samkvæmt innlendra löggjöf aðildarríkja EES, þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Einkaréttarábyrgð fellur á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, og sóttu um tilkynningu um hana en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar.

Lýsing þessi er unnin af fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík, Ísland í samvinnu við Marel hf. og endurskoðendur félagsins. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. er jafnframt umsjónaraðili útboðsins, sem verður dagana 13.–14. september 2006.

Löggiltir endurskoðendur Marel hf., á þeim tíma sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingunni, eru PricewaterhouseCoopers hf., Skógarhlíð 12, Reykjavík og fyrir þeirra hönd Ólafur Þór Jóhannesson, Vesturvangi 14, Hafnarfirði, Þórir Ólafsson, Hálsaselí 33, Reykjavík og Gunnar Sigurðsson, Naustabryggju 54, Reykjavík.

Skilmálar útboðs

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Niðurstöður útboðsins verða birtar í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. fyrir klukkan 10 föstudaginn 15. september 2006. Greiðsluseðlar verða sendir þátttakendum að útboði loknu. Gjaldlagi greiðsluseðla er föstudaginn 22. september 2006. Sölugengið í útboðinu er 74 krónur á hvern hlut. Tilgangur útboðsins er að styðja við frekari vöxt Marel.

Sölufyrirkomulag

Forgangsréttarútboð – skráning áskrifta, framsal og umframáskrift

Hluthöfum Marel verða alls boðnir 30.000.000 nýrra hluta til kaups og er áskriftarréttur hlutfallslegur miðað við hlutafjareign þeirra eins og hún var skráð í hlutaskrá Marel í lok föstudagsins 25. ágúst 2006. Hluthöfum er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en sem nemur forgangsrétti þeirra og verður ónýttum forgangsréttarhlutum útdelt í hlutfalli við forgangsrétt þeirra sem þess óska. Hluthöfum er heimilt að framselja forgangsrétt sinn að hluta eða í heild en réttur til umframáskriftar er ekki framseljanlegur.

Áskriftum er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Aðeins forgangsréttarhafar geta skráð áskrift í þessum hluta útboðsins og þá aðeins að þeir geti gert grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði sem þeir fá sent í pósti. Í útboði til forgangsréttarhafa er rafræn staðfesting skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.

Fagfjáfestaútboð - skráning áskrifta

Alls verða 30.000.000 hlutir boðnir fagfjáfestum til kaups. Einungis þeir sem eru fagfjáfestar samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. 1. mgr. 7. tl. laga nr 33/2003, um verðbréfaviðskipti, hafa heimild til að taka þátt í þessum hluta útboðsins.

Fagfjáfestar skila inn bindandi áskrift á þar til gerðum áskriftareyðublöðum sem hægt er að nálgast hjá verðbréfamíðlun Landsbankans, fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans og á vef Landsbankans, www.landsbanki.is. Stjórn Marel hefur heimild til að hafna áskriftum í þessum hluta útboðsins í heild eða að hluta. Verði ekki næg eftirspurn í útboðinu til fagfjáfesta hefur stjórn Marel heimild til að úthluta óseldum hlutum til forgangsréttarhafa.

Þeir fagfjáfestar sem fá úthlutað hlutum í útboðinu verður send tilkynning um samþykki stjórnar á áskrift þeirra í lok útboðsins.

Almennt útboð - framsal, umframáskrift og skráning áskriftar

Alls verða 15.000.000 nýrra hluta seldir í almennu útboði. Í þessum hluta getur hver fjárfestir skráð sig að hámarki fyrir 10.000 hlutum eða 740.000 krónur að markaðsverði. Ef til umframáskriftar kemur skerðist hámarksfjöldi hluta sem hverjum áskrifanda er heimilt að kaupa þar til heildarfjöldi seldra hluta er kominn niður í þann fjölda hluta sem er til sölu í þessum hluta útboðsins. Skerðing er því ekki hlutfallsleg. Verði eftirspurn í almenna hluta útboðsins ekki næg hefur stjórn Marel heimild til að úthluta óseldum hlutum til forgangsréttarhafa.

Áskriftum í almenna útboðinu er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans ; www.landsbanki.is. Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.

Forgangsréttarhafar og fagfjáfestar hafa fulla heimild til þátttöku í almenna útboðinu án tillits til þátttöku þeirra í öðrum hlutum útboðsins.

Sölutrygging

Landsbanki Íslands hf. hefur sölutryggt hlutafjárútboðið að fullu á útboðsgengi, samningur þar um var undirritaður 3. apríl 2006.

Pynning

Við útgáfu verðbréfalýsinga Marel í september 2006 er heildarfjöldi hluta í Marel 240.064.000 hlutir. Fyrirhuguð hækkun á hlutafé Marel er samtals 127.016.732 hlutir og verður því heildarfjöldi hluta í Marel eftir framangreinda hækkun samtals 367.080.732 hlutir.

Stjórn Marel hefur ákveðið að 52.016.732 hlutir verði afhentir seljendum Scanvægt International A/S, 30.000.000 hluta verði boðnir forgangsréttarhöfum, 30.000.000 hluta verði boðnir fagjáfrestum til kaups og 15.000.000 hluta verða seldir í almennu útboði.

Ef gert er ráð fyrir að forgangsréttarhafi nýti sér forgangsrétt sinn í útboðinu að fullu, en taki ekki þátt í öðrum hlutum útboðsins, mun hlutfallsleg þýning á hlut hans í Marel vera 26,4%. Heildarfjöldi hluta sem boðinn eru öðrum en forgangsréttarhöfum er 97.016.732 hlutir.

Ef forgangsréttarhafi nýtir ekki rétt sinn í forgangsréttarútboðinu eða tekur þátt í öðrum hlutum útboðsins mun hlutfallsleg þýning á hlut hans vera 34,6%.

Kostnaður vegna útboðs og skráningar á nýjum hlutum

Heildarþóknun fyrir sölutryggingu útboðsins og sölu og skráningu hins nýja hlutafjár er áætluð um 250 milljónir króna. Landsbankinn áætlar að framangreind þóknun skiptist með þeim hætti að 50% hennar sé vegna sölutryggingar og 50% vegna sölu og skráningar hlutafjárins.

Útgefandi

Saga og þróun

Marel hf., kt. 620483-0369, Austurhrauni 9, Garðabæ, var stofnað 17. mars 1983. Þróun fyrstu Marel vogarinnar kemur fram þegar tölvutæknin er að ryðja sér til rúms á áttunda áratugnum. Markmiðið var að nýta tölvutæknina innan fiskiðnaðar á Íslandi til gagnasöfnunar í framleiðslu og úrvinnslu þeirra í þeim tilgangi að auka framleiðni. Marel tókst fljótlega að hasla sér völl sem einn helsti framleiðandi á vogum og framleiðslueftirlitsbúnaði við Norður-Atlantshafið og er í dag í fararbroddi í framleiðslu hátækniþúnaðar til matvælaframleiðslu, ekki aðeins í fiskiðnaði heldur einnig í alifugla- og kjötiðnaði.


Upphaflega snerist starfsemi Marel um hönnun og framleiðslu á sérhæfðum vogum og eftirlitsbúnaði tengdum þeim. Rannsóknir og þróun færðust hins vegar fljótt inn á önnur svið. Marel er nú í fararbroddi í þróun og gerð hátækniverka sem gera matvinnslufyrirtækjum kleift að hámarka afköst sín, nýtingu og skilvirkni sem og vörugæði og ánægju viðskiptavina. Sala til fiskiðnaðar var upphaflega mikilvægasti þátturinn í starfsemi Marel en með árunum hefur sala til kjöt- og alifuglaiðnaðar farið vaxandi.

Sérstaða Marel felst í þeirri tækni sem þróuð hefur verið hjá félaginu, t.d. þrívíddar-tölvusjón, rafeindavogum og hugbúnaði sem tengir saman sjálfvirkar vélar og vinnslulínur. Framleiðsluvörur félagsins byggja á hátækni og gæðum. Viðskiptavinurinn er í forgrunni og hefur. Marel byggt upp öflugt þjónustunet á öllum helstu markaðssvæðum félagsins.

Starfsemi og skipulag

Marel er alþjóðlegt félag sem er í fararbroddi í þróun, framleiðslu og markaðssetningu á hátækniþúnað fyrir matvælaíðnað.

Marel samstæðan samanstendur af fjórum meginstöðum sem tvinnast vel saman og styðja hver við aðra. Marel móðurfélagið á Íslandi ásamt tíu Marel félögum víðs vegar um heiminn; Carnitech A/S með fjögur dótturfélög,



AEW Delford Systems Ltd. með tvö dótturfélög og Scanvægt International A/S með fimmtán dótturfélög. Eftir kaupin á Scanvægt International A/S starfa 2.080 manns hjá félaginu, vítt og breitt um heiminn.

Samkeppnishæfni Marel byggist að stórum hluta til á árangursríku vöruþróunarstarfi. Á árinu 2005 sótti Marel um 15 einkaleyfi en samstæðan sækir að meðaltali um fimm til tíu einkaleyfi á ári. Skráð vörumerki Marel eru alls 20 á öllum helstu markaðssvæðum félagsins. Einkaleyfi Marel eru alls 62 í 20 löndum. Stöðug vöruþróun er einn af lykilkáttunum í rekstri Marel.

Marel fjárfestir árlega 57% af tekjum sínum í vöruþróun til að styrkja framfarðarstöðu sína á markaðnum og mæta þörfum viðskiptavina.

Þann 4. ágúst 2006 var gengið frá kaupum á danska fyrirtækinu Scanvægt. Félagið var tekið inn í samstæðureikning Marel frá og með 4. ágúst 2006. Áhrifa af kaupum Marel á Scanvægt munu koma fram í reikningum samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi.

Hluthafar

Við útgáfu útgefandalýsingarinnar eru hluthafar Marel 1.093. Tíu stærstu hluthafar í félaginu eiga 192.060.094 hluti eða sem samsvarar 80%. Meðfylgjandi er listi yfir tíu stærstu hluthafa Marel.

Eyrir Invest ehf. er alþjóðlegt fjárfestingarfélag og er megináhersla lögð á fjárfestingar í skráðum hlutabréfum í Evrópu, einkum á Norðurlöndum. Stærstu einstöku eignarhlutir Eyrir Invest eru hlutabréf í Marel og Össuri. Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel og Þórður Magnússon, varamaður í stjórn Marel, eru stofnendur og aðaleigendur Eyrir Invest ehf. Jafnframt er Margrét Jónsdóttir, stjórnarmaður í Marel, fjármálastjóri Eyrir Invest ehf.

Landsbanki Íslands hf. er umsjónaraðili útgefandalýsingar þessarar.

Helgi Magnússon, stjórnarmaður í Marel, er stjórnarformaður og meirihluta eigandi í Eignarhaldsfélagi Hörpu ehf.

Stjórn Marel

Árni Oddur Þórðarson	Stjórnarformaður
Arnar Þór Mátsson	Meðstjórnandi
Fríðrik Jóhannsson	Meðstjórnandi
Helgi Magnússon	Meðstjórnandi
Margrét Jónsdóttir	Meðstjórnandi
Hanna Katrín Friðriksson	Varamaður í stjórn
Þórður Magnússon	Varamaður í stjórn

Stjórnendur Marel

Hörður Arnarson	Forstjóri Marel hf.
Thorikild Christensen	Forstjóri Carnitech
Ásgeir Ásgeirsson	Forstjóri AEW Delford Systems
Lárus Ásgeirsson	Forstjóri Scanvægt

Framkvæmdastjórn:

Halldór Magnússon	Framkvæmdastjóri þjónustu
Jón Þór Ólafsson	Framkvæmdastjóri vöruþróunar
Kristján Hallvarðsson	Framkvæmdastjóri vöruþróunar
Kristján Þorsteinsson	Framkvæmdastjóri fjármála
Magnús Þór Ásmundsson	Framkvæmdastjóri framleiðslu
Pétur Guðjónsson	Framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs
Sigsteinn P. Grétarsson	Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar

Tíu stærstu hluthafar

Marel 7.sept. 2006	Fjöldi	Eignarhlutur
Eyrir Invest ehf.	81.274.544	33,86%
Landsbanki Íslands hf.	79.293.122	33,03%
Helga Sigurðardóttir	4.750.000	1,98%
Ingunn Sigurðardóttir	4.750.000	1,98%
Súsanna Sigurðardóttir	4.714.500	1,96%
Tryggingamiðstöðin hf.	4.160.946	1,73%
Egill Vilhjálmur Sigurðsson	3.800.000	1,58%
Eignarhaldsfélag Hörpu ehf.	3.726.000	1,55%
Traustfang ehf.	3.051.164	1,27%
Liftryggingafélag Íslands hf.	2.539.818	1,06%
Tíu stærstu hluthafar samtals	192.060.094	80,00%
Aðrir hluthafar samtals	48.003.906	20,00%
Heildarfjöldi hluta	240.064.000	100,00%
Eigin hlutir	2.067.836	0,86%
Virkir hlutir	237.996.164	99,14%

Yfirlit yfir rekstur, fjármál og framtíðarhorfur

Seinni hluti ársins 2006 mun mótast af umfangsmiklum samþættingaraðgerðum og einskiptikostnaði þeim tengdum. Samþætting á milli Marel, AEW Delford Systems og Carnitech gengur samkvæmt áætlun og framundan er vinna við samþættingu Scanvægt International A/S við Marel samstæðuna.

Marel stefnir að því að ná 15-20% markaðshlutdeild á næstu 3-5 árum og 400-500 milljónum evra veltu. Þetta hyggst Marel ná með, sterkum innri vexti, stefnumótandi kaupum/samruna á tveimur til fjórum lykilmögum með góða vaxtarmöguleika og sterkum samlegðaráhrifum við Marel og með því að byggja upp bestu vöruna og þjónustuframboðið.

Velta Marel á árinu 2005 var 129 milljónir evra. Með kaupunum á AEW Delford og Scanvægt er gert ráð fyrir að ársvelta samstæðunnar á árinu 2007 rúmlega tvöfaldist frá árinu 2005.

Meðfylgjandi tafla sýnir helstu lykilstærðir úr reikningsskilum Marel.

Lykiltölur úr reikningsskilum Marel hf.	2006 1.1 -30.06	2005 1.1 -30.06	2005 1.1 -31.12	2004 1.1 -31.12	2003* 1.1.-31.12
Rekstur					
Sala	79.106	63.838	129.039	112.301	106.104
Framlegð	26.234	22.436	43.162	41.016	34.617
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	7.855	8.649	14.814	16.527	10.129
Rekstrarhagnaður (EBIT)	4.778	6.310	9.721	12.066	6.568
Hagnaður ársins	1.348	3.905	5.715	7.984	3.749
Sjóðstreymi					
Handbætt fé frá rekstri	(6.654)	2.712	2.987	13.207	4.724
Fjárfestingarhreyfingar	(33.526)	(3.634)	(10.180)	(6.389)	(1.955)
Fjármögnunarhreyfingar	72.254	797	7.210	(7.263)	(1.153)
Fjárhagsstaða					
Eignir samtals	193.007	104.774	114.890	95.482	81.334
Hreint veltufé	57.630	18.028	16.557	19.807	17.700
Eigið fé	40.378	37.048	41.032	31.595	25.167
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>					
Aðrar lykilstærðir					
Veltufjárhlutfall	2,0	1,5	1,4	1,6	1,7
Lausafjárhlutfall	1,2	0,6	0,6	0,7	0,8
Eiginfjárhlutfall	20,9%	35,4%	35,7%	33,1%	30,9%
Arðsemi eiginfjár	6,6%	23,5%	18,1%	30,5%	16,5%
Arðsemi eigna	1,8%	7,8%	5,4%	9,0%	4,6%
Hagnaður á hlut	0,6	1,7	2,42	3,40	1,59
Útþynntur hagnaður á hlut**	0,6	1,6	2,38	3,33	1,56
Arður á hverja krónu nafnverðs	-	-	0,20	0,15	0,10

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

AEW kom inn í reikninga Marel 7. apríl

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig fjármögnun félagsins var 30. júní 2006. Árs hlutareikningur 30. júní 2006 er kannaður af endurskoðendum félagsins en ekki endurskoðaður.

Eigið fé og skuldir Marel í lok júní 2006 voru 193 milljónir evra, þar af var eigið fé 40,4 milljónir evra og heildarskuldir samtals 152,6 milljónir evra. Vaxtaberandi skuldir Marel voru 110,2 milljónir evra í lok júní 2006.

Eiginfjárlutfall Marel 30. júní 2006 lækkaði nokkuð frá áramótum vegna umframlánsfjármögnunar og var 20,9% í lok tímabilsins. Með kaupnum á Scanvægt International A/S er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfallið hækki og verði um 30% í árslok 2006 að öllu öðru óbreyttu, þar sem hluti kaupverðsins verður greiddur með nýjum hlutum í Marel. Í kjölfar fyrirhugaðs hlutafjárútboðs þar sem áætlað er að selja allt að 75.000.000 nýja hluti er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfall Marel muni hækka enn frekar.

Fjármögnun og skuldastaða	30.6.2006
Hlutfé	2.637
Eigin hlutabréf	(12)
Yfirverðsreikningur hlutafjár	12.410
Varsasjóður	(911)
Óráðstafað eigið fé	26.254
Eigið fé samtals:	40.378
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	42.422
Vaxtaberandi lántökur:	
Langtímalán	90.266
Skammtímalán	19.941
Skuldir samtals	152.629
Eigið fé og skuldir samtals	193.007
Eiginfjárlutfall	21%

Fjárhæðir í þúsundum evra

Áhættuþættir

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu, Marel starfar á markaði þar sem fjölmargir þættir geta haft áhrif á rekstur og starfsemi félagsins. Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í hlutum í félaginu verði arðsöm.

Á meðal helstu áhættuþátta í rekstri Marel eru:

- Markaðsáhætta
- Rekstraráhætta
- Fjárfestingaráhætta
- Fjármögnunaráhætta
- Stjórnun og starfsmannaáhætta
- Lagaleg áhætta

Skjöl til sýnis

Samantekt þessi er í gildi 12 mánuði frá útgáfu. Á meðan samtektin er í gildi er hægt að nálgast eftirfarandi skjöl, sem vísað er í samantektinni, eða afrit þeirra hjá útgefanda:

- Ársreikningar Marel hf. fyrir árin 2003, 2004 og 2005. Áritun endurskoðenda Marel hf. er hluti af ársreikningum.
- Árs hlutareikningur 30. júní 2006 og 30. júní 2005. Könnunaráritun endurskoðenda Marel hf. er hluti af árs hlutareikningum.
- Samþykktir útgefanda.

- Ársreikningar Scanvægt International A/S, fyrir fjárhagsárin sem enda 2006, 2005 og 2004. Fjárhagsár Scanvægt International A/S er frá til 1. maí – 30. apríl. Áritun endurskoðenda Scanvægt International A/S er hluti af ársreikningnum.

Afrit af framangreindum gögnum er hægt að fá afhent í höfuðstöðvum útgefanda og á heimasíðu félagsins www.marel.is

Á meðan samantekt þessi er í gildi eru eftirfarandi skjöl til sýnis:

- Útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt má nálgast á vef Marel hf. www.marel.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. <http://news.icex.is>. Framangreind skjöl eru samþykkt og yfirfarin af Kauphöll Íslands hf.
- Samþykktir Marel hf. má nálgast á vef Marel hf. www.marel.is. og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. <http://news.icex.is>.
- Sögulegar fjárhagsupplýsingar Marel hf. síðastliðin þrjú ár, 2005, 2004 og 2003 og árshlutareikning 30. júní 2006 og 2005 er hægt að nálgast á vef Marel hf. www.marel.is.
- Sögulegar fjárhagsupplýsingar Scanvægt International A/S síðastliðin þrjú fjárhagsár sem enda 2006, 2005 og 2004 má nálgast á vef Marel hf. www.marel.is.



Verðbréfalýsing

Verðbréfalýsing

Vísað er í eftirfarandi skjöl í verðbréfalýsingunni

Á meðan verðbréfalýsing þessi er í gildi er hægt að nálgast eftirfarandi skjöl, sem vísað er í verðbréfalýsingu þessari, eða afrit af þeim hjá útgefanda:

- Ársreikningar Marel hf. fyrir árin 2003, 2004 og 2005. Áritun endurskoðanda er hluti af ársreikningum félagsins.
- Árshlutareikningur 30. júní 2006 og 30. júní 2005. Könnunaráritun endurskoðanda er hluti af árshlutareikningum.
- Samþykktir útgefanda.

Afrit af framangreindum gögnum er hægt að fá afhent í höfuðstöðvum útgefanda og á heimasíðu hans www.marel.is

Skjöl til sýnis

Á meðan verðbréfalýsing þessi er í gildi eru eftirfarandi skjöl til sýnis:

- Útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt má nálgast á vef Marel hf. www.marel.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. <http://news.icex.is>. Framangreind skjöl eru samþykkt og yfirfarin af Kauphöll Íslands hf.
- Samþykktir Marel hf. má nálgast á vef Marel hf. www.marel.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. <http://news.icex.is>.
- Sögulegar fjárhagsupplýsingar Marel hf. árin 2003, 2004 og 2005 og árshlutareikninga 30. júní 2005 og 2006 er hægt að nálgast á heimasíðu Marel hf. www.marel.is.

Tilkynning til fjárfesta

Útboð og skráning nýrra hluta í Marel hf. fer fram samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum. Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003, hefur verið innleidd í íslensk lög. Kauphöll Íslands hf. hefur heimild, samkvæmt samningi við Fjármálaeftirlitið (FME), til að fara yfir og samþykkja lýsingar. Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt og yfirfarið verðbréfalýsingu þessa.

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu sem samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu.

Verðbréfalýsing þessi er unnin af fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. í samvinnu við stjórn, framkvæmdastjórn og endurskoðendur Marel hf. Verðbréfalýsingin er gefin út vegna útboðs og skráningar á 75.000.000 nýrra hluta í Marel hf. og skráningar á 52.016.732 nýjum hlutum í Marel hf., sem afhentir verða hluthöfum í Scanvægt International S/A sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í Scanvægt International S/A.

Ekki er heimilt að dreifa verðbréfalýsingunni né öðrum skjölum sem mynda lýsinguna, með beinum eða óbeinum hætti þ.m.t. með tölvupósti, fíxi, síma eða í gegnum veraldarvefinn til Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan. Útboðinu er ekki beint til aðila í þessum löndum .

Hlutfjárútbóð á 75.000.000 nýrra hluta í Marel hf. mun fara fram dagana 13.–14. september 2006. Útboðið verður þrískipt; hluthöfum, á grundvelli forgangsréttar þeirra, verða boðnir 30.000.000 hluta til kaups, fagfjárfestum verða boðnir 30.000.000 hluta og loks verður almenningi boðnir 15.000.000 hluta til kaups .

Forgangsréttihafar eiga áskriftarrétt sem er hlutfallslegur miðað við hlutfjáreign þeirra eins og hún var skráð í hlutaskrá Marel hf. í lok dags 25. ágúst 2006. Hluthöfum hefur verið sent bréf með upplýsingum um hlutfjáreign í Marel hf., forgangsrétt í hlutfjárútbóðinu, gengi og greiðsluskilmála ásamt notendanafni og lykilorði til þess að þeir geti skráð áskrift sína rafrænt.

Við útgáfu lýsingarinnar er heildarfjöldi hluta í Marel 240.064.000 hlutir og eru allir hlutirnir skráðir á Aðallista Kauphallarinnar undir auðkenninu MARL. Eftir fyrirhugaða hækkun á hlutafé Marel hf. verður heildarfjöldi hluta 367.080.732 hlutir.

Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu nýrra hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en 29. september 2006. Hlutirnir verða skráðir á Aðallista Kauphallar Íslands hf. eigi síðar en 2. október 2006.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag hlutfjárútbóðsins er að finna í kafla 7 í verðbréfalýsingu þessari.

Í verðbréfalýsingunni á „Marel“, „samstæðan“ og „félagið“ við samstæðu Marel hf. og „Landsbankinn“ og „bankinn“ við Landsbanka Íslands hf. nema annað megi lesa af orðalagi eða samhengi.

Kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum um framtíðarhagnað. Verðbréfalýsingu þessa skal á engan hátt skoða sem loforð um árangur í rekstri eða ávöxtun fjármuna af hálfu Marel hf. eða Landsbanka Íslands hf. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efni verðbréfalýsingarinnar af kostgæfni. Þær upplýsingar sem birtar eru í verðbréfalýsingunni miðast við útgáfudag hennar. Marel hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu MARL og hlítir reglum Kauphallar Íslands hf. um viðvarandi upplýsingaskyldu. Fjárfestum er bent á að fylgjast með fréttum og tilkynningum sem kunna að birtast um Marel í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. frá og með útgáfudegi verðbréfalýsingarinnar.

Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum Marel hf. á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í útgefandalýsingu félagsins frá því í september 2006 og verðbréfalýsingu þessari. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutafé í Marel hf. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættuþætti Marel sem er að finna í 4. kafla verðbréfalýsingarinnar og 4. kafla útgefandalýsingarinnar frá september 2006.

Bent er á að Landsbankinn sér um viðskiptavakt á útgefnum hlutum í Marel, er einn af viðskiptabönkum félagsins og að bankinn hefur sölutryggt fyrirhugað hlutfjárútbóð að fullu á útboðsgengi.

Við útgáfu verðbréfalýsingarinnar er Landsbanki Íslands hf. eigandi að 79.293.122 hlutum í Marel hf. eða sem nemur 33% af heildarhlutafé Marel hf.

Starfsmönnum Landsbanka Íslands hf. er heimilt að taka þátt í forgangsréttar- og almenna hluta útboðsins að því tilskyldu að starfsmenn skrái áskriftir sínar á fyrsta degi útboðsins, þ.e. 13. september 2006, búi ekki yfir innherjaupplýsingum og uppfylli að öðru leyti skilyrði verklagsreglna Landsbankans. Aðrar upplýsingar en er að finna í verðbréfalýsingunni geta ekki talist samþykktar af Marel hf. eða umsjónaraðila verðbréfalýsingarinnar, fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf.

Efnisyfirlit

VERÐBRÉFALÝSING	1
1 ÁBYRGIR AÐILAR	4
2 LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR	4
3 UMSJÓNARAÐILI	4
4 ÁHÆTTUÞÆTTIR	5
4.1 ALMENN ÁHÆTTA HLUTABRÉFA.....	5
4.2 SELJANLEIKAÁHÆTTA.....	5
5 HELSTU UPPLÝSINGAR	6
5.1 VELTUFÉ, FJÁRMÖGNUN OG SKULDASTAÐA.....	6
5.2 HAGSMUNIR EINSTAKLINGA OG LÖGADILA SEM TENGJAST ÚTBOÐINU OG SKRÁNINGU NÝRRAHLUTA.....	6
5.3 RÁÐSTÓFUN NÝRRA HLUTA OG HREINT FJÁRSTREYMI TIL MAREL.....	7
5.4 KOSTNAÐUR VEGNA ÚTBOÐS OG SKRÁNINGAR Á NÝJUM HLUTUM.....	7
6 ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM HLUTAFÉ	8
6.1 STARFSEMI.....	8
6.2 SKRÁNING HLUTA.....	8
6.3 RÉTTINDI.....	8
6.4 ÁRÐGREIÐSLUR.....	9
6.5 HEIMILDIR TIL HLUTAFJÁRAUKNINGAR.....	9
6.6 HLUTHAFASAMKOMULAG.....	10
6.7 INNLAUSN.....	10
6.8 OPINBERT YFIRTÖKUTILBOÐ.....	10
6.9 VIÐSKIPTAVAKT.....	10
6.10 SKATTAR.....	11
7 SKILMÁLAR ÚTBOÐS	12
7.1 ÚTBOÐSFJÁRHÆÐ, SÖLUTÍMABIL OG GENGI.....	12
7.2 SÖLUFYRIRKOMULAG.....	12
7.3 ÚTBOÐSGENGI.....	13
7.4 SÖLUTRYGGING.....	13
7.5 RÁÐSTÓFUN.....	13
7.6 NIÐURSTÖÐUR ÚTBOÐSINS.....	13
7.7 GJALDDAGI.....	13
7.8 AFHENDING HLUTA.....	13
7.9 ÞYNNING.....	14
7.10 UMSJÓNARAÐILI ÚTBOÐSINS.....	14

1 Ábyrgir aðilar

Stjórnarformaður og forstjóri, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingar sem lýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Garðabær, 8. september 2006

f.h. stjórnar og Marel hf., Austurhrauni 9, 210 Garðabæ

Árni Oddur Þórðarson
stjórnarformaður

Hörður Arnarson
forstjóri

2 Löggiltir endurskoðendur

Löggiltir endurskoðendur Marel hf., á þeim tíma sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í verðbréfalýsingunni, eru PricewaterhouseCoopers hf., Skógarhlíð 12, Reykjavík og fyrir þeirra hönd Ólafur Þór Jóhannesson, Vesturvangi 14, Hafnarfirði, Þórir Ólafsson, Hálsaseli 33, Reykjavík og Gunnar Sigurðsson, Naustabryggju 54, Reykjavík.

Löggiltir endurskoðendur Marel hf. hafa ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leystir frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

3 Umsjónaraðili

Verðbréfalýsingi þessi er unnin af fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík, Ísland í samvinnu við útgefanda og endurskoðendur. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. er jafnframt umsjónaraðili útboðsins, sem verður dagana 13.–14. september 2006.

4 Áhættuþættir

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu, Marel starfar á markaði þar sem fjölmargir þættir geta haft áhrif á rekstur og starfsemi félagsins. Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í hlutum í félaginu verði arðsöm. Meðfylgjandi umfjöllun er ekki tæmandi fyrir þá áhættu sem fylgir fjárfestingum í hlutum í Marel. Fjárfestum er bent á að gera eigin kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í hlutum í Marel. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Marel hf. á eigin athugunum og greiningum á þeim upplýsingum sem fram koma í verðbréfalýsinguinni. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutafé í Marel hf.

4.1 Almenn áhætta hlutabréfa

Hlutabréf eru að öllu jöfnu áhættusamari en skuldabréf. Sú áhætta er einkum fólgin í því að verð á hlutabréfum sveiflast meira en verð skuldabréfa. Fjárfesting í hlutabréfum er þó að jafnaði arðsamari en fjárfesting í skuldabréfum þegar til lengri tíma er litið og kemur ávöxtunin fram með tvennum hætti. Í fyrsta lagi birtist hún sem breyting á verði eða gengi viðkomandi hlutabréfa og í öðru lagi geta eigendur hlutabréfa átt von á því að fá greiddan arð af hlutabréfaeign sinni.

Fjármála- og hlutabréfamarkaðir eru háðir því umhverfi sem stjórnvöld skapa á hverjum tíma. Miklar breytingar á því regluumhverfi sem stjórnvöld setja fjármála- og hlutabréfamörkuðum kunna að vera skaðlegar og skapa óróa á mörkuðum.

4.2 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta er skilgreind sem sú áhætta sem felst í því hversu auðvelt eða erfitt er að selja eign á verði sem næst raunvirði. Mælikvarði fyrir áhættuna er bilið á milli kaup- og sölutilboða á markaði. Áhættan er bæði fólgin í magni, þ.e. markaðurinn tekur ekki við því magni sem vilji er til að selja á raunvirði og verði þar sem mikið magn samkynja bréfa getur haft veruleg áhrif á verðmyndun bréfanna.

Við útgáfu verðbréfalýsingarinnar eru 30% hlutafjár Marel í eigu almennra fjárfesta. Almennir fjárfestar eru aðrir en stjórnarmenn, lykilstjórnendur, einstakir hluthafar sem eiga 10% eða meira og þeir sem eru fjárhagslega tengdir þeim, svo sem makar, sambýlingar og ófjárráða börn, svo og móður- og dótturfélög. Samkvæmt skráningarskilyrðum Kauphallar Íslands skal a.m.k. 25% hlutafjár skráðra félaga vera í eigu almennra fjárfesta.

5 Helstu upplýsingar

5.1 Veltufé, fjármögnun og skuldastaða

Stjórnarformaður og forstjóri Marel lýsa því yfir fyrir hönd félagsins að þeir telja að veltufé félagsins sé fullnægjandi og að ekki sé þörf á frekari lánsfjármögnun miðað við núverandi starfsemi og fyrirhugaðar fjárfestingar.

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig fjármögnun félagsins var 30. júní 2006. Árshlutareikningur 30. júní 2006 er kannaður af endurskoðendum félagsins en ekki endurskoðaður.

Eigið fé og skuldir Marel í lok júní 2006 voru 193 milljónir evra, þar af var eigið fé 40,4 milljónir evra og heildarskuldir samtals 152,6 milljónir evra. Heildarskuldir innifela tryggðar skuldir (kaupleiga og bankalán) sem voru 42,9 milljónir evra í lok júní 2006. Lántökur í banka eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar á eftirstöðvum skulda. Aðrar lántökur Marel eru ekki tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Vaxtaberandi skuldir Marel voru 110,2 milljónir evra í lok júní 2006.

Fjármögnun og skuldastaða	30.6.2006
Hlutafé	2.637
Eigin hlutabréf	(12)
Yfirverðsreikningur hlutafjár	12.410
Varasjóður	(911)
Óráðstafað eigið fé	26.254
Eigið fé samtals:	40.378
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	42.422
Vaxtaberandi lántökur:	
Langtímalán	90.266
Skammtímalán	19.941
Skuldir samtals	152.629
Eigið fé og skuldir samtals	193.007
Eiginfjárlutfall	21%

Fjárhæðir í þúsundum evra

Í febrúar 2006 gaf Marel út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir 6 milljarða króna eða sem samsvarar 70,8 milljónum evra. Skuldabréfin eru verðtryggð vaxtagreiðslubréf til sex ára með gjalddaga höfuðstóls 8. febrúar 2012. Fastir vextir bréfanna eru 6,0%. Andvirði skuldabréfanna var ráðstafað til vaxtar félagsins þ.m.t. til kaupa á rekstri og eignum AEW Thurne og Delford Sortaweigh, fjárfestingar í LME ehf. og kaupa á Scanvægt International A/S.

Eiginfjárlutfall Marel 30. júní 2006 lækkaði nokkuð frá áramótum vegna umframlánsfjármögnunar og var 20,9% í lok tímabilsins. Með kaupunum á Scanvægt International A/S er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfallið hækki og verði um 30% í árslok 2006 að öllu öðru óbreyttu, þar sem hluti kaupverðsins verður greiddur með nýjum hlutum í Marel. Í kjölfar fyrirhugaðs hlutafjárútboðs þar sem áætlað er að selja allt að 75.000.000 nýja hluti er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfall Marel muni hækka enn frekar.

Marel hefur sett sér það markmið að eiginfjárlutfall félagsins sé að lágmarki 25% til lengri tíma. Eiginfjárlutfall við árslok 2005 var 35,7% samanborið við 33,1% árið 2004 og 30,9% árið 2003.

5.2 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útboðinu og skráningu nýrra hluta

Umsjónaraðili útboðsins og útgáfu verðbréfalýsingarinnar er fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. Landsbanki Íslands hf. er einn af viðskiptabönkum Marel hf. Landsbankinn sér jafnframt um viðskiptavakt á hlutum í Marel og hefur sölutryggt fyrirhugað hlutafjárútboð félagsins að fullu á útboðsgengi.

Við útgáfu verðbréfalýsingarinnar er Landsbankinn eigandi að 79.293.122 hlutum í Marel eða sem nemur 33% af heildarhlutafé Marel.

Athygli er vakin á því að Scanvægt Holding ApS, eignarhaldsfélag í eigu seljenda Scanvægt International A/S, verða afhentir 52.016.732 hluti í Marel sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í Scanvægt International A/S. Scanvægt Holding ApS hefur skuldbundið sig til að selja ekki meira en 20% af eignarhluta sínum í Marel innan eins árs frá afhendingu þeirra, nema að fengnu leyfi frá stjórn Marel hf.

5.3 Ráðstöfun nýrra hluta og hreint fjárstreymi til Marel

Hækkun um 52.016.732 nýja hluti verður afhent hluthöfum Scanvægt International A/S sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í Scanvægt International A/S. Ekkert fjárstreymi verður til félagsins vegna þessarar hækkunar.

Hreint fjárstreymi vegna fyrirhugaðs útboðs á 75.000.000 hluta á genginu 74 krónur fyrir hvern hlut er 5.300 milljónir króna og verður ráðstafað til að fjármagna enn frekari vöxt félagsins.

5.4 Kostnaður vegna útboðs og skráningar á nýjum hlutum

Heildarþóknun fyrir sölutryggingu útboðsins og sölu og skráningu hins nýja hlutafjár er áætluð um 250 milljónir króna. Landsbankinn áætlar að framangreind þóknun skiptist með þeim hætti að 50% hennar sé vegna sölutryggingar og 50% vegna sölu og skráningar hlutafjárins.

6 Almennar upplýsingar um hlutafé

6.1 Starfsemi

Marel starfar samkvæmt lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Útboð og skráning nýrra hluta í Marel hf. fer fram samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum. Tilskipun Evrópuþingsins og –ráðsins. nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003, hefur verið innleidd í íslensk lög.

6.2 Skráning hluta

Allir útgefnir hlutir í Marel eru skráðir á Aðallista Kauphallar Íslands hf. Hlutir í Marel hafa verið skráðir á Aðallista Kauphallar Íslands hf. frá 29. júní 1992. Auðkenni hlutanna í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf. er MARL og viðskiptalota, þ.e. minnsti fjöldi hluta sem þarf til þátttöku í myndun verðs, er 1.000 hlutir.

Ekki liggja fyrir ákvarðanir um að sækja um skráningu á hlutum í Marel í annarri kauphöll en Kauphöll Íslands hf.

Samkvæmt grein 2.09 í samþykktum félagsins er stjórn félagsins heimilt að gefa út hlutabréf með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Hlutir í Marel eru gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík. Auðkenni hlutanna er MARL og ISIN númer þeirra er IS0000000388. Allir hlutir útgefanda eru skráðir á nafn og kennitölu hluthafa.

Þessi verðbréfalýsing er gefin út vegna afhendingar á 52.016.732 nýjum hlutum til hluthafa í Scanvægt International A/S og fyrirhugaðs hlutafjárútboð Marel dagana 13. – 14. september 2006 þar sem boðnir verða 75.000.000 nýrra hluta.

Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu nýrra hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en 29. september 2006. Hlutirnir verða skráðir í Kauphöll Íslands hf. eigi síðar en 2. október 2006.

6.3 Réttindi

Allir hlutir í Marel eru í einum flokki og skiptast í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Engin sérréttindi fylgja hlutum og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema við slit á félaginu. Tillögur um slit á félaginu og framkvæmd þeirra skal fara fram samkvæmt, XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Allir hlutir í Marel eru að fullu greiddir og útgefnir í íslenskum krónum.

Samkvæmt grein 2.06 í samþykktum Marel eru hluthafar skyldir, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru núna eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

Engar takmarkanir eða hömlur eru lagðar á rétt hluthafa um meðferð þeirra á hlutum sínum. Hluti í félaginu má veðsetja nema annað leiði að lögum. Eigendaskipti að hlutum, hvort sem er vegna sölu, gjafar, erfðar, búskipta eða aðfarar og ákvæði 22. og 23 gr. laga nr. 2/1995 eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja hluthafa fært í

hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og færir sönnur á þau, enda skal slík tilkynning fara fram eins fljótt og kostur er.

Hluthafafundur einn getur ákveðið aukningu hlutfjár í félaginu hvort sem um er að ræða útgáfu jöfnunarhlutabréfa eða með áskrift nýrra hluta. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína, hafi þeir ekki framselt áskriftarrétt sinn til hækkunar hlutfjár. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu sbr. 3. mgr. 34 gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög.

Hlutaskrá, samanber ákvæði laga 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um bústaðaskipti.

Um önnur réttindi vísast í samþykktir Marel, lög nr. 2/1995, um hlutfélög og önnur lagaákvæði er geta átt við.

6.4 Arðgreiðslur

Samkvæmt grein 2.05 í samþykktum félagsins getur hluthafi vitjað arðs á skrifstofu félagsins innan þriggja ára frá því hann varð gjaldkræfur, en geri hann það ekki fellur arðurinn til félagsins.

Ákvörðun um greiðslu arðs og gjalddaga hans er tekin á aðalfundi félagsins að fenginni tillögu frá stjórn félagsins.

Meðfylgjandi tafla sýnir arð Marel á árunum 2003-2005 sem greiddur er út á árunum 2004-2006.

Samkvæmt venju skal arður greiddur þeim sem skráðir eru í hlutaskrá í lok aðalfundardags nema félaginu hafi borist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutar.

Arður er greiddur inn á bankareikning sem hluthafar hafa tilgreint sem ráðstöfunarreikning fyrir arðgreiðslur og er tengdur VS-reikningi þeirra. Stefna Marel er að útgreiðsla arðs fari fram einni viku eftir dagsetningu aðalfundar. Marel hefur ekki fastmótaða stefnu varðandi arðgreiðslur en undanfarin þrjú ár hefur Marel greitt út arð á bilinu 10–20% af nafnverði hlutfjár.

Ár	Arður á hlut	Fjárhæð**	Hlutfall af heildarfjöldu hluta
2005	0,20	601	20%
2004	0,15	590	15%
2003	0,10	407	10%

**Fjárhæðir í þúsundum evra og verðlagi hvers árs

6.5 Heimildir til hlutfjárukningar

Á aðalfundi Marel, 28. febrúar 2006, var stjórn félagsins veitt heimild til að hækka hlutfé félagsins í áföngum eða í einu lagi um allt að kr. 12.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta ekki forgangs til áskriftar á þessum nýju hlutum sem nýttir skulu til að uppfylla kaupréttarsamninga sem gerðir verða við starfsmenn og fleiri samkvæmt þeirri kaupréttaráætlun sem gildir innan félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem stjórn félagsins eða forstjóri gera við hlutaðeigandi. Gildir heimild þessi í 5 ár frá samþykki hennar.

Á hluthafafundi 18. ágúst 2006 var stjórn félagsins veitt heimild til að hækka hlutfé félagsins um allt að 172.016.732 hluti. Um er að ræða þrjár heimildir:

1. Heimild til handa stjórn til að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 52.016.732,- að nafnverði. Hlutirnir verða gefnir út og afhentir hluthöfum í Scanvægt International A/S sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í Scanvægt International A/S. Heimild þessi gildir í 6 mánuði. Réttindi skulu fylgja hlutunum frá skráningardegi hækkunarinnar. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til kaupa á framangreindum hlutum.
2. Heimild til handa stjórn félagsins að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 60.000.000,- að nafnverði. Hlutirnir verði seldir fjárfestum í hlutfjárútboði. Heimildin er í tveimur liðum:
 - a. Heimild stjórnar til að hækka hlutfé félagsins um allt að 30.000.000,- að nafnverði. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til kaupa á þessum hlutum sem seldir verða í lokuðu hlutfjárútboði til fagfjárfesta.

Stjórn er veitt heimild til að útluta þeim hluta heimildarinnar sem ekki fæst áskrift fyrir til forgangsréttarhafa

b. Heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 30.000.000,- að nafnvirði sem seldir verða í hlutafjárútbóði til forgangsréttarhafa.

Réttindi skulu fylgja hlutunum frá skráningardegi hækkunarinnar. Stjórn er veitt heimild til að ákveða söluskilmála og útfæra sölu hinna nýju hluta. Heimild þessi gildir í 12 mánuði frá samþykki hennar.

3. Heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutafé þess um allt að kr. 60.000.000,- að nafnvirði til að ráðstafa sem greiðslu fyrir hluti í öðrum félögum eða til að fjármagna ytri vöxt Marel hf. Hluthafar skulu falla frá forkaupsrétti að hluta eða að öllu leyti. Réttindi skulu fylgja hlutunum frá skráningardegi hækkunarinnar. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykki hennar.

Heimildir til hækkunar eftir fyrirhugað hlutafjárútbóð og hækkun hlutafjár vegna Scanvægt

Marel hefur heimild samkvæmt samþykktum að hækka hlutafé um allt að 12.000.000 hluta og selja starfsmönnum í tengslum við kaupréttarsamninga. Jafnframt mun félagið eiga heimild samkvæmt samþykktum til að hækka hlutafé um allt að 45.000.000 hluta og ráðstafa sem greiðslu fyrir hluti í öðrum félögum eða til að fjármagna ytri vöxt Marel.

6.6 Hluthafasamkomulag

Marel er hvorki kunnugt um að samkomulag sé milli hluthafa félagsins um meðferð atkvæða né að hluthafar hafi skuldbundið sig til að selja ekki hlutabréf sín í ákveðinn tíma ef frá eru taldir hlutir sem afhentir verða Scanvægt Holding ApS, vegna kaup Marel á öllu hlutafé Scanvægt International A/S. Scanvægt Holding ApS hefur skuldbundið sig til að selja ekki meira en 20% af eignarhluta sínum í Marel innan eins árs frá afhendingu þeirra, nema að fengnu leyfi frá stjórn Marel hf.

6.7 Innlausn

Samkvæmt 24. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög getur hluthafi sem á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni ákveðið að aðrir hluthafar þurfi að sæta innlausn á hlutum sínum. Enginn einn hluthafi fer með yfir 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í Marel.

6.8 Opinbert yfirtökutilboð

Hluthöfum Marel hefur ekki borist opinbert yfirtökutilboð frá þriðja aðila í hluti þeirra í félaginu, hvorki á yfirstandandi fjárhagsári né því síðastliðnu.

6.9 Viðskiptavakt

Marel hf. er með samning við Landsbanka Íslands hf. um viðskiptavakt á útgefnum hlutbréfum félagsins. Tilgangurinn með viðskiptavaktinni er að efla viðskipti með hlutabréf Marel í Kauphöll Íslands hf. í því skyni að verðmyndun verði með skilvirkum og gegnsæjum hætti.

Samningur felur í sér að Landsbankinn mun daglega setja fram kaup- og sölutilboð í hlutabréf Marel, fyrir eigin reikning. Tilboðin, annars vegar kautilboð og hins vegar sölutilboð, skulu vera hvort um sig að lágmarki 100.000 hlutir. Tilboðin skulu endurnýjuð innan 15 mínútna eftir að þeim er tekið að fullu. Hámarksmunur á kaup- og

sölutilboðum skal ekki vera meiri en 1,5%. Hámarksfjárhæð sem Landsbankinn er skuldbundinn til að kaupa eða selja á hverjum degi er 75 milljónir króna að markaðsverði.

6.10 Skattar

Skattaleg meðferð hluta í Marel fer eftir gildandi skattalögum hverju sinni. Hlutir í félaginu eru stimpilskyldir og greiðir félagið af þeim stimpilgjöld við útgáfu.

Marel er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum sbr. 2. mgr. 3. grein laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

7 Skilmálar útboðs

7.1 Útboðsfjárhæð, sölutímabil og gengi

Á fundi stjórnar Marel hf., æm haldinn var þann 24. ágúst 2006, var tekin ákvörðun um að nýta heimild í samþykktum félagsins til að hækka hlutafé um 75.000.000 hluta og selja fjárfestum í útboði. Hlutfjárútboðið verður þrískipt, útboð til forgangsréttarhafa, fagfjárfesta og almennings. Útboðsgengið er 74 krónur fyrir hvern hlut.

Hlutfjárútboðið hefst klukkan 9:00 miðvikudaginn 13. september 2006 og stendur til klukkan 16:00 fimmtudaginn 14. september 2006.

7.2 Sölufyrirkomulag

Forgangsréttarútboð – skráning áskrifta, framsal og umframáskrift

Hluthöfum Marel verða alls boðnir 30.000.000 nýrra hluta til kaups og er áskriftarréttur hlutfallslegur miðað við hlutfjáreign þeirra eins og hún var skráð í hlutaskrá Marel í lok föstudagsins 25. ágúst 2006. Hluthöfum er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en sem nemur forgangsrétti þeirra og verður ónýttum forgangsréttarhlutum útteilt í hlutfalli við forgangsrétt þeirra sem þess óska. Hluthöfum er heimilt að framselja forgangsrétt sinn að hluta eða í heild en réttur til umframáskriftar er ekki framseljanlegur.

Áskriftum er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Aðeins forgangsréttarhafar geta skráð áskrift í þessum hluta útboðsins og þá aðeins að þeir geti gert grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði sem þeir fá sent í pósti. Í útboði til forgangsréttarhafa er rafræn staðfesting skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.

Fagfjárfestaútboð - skráning áskrifta

Alls verða 30.000.000 hluta boðnir fagfjárfestum til kaups. Einungis þeir sem eru fagfjárfestar samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. 1. mgr. 7. tl. laga nr 33/2003, um verðbréfavíðskipti, hafa heimild til að taka þátt í þessum hluta útboðsins.

Fagfjárfestar skila inn bindandi áskrift á þar til gerðum áskriftareyðublöðum sem hægt er að nálgast hjá verðbréfamiðlun, fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. og vef Landsbankans, www.landsbanki.is. Stjórn Marel hefur heimild til að hafna áskriftum í þessum hluta útboðsins í heild eða að hluta. Verði ekki næg eftirspurn í útboðinu til fagfjárfesta hefur stjórn Marel heimild til að úthluta óseldum hlutum til forgangsréttarhafa.

Þeir fagfjárfestar sem fá úthlutað hlutum í útboðinu verður send tilkynning um samþykki stjórnar á áskrift þeirra í lok útboðsins.

Almennt útboð - framsal, umframáskrift og skráning áskriftar

Alls verða 15.000.000 nýrra hluta seldir í almennu útboði. Í þessum hluta getur hver fjárfestir skráð sig að hámarki fyrir 10.000 hlutum eða 740.000 krónum að markaðsverði. Ef til umframáskriftar kemur skerðist hámarks fjöldi hluta sem hverjum áskrifanda er heimilt að kaupa þar til heildarfjöldi seldra hluta er kominn niður í þann fjölda hluta sem er til sölu í þessum hluta útboðsins. Skerðing er því ekki hlutfallsleg. Verði eftirspurn í almenna hluta útboðsins ekki næg hefur stjórn Marel heimild til að úthluta óseldum hlutum til forgangsréttarhafa.

Áskriftum í almenna útboðinu er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.

Forgangsréttarhafar og fagfjárfestar hafa fulla heimild til þátttöku í almenna útboðinu án tillits til þátttöku þeirra í öðrum hlutum útboðsins.

7.3 Útboðsgengi

Útboðsgengið er 74 krónur fyrir hvern hlut.

Hjá Marel eru tvær kaupréttaráætlanir í gangi. Fyrri áætluninni var komið á laggirnar í ársbyrjun 2001 og þeirri síðari í febrúar 2006.

Við útgáfu verðbréfalýsingarinnar eru 4.207.000 hlutir útistandandi samkvæmt kaupréttaráætlun frá ársbyrjun 2001. Kaupréttargengið er 42 krónur á hlut, sem samsvaraði markaðsverði á þeim tíma. Allir hlutir samkvæmt framgreindri áætlun voru innleysanlegir í árslok 2005. Útistandandi kauprétti er hægt að flytja milli ára en þeir renna út í apríl 2007.

Alls hefur 12.220.000 hlutum verið úthlutað samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins frá febrúar 2006. Kaupréttargengið var 70 krónur á hvern hlut sem samsvaraði markaðsverði á þeim tíma.

Stærsti hluthafi Marel, Eyfir Invest, keypti 10.000.000 hluta á markaði 23. ágúst 2006 á genginu 85 krónur á hlut.

7.4 Sölutrygging

Landsbanki Íslands hf. hefur sölutryggt hlutfjárútboðið að fullu á útboðsgengi, samningur þar um var undirritaður 3. apríl 2006.

7.5 Ráðstöfun

Andvirði hlutfjárútboðsins mun verða notað til að fjármagna frekari vöxt félagsins.

7.6 Niðurstöður útboðsins

Niðurstöður útboðsins verða birtar í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. fyrir klukkan 10:00 þann 15. september 2006.

7.7 Gjaldlagi

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Greiðslufyrirmæli verða send kaupendum í kjölfar áskriftartímabilsins í formi greiðsluseðla. Gjaldlagi greiðsluseðla er 22. september 2006.

Hlutir sem kunna að vera ógreiddir eftir gjalddaga, 22. september 2006, má stjórn Marel hf. hvort heldur sem er innheimta með dráttarvöxtum og kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

7.8 Afhending hluta

Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu nýrra hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en 29. september 2006. Hlutirnir verða skráðir hjá Kauphöll Íslands hf. eigi síðar en 2. október 2006.

7.9 Þynning

Við útgáfu verðbréfalýsingarinnar er heildarfjöldi hluta í Marel 240.064.000 hlutir. Fyrirhuguð hækkun á hlutafé Marel er samtals 127.016.732 hlutir og verður því heildarfjöldi hluta í Marel eftir framangreinda hækkun samtals 367.080.732 hlutir.

Stjórn Marel hefur ákveðið að 52.016.732 hlutir verði afhentir seljendum Scanvægt International A/S, 30.000.000 hluta verði boðnir forgangsréttarhöfum, 30.000.000 hluta verði boðnir fagfjárfestum til kaups og 15.000.000 hluta verða seldir í almennu útboði.

Ef gert er ráð fyrir að forgangsréttarhafi nýti sér forgangsrétt sinn í útboðinu að fullu, en taki ekki þátt í öðrum hlutum útboðsins, mun hlutfallsleg þynning á hlut hans í Marel vera 26,4%. Heildarfjöldi hluta sem boðnir eru öðrum en forgangsréttarhöfum eru 97.016.732 hlutir.

Ef forgangsréttarhafi nýtir ekki rétt sinn í forgangsréttarútboðinu eða tekur þátt í öðrum hlutum útboðsins mun hlutfallsleg þynning á hlut hans vera 34,6%.

7.10 Umsjónaraðili útboðsins

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík

Útgefandalýsing



Útgefandalýsing

Vísað er í eftirfarandi skjöl í útgefandalýsingunni

Útgefandalýsingin er í gildi í 12 mánuði frá útgáfu. Á gildistímanum er hægt að nálgast eftirfarandi skjöl, sem vísað er í útgefandalýsingunni, eða afrit þeirra hjá útgefanda:

- Ársreikningar Marel hf. fyrir árin 2003, 2004 og 2005. Áritun endurskoðenda Marel hf. er hluti af ársreikningum.
- Árshlutareikningur 30. júní 2006 og 30. júní 2005. Könnunaráritun endurskoðenda Marel hf. er hluti af árshlutareikningum.
- Samþykktir útgefanda.
- Ársreikningar Scanvægt International A/S, fyrir fjárhagsárin 2005, 2004 og 2003. Fjárhagsár Scanvægt International A/S er frá 30. apríl til 1. maí. Áritun endurskoðenda Scanvægt International A/S er hluti af ársreikningnum.

Afrit af framangreindum gögnum er hægt að fá afhent í höfuðstöðvum útgefanda og á heimasíðu félagsins www.marel.is

Skjöl til sýnis

Á meðan útgefandalýsing þessi er í gildi eru eftirfarandi skjöl til sýnis:

- Útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt má nálgast á vef Marel hf. www.marel.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. <http://news.icex.is>. Framangreind skjöl eru samþykkt og yfirfarin af Kauphöll Íslands hf.
- Samþykktir Marel hf. má nálgast á vef Marel hf. www.marel.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. <http://news.icex.is>.
- Sögulegar fjárhagsupplýsingar Marel hf. síðastliðin þrjú ár, 2005, 2004 og 2003 og árshlutareikning 30. júní 2006 og 2005 er hægt að nálgast á vef Marel hf. www.marel.is.
- Sögulegar fjárhagsupplýsingar Scanvægt International A/S síðastliðin þrjú fjárhagsár, 2005, 2004 og 2003 má nálgast á vef Marel hf. www.marel.is.

Tilkynning til fjárfesta

Heildarfjöldi hluta í Marel hf. eru 240.064.000 hlutir. Allir hlutir eru í einum flokki og skiptast í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Allir hlutir í Marel eru að fullu greiddir.

Útboð og skráning nýrra hluta í Marel hf. fer fram samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum. Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 hefur verið innleidd í íslensk lög. Kauphöll Íslands

hf. hefur heimild, samkvæmt samningi við Fjármálaeftirlitið (FME), til að fara yfir og samþykkja lýsingar. Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt og yfirfarið útgefandalýsingu þessa.

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu sem samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu.

Útgefandalýsing þessi er unnin af fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. í samvinnu við stjórn, framkvæmdastjórn og endurskoðendur Marel hf. Útgefandalýsingin er gefin út vegna útboðs og skráningar á 75.000.000 nýrra hluta í Marel hf. og skráningar á 52.016.732 nýjum hlutum í Marel hf. sem afhentir verða hluthöfum í Scanvægt International S/A sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í Scanvægt International S/A.

Hlutafjárútboð á samtals 75.000.000 nýrra hluta Marel hf. mun fara fram dagana 13.–14. september 2006. Útboðið verður þrjúþætt, hluthöfum á grundvelli forgangsréttar þeirra verða boðnir 30.000.000 hluta til kaups, fagfjárfestum verða boðnir 30.000.000 hluta og loks verður almennum fjárfestum boðnir 15.000.000 hluta. Tilgangur útboðsins er að styðja við frekari vöxt Marel.

Forgangsréttarhafar eiga áskriftarrétt sem er hlutfallslegur miðað við hlutafjareign þeirra eins og hún er skráð í hlutaskrá Marel hf. í lok dags 25. ágúst 2006. Hluthöfum hefur verið sent bréf með upplýsingum um hlutafjareign í Marel hf., forgangsrétt í hlutafjárútboðinu, gengi og greiðsluskilmála ásamt notandanafni og lykilorði til þess að þeir geti skráð áskrift sína rafrænt.

Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu nýrra hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en 29. september 2006. Hlutirnir verða skráðir hjá Kauphöll Íslands hf. eigi síðar en 2. október 2006.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag hlutafjárútboðsins er að finna í verðbréfalýsingu Marel hf.

Í útgefandalýsingunni á „Marel“, „samstæðan“ og „félagið“ við samstæðu Marel hf. og „Landsbankinn“ og „bankinn“ við Landsbanka Íslands hf. nema annað megi lesa af orðalagi eða samhengi.

Kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum um framtíðarhagnað. Útgefandalýsingu þessa skal á engan hátt skoða sem loforð um árangur í rekstri eða ávöxtun fjármuna af hálfu Marel hf. eða Landsbanka Íslands hf. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efni útgefandalýsingarinnar af kostgæfni. Þær upplýsingar sem birtar eru í útgefandalýsingunni miðast við útgáfudag hennar. Marel hf. er skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. undir auðkenninu MARL og hlítir reglum Kauphallar Íslands hf. um viðvarandi upplýsingaskyldu. Fjárfestum er bent á að fylgjast með fréttum og tilkynningum sem kunna að birtast um Marel í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. frá og með útgáfudegi útgefandalýsingarinnar.

Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum Marel hf. á eigin athugunum og greiningum á þeim upplýsingum sem fram koma í útgefandalýsingunni. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutafé í Marel hf. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættuþætti Marel sem er að finna í 4. kafla útgefandalýsingarinnar.

Bent er á að umsjónaraðili útgefandalýsingarinnar, fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., er hluti af verðbréfasviði Landsbanka Íslands hf., en Landsbanki Íslands hf. er einn af viðskiptabönkum Marel hf. Við útgáfu útgefandalýsingarinnar er Landsbanki Íslands hf. skráður eigandi að 79.293.122 hlutum í Marel hf. eða sem nemur 33% af heildarhlutafé Marel hf.

Aðrar upplýsingar en er að finna í útgefandalýsingunni geta ekki talist samþykktar af Marel hf. eða umsjónaraðila útgefandalýsingarinnar, fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf.

Efnisyfirlit

ÚTGEFANDALÝSING.....	1
1 ÁBYRGIR AÐILAR	5
2 LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR.....	5
3 UMSJÓNARAÐILI.....	5
4 VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR	6
5 ÁHÆTTUPÆTTIR.....	7
5.1 ALMENN ÁHÆTTA HLUTABR ÉFA.....	7
5.2 MARKADSÁHÆTTA.....	7
5.3 REKSTRARÁHÆTTA.....	9
5.4 FJÁRFESTINGARÁHÆTTA.....	10
5.5 FJÁRMÖGNUNARÁHÆTTA.....	10
5.6 ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR	11
5.7 STJÓRNUNAR - OG STARFSMANNAÁHÆTTA.....	11
5.8 LAGALEG ÁHÆTTA	11
5.9 DÓMSMÁL OG GERÐARDÓMSMÁL.....	12
5.10 SKATTAÁHÆTTA.....	12
5.11 TRYGGINGAR OG ÁBYRGÐIR.....	12
5.12 SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGSREIKNINGS.....	12
6 UPPLÝSINGAR UM MAREL	13
6.1 SAGA OG ÞRÓUN.....	13
7 FJÁRFESTINGAR	16
7.1 SCANVÆGT INTERNATIONAL A/S.....	16
7.2 AEW DELFORD SYSTEMS LTD.....	18
7.3 LME EHF.....	18
7.4 AÐRAR FJÁRFESTINGAR	19
7.5 FRAMTÍÐARFJÁRFESTINGAR	19
8 SKIPULAG OG STARFSEMI	20
8.1 SKIPULAG.....	20
8.2 STARFSEMI.....	20
9 HORFUR OG FRAMTÍÐARSÝN.....	27
9.1 HORFUR.....	27
9.2 FRAMTÍÐARSÝN	27
10 STJÓRNARHÆTTIR, STJÓRN OG STARFSMENN.....	29
10.1 STJÓRNARHÆTTIR.....	29
10.2 STJÓRN, FORSTJÓRI OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR.....	29
10.3 STARFSMENN.....	34
10.4 KAUPRÉTTARKERFI.....	35

11	HLUTAFÉ OG HLUTHAFAR	36
11.1	HLUTAFÉ.....	36
11.2	HLUTHAFAR	37
11.3	STOFNSAMNINGUR OG SAMÞYKKTIR MAREL HF.....	39
12	AFKOMA OG EFNAHAGUR	41
12.1	ÁRSHLUTA- OG ÁRSREIKNINGAR – REKSTUR	42
12.2	ÁRSHLUTA- OG ÁRSREIKNINGAR – EFNAHAGUR.....	44
12.3	ÁRSHLUTA- OG ÁRSREIKNINGAR – SJÓÐSTREYMI.....	46

1 Ábyrgir aðilar

Stjórnarformaður og forstjóri, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingar sem útgefandalýsing þessi hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Garðabær, 8. september 2006

f.h. stjórnar og Marel hf., Austurhrauni 9, 210 Garðabær

Árni Oddur Þórðarson
stjórnarformaður

Hörður Arnarson
forstjóri

2 Löggiltir endurskoðendur

Löggiltir endurskoðendur Marel hf., á þeim tíma sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í útgefandalýsingunni, eru PricewaterhouseCoopers hf., Skógarhlíð 12, Reykjavík og fyrir þeirra hönd Ólafur Þór Jóhannesson, Vesturvangi 14, Hafnarfirði, Þórir Ólafsson, Hálsaseli 33, Reykjavík og Gunnar Sigurðsson, Naustabryggju 54, Reykjavík.

Löggiltir endurskoðendur Marel hf. hafa ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leystir frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

Löggiltir endurskoðendur Scanvægt International A/S, á þeim tíma sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í útgefandalýsingunni, eru PricewaterhouseCoopers, Arhus, Danmörku og fyrir þeirra hönd Torben Mæhlisen, Susanne Varrisboel og Kim Tost.

Löggiltir endurskoðendur Scanvægt International A/S hafa ekki sagt starfi sínu lausu eða verið leystir frá störfum á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

3 Umsjónaraðili

Útgefandalýsing þessi er unnin af fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík, Ísland í samvinnu við útgefanda og endurskoðendur.

4 Valdar fjárhagsupplýsingar

Meðfylgjandi tafla sýnir valdar fjárhagsupplýsingar úr samstæðuuppgjöri Marel hf. Upplýsingarnar eru frá árunum 2003, 2004 og 2005 og hálfársuppgjörum 2005 og 2006. Frekari umfjöllun um reikninga Marel er að finna í 11. kafla í útgefandalýsingunni.

Lykiltölur úr reikningsskilum Marel hf.	2006	2005	2005	2004	2003*
	1.1-30.06	1.1-30.06	1.1-31.12	1.1-31.12	1.1-31.12
Rekstur					
Sala	79.106	63.838	129.039	112.301	106.104
Framlegð	26.234	22.436	43.162	41.016	34.617
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	7.855	8.649	14.814	16.527	10.129
Rekstrarhagnaður (EBIT)	4.778	6.310	9.721	12.066	6.568
Hagnaður ársins	1.348	3.905	5.715	7.984	3.749
Sjóðstreymi					
Handbært fé frá rekstri	(6.654)	2.712	2.987	13.207	4.724
Fjárfestingarhreyfingar	(33.526)	(3.634)	(10.180)	(6.389)	(1.955)
Fjármögnunarahreyfingar	72.254	797	7.210	(7.263)	(1.153)
Fjárhagsstaða					
Eignir samtals	193.007	104.774	114.890	95.482	81.334
Hreint veltufé	57.630	18.028	16.557	19.807	17.700
Eigið fé	40.378	37.048	41.032	31.595	25.167
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>					
Aðrar lykilstærðir					
Veltufjárlutfall	2,0	1,5	1,4	1,6	1,7
Lausafjárlutfall	1,2	0,6	0,6	0,7	0,8
Eiginfjárlutfall	20,9%	35,4%	35,7%	33,1%	30,9%
Arðsemi eiginfjár	6,6%	23,5%	18,1%	30,5%	16,5%
Arðsemi eigna	1,8%	7,8%	5,4%	9,0%	4,6%
Hagnaður á hlut	0,6	1,7	2,42	3,40	1,59
Útþynntur hagnaður á hlut**	0,6	1,6	2,38	3,33	1,56
Arður á hverja krónu nafnverðs	-	-	0,20	0,15	0,10

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

AEW kom inn í reikninga Marel 7. apríl

5 Áhættuþættir

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu. Marel starfar á markaði þar sem fjölmargir þættir geta haft áhrif á rekstur og starfsemi félagsins. Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í hlutum í félaginu verði arðsöm. Meðfylgjandi umfjöllun er ekki tæmandi fyrir þá áhættu sem fylgir fjárfestingum í hlutum í Marel. Fjárfestum er bent á að gera eigin kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í hlutum í Marel.

5.1 Almenn áhætta hlutabréfa

Hlutabréf eru að öllu jöfnu áhættusamari en skuldabréf. Sú áhætta er einkum fólgin í því að verð á hlutabréfum sveiflast meira en verð skuldabréfa. Fjárfesting í hlutabréfum er þó að jafnaði arðsamari en fjárfesting í skuldabréfum þegar til lengri tíma er litið og kemur ávöxtunin fram með tvennum hætti. Í fyrsta lagi birtist hún sem breyting á verði eða gengi viðkomandi hlutabréfa og í öðru lagi geta eigendur hlutafélaga átt von á því að fá greiddan arð af hlutabréfaeign sinni.

Fjármála- og hlutabréfamarkaðir eru háðir því umhverfi sem stjórnvöld skapa á hverjum tíma. Miklar breytingar á því regluumhverfi sem stjórnvöld setja fjármála- og hlutabréfamörkuðum kunna að vera skaðlegar og skapa óróa á mörkuðum.

Seljanleikaáhætta er skilgreind sem sú áhætta sem felst í því hversu auðvelt eða erfitt er að selja eign á verði sem næst raunvirði. Mælikvarði þessarar áhættu er bilið á milli kaup- og sölutilboða á markaði. Áhættan er bæði fólgin í magni, þ.e. markaðurinn tekur ekki við því magni sem vilji er til að selja á raunvirði og verði þar sem mikið magn samkynja bréfa getur haft veruleg áhrif á verðmyndun bréfanna.

Við útgáfu útgefandalýsingarinnar eru 30% hlutafjár í eigu almennra fjárfesta. Almennir fjárfestar eru aðrir en stjórnarmenn, lykilstjórnendur, einstakir hluthafar sem eiga 10% eða meira, og aðilar fjárhagslega tengdir þeim, svo sem makar, sambýlingar og ófjárráða börn, svo og móður- og dótturfélög. Samkvæmt skráningarskilyrðum Kauphallar Íslands skal a.m.k. 25% hlutafjár skráðra félaga vera í eigu almennra fjárfesta. Nánar er fjallað um dreifingu hlutafjár Marel í 10. kafla.

5.2 Markaðsáhætta

Markaðir: Neyslubreytingar á helstu mörkuðum Marel geta haft áhrif á stöðu Marel og vaxtarmöguleika félagsins. Lykilmarkaðir Marel samstæðunnar eru Norður-Ameríka og Evrópa. Vaxandi markaðir eru; Austur-Evrópa, Suður-Ameríka, Asía og Ástralía sem Marel stefnir á með auknum krafti við stækkun félagsins nú. Ný dótturfyrirtæki voru sett á stofn á árinu 2005 á Spáni og í Rússlandi og opnaðar voru söluskrifstofur í Póllandi og á Ítalíu með það að markmiði að styðja við þessa markaði. Tækifæri og ákveðin áhætta fylgir því að sækja á nýja markaði og almennt séð má segja að sú áhætta sé meiri eftir því sem hinn nýi markaður er fjarlægari og ólíkari í menningarlegu tilliti.

Á undanförunum árum hefur sala verið breytileg til einstakra iðngreina sem Marel þjónar, þ.e. fisk-, kjöt- og alifuglaiðnaðar. Aðstæður geta verið þannig á einum markaði að fjárfestingar dragast saman um leið og þær vaxa á öðrum. Marel selur fjárfestingarvörur og því má búast við sveiflum á milli tímabila eftir því hvernig árar hjá viðskiptavinum félagsins.

Neytendur á Vesturlöndum eru að verða mun meðvitaðri um gæði matvæla. Þessi þróun getur verið Marel í hag því auknar kröfur um gæði í kjöt-, alifugla- og fiskvinnslu auka eftirspurn eftir hátæknilausnum eins og þeim sem Marel býður. Komi upp stórvægileg vandamál tengd hollustu kjöt-, alifugla- og fiskafurða gæti það haft þau áhrif að

neytendur breyti venjum sínum og sniðgangi jafnvel kjöt og fisk. Slíkt myndi skerða afkomu og vaxtarmöguleika Marel til lengri tíma lítið. Marel gerir ráð fyrir að helstu vaxtarmöguleikar samstæðunnar árið 2006 liggi í kjöt- og alifuglaíðnaði, auk þess sem nýjar framleiðsluvörur fyrir ört vaxandi markaði, svo sem tilbúna rétti, bjóða upp á mikil tækifæri.

Helstu vörur: Eitt af markmiðum ársins 2005 var vörustöðlun sem reyndist mikilvægur þáttur í að auka hagkvæmni í framleiðslunni og styrkja samkeppnisstöðu samstæðunnar. Með aukinni sölu og framleiðslu á stöðluðum vörum er mögulegt að draga úr sveiflum á milli tímabila, þar sem afhendingartími styttest og sveiflur jafnaðar með því að framleiða á lager.

Birgjar: Auk hugvits notar Marel samstæðan fyrst og fremst stál, ýmsa íhluti og rafeindabúnað í framleiðslu sinni. Félagið kaupir þetta hráefni frá nokkrum birgjum og er ekki háð neinum þeirra. Kostnaður við að skipta um birgja er tiltölulega lítill.

Birgðir: Birgðir félagsins eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, sé það lægra. Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði. Í lok júní 2006 voru heildarbirgðir félagsins bókfærðar á 35,4 milljónir evra, þar af eru hráefni og varahlutir 18,1 milljón evra, vörur í vinnslu 5,0 milljónir evra og fullunnar vörur 12,3 milljónir evra.

Niðurfærsla birgða er gjaldfærð meðal kostnaðarverðs seldra vara á kostnaðarverði. Slík niðurfærsla tekur mið af því hvenær einstakar vörur á lager hreyfðust síðast og mati á nýtingarmöguleikum þeirra í nánustu framtíð. Birgðir að fjárhæð 6,2 milljónir evra voru veðsettar til tryggingar á lántökum í lok júní 2006.

Viðskiptavinir: Helstu viðskiptavinir Marel eru mörg af stærstu matvælafyrirtækjum í heimi. Öll helstu fyrirtæki á sviði ferskvatns- og sjávareldis eru viðskiptavinir Marel og svipaða sögu er að segja af fyrirtækjum í bolfiskvinnslu. Flest af stærstu fyrirtækjum heims á sviði kjöt- og alifuglaframleiðslu eru í viðskiptum við Marel. Félagið hefur á undanförunum árum átt endurtekin viðskipti við marga viðskiptavini sína.

Viðskiptavinir Marel eru í yfir 60 löndum með ólík tungumál, menningu, vinnsluhætti og tæknistig. Ólík menning og tungumál geta valdið erfiðleikum í viðskiptum. Áhætta tengd viðskiptum í fjarlægum löndum er almennt talin meiri en í nágrennalöndum.

Samkeppni: Marel hefur í dag ákveðna sérstöðu með að geta boðið viðskiptavinum sínum heildarlausnir. Ekki er hægt að útiloka að samkeppni eigi eftir að aukast, bæði með því að framleiðendum fjölgi og eins með því að núverandi framleiðendur eflist, hvort sem er með samruna eða innri vexti. Ekki er hægt að útiloka innkomu nýrra sterkra aðila á þann markað sem Marel starfar á. Slíkt gæti haft veruleg áhrif á afkomumöguleika félagsins.

Vöruþróun og einkaleyfi: Stöðug vöruþróun er einn af lykilþáttunum í árangursríkum rekstri. Marel ráðstafar árlega 5-7% af tekjum sínum í vöruþróun. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2006 var 4,2 milljónum evra varið til vöruþróunar eða 5,3% af veltu félagsins.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir gjaldfærðan vöruþróunarkostnað fyrstu sex mánuði ársins 2006 og síðastliðin þrjú ár.

	2006	2005	2004	2003*
Vöruþróunarkostnaður	1.1 - 30.6	1.1 - 31.12	1.1 - 31.12	1.1 - 31.12
Gjaldfærður kostnaður	4.168	8.004	6.542	7.193
Hlutfall af sölu	5,3%	6,2%	5,8%	6,8%
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>				

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

Stefna Marel í vöruþróun er að framleiða bestu vörurnar á markaðnum hvað viðkemur virkni, áreiðanleika, öryggi, hreinlæti og rekstrarkostnaði.

Af heildarsölu voru nýjar vörur að jafnaði um 18% á árunum 2004 til 2005. Marel samstæðan setti þrettán nýjar vörutegundir á markað á árinu 2005. Afstaða er tekin til mögulegrar einkaleyfaverndar í öllum vöruþróunarverkefnum félagsins í samræmi við ISO-9001 vottað vöruþróunarferli Marel.

Marel sækir um einkaleyfi á framleiðslu sinni til að tryggja stöðu sína sem leiðandi þróunarfyrirtæki á sviði hátæknilausna í matvælaíðnaði. Þannig vill Marel verja einstök hugverk sín og lausnir sem verða til í þróunarvinnu innan samstæðunnar. Marel samstæðan sótti umfimmtán einkaleyfi árið 2005. Vernd einkaleyfa er afar mikilvæg til að Marel geti haldið sterkri stöðu sinni og virði. Á árinu 2005 störfuðu 9% starfsmanna Marel samstæðunnar að vöruþróun eða um 90 starfsmenn. Í því umhverfi sem Marel starfar má búast við að deilur komi upp um einkaleyfi.

Við birtingu útgefandalýsingarinnar á Marel aðild að einu dómsmáli sem tengt er einkaleyfi félagsins, sem talið er að geti haft óveruleg áhrif á félagið.

5.3 Rekstraráhætta

Marel samstæðan starfar í umhverfi með ýmis konar rekstraráhættu, þar meðtalið; gjaldmiðlaáhættu, vaxtaáhættu vegna gangvirðis og verðáhættu, útlánaáhættu og lausafjáraáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum slæmum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar. Samstæðan notar afleidda fjármálagerninga sem áhættuvörn gagnvart tiltekinni áhættu sem hún stendur frammi fyrir. Framkvæmd áhættustjórnunar er í samræmi við stefnu sem stjórn félagsins hefur samþykkt.

Gjaldmiðlaáhætta: Marel samstæðan er með alþjóðlega starfsemi og býr við ýmsa áhættu vegna erlendra gjaldmiðla sem stafar af ýmis konar gjaldmiðlaáhættu, einkum gagnvart evrum sem er starfsrækslumynt samstæðunnar. Rekstrareiningar innan samstæðunnar nota framvirka samninga í viðskiptum í því skyni að stjórna áhættu vegna erlendra gjaldmiðla sem stafar af framtíðarviðskiptum, færðum eignum og skuldbindingum. Áhætta vegna erlendra gjaldmiðla myndast þegar framtíðarviðskipti, færðar eignir og skuldbindingar eru ákveðnar í gjaldmiðli sem er ekki sami gjaldmiðill sem rekstrareining notar.

Af heildarsölu Marel á fyrstu sex mánuðum 2006 voru um 2% í íslenskum krónum, en útgjöld í íslenskum krónum voru um 21%, sem kemur að stærstum hluta til vegna launa starfsmanna félagsins á Íslandi. Að meðaltali hefur íslenska krónan veikt um 7% gagnvart uppgjörsmýnt félagsins, evru, fyrstu sex mánuði ársins 2005 til sama tíma 2006. Marel hefur gert framvirka samninga á móti öllum áætluðum kostnaði í íslenskum krónum fram til nóvember 2007. Meðalgengi þeirra samninga á tímabilinu mars til júní 2006 var 82 ISK/EUR og hefur félagið því ekki notið að fullu gengislækkunar íslensku krónunnar á tímabilinu. Meðalgengi samninga frá júlí 2006 til nóvember 2007 er 96 ISK/EUR.

Vaxtaáhætta: Tekjur samstæðunnar og sjóðstreymi eru að mestu óháð breytingum á markaðsvöxtum hverju sinni. Vaxtakjör vegna kaupleigusamninga eru fest við upphaf samninganna. Vaxtaáhætta samstæðunnar stafar af lántöku til langs tíma. Lán sem tekin eru á breytilegum vöxtum gera samstæðuna berskjaldaða fyrir vaxtaáhættu vegna sjóðstreymis. Lántaka með föstum vöxtum gerir samstæðuna berskjaldaða fyrir vaxtaáhættu vegna gangvirðis. Í lok júní 2006 voru rúmlega 70% af lánnum samstæðunnar með föstum vöxtum.

Samstæðan stjórnar vaxtaáhættu sinni vegna sjóðstreymis með því að nota skiptasamninga með breytilegum vöxtum sem breyta má í fasta vexti. Slíkir vaxtaskiptasamningar hafa þau efnahagslegu áhrif að breyta lántöku úr breytilegum vöxtum yfir í fasta vexti. Yfirleitt er lántaka samstæðunnar til langs tíma á breytilegum vöxtum sem hún skiptir yfir í fasta vexti sem eru sambærilegir og þeir sem fánlegir væru ef samstæðan tæki lán á föstum vöxtum. Samkvæmt vaxtaskiptasamningum samþykkir samstæðan, ásamt öðrum aðilum, á þriggja mánaða fresti að eiga viðskipti með mismuninn á föstum samningsvöxtum og breytilegum vaxtafjárhæðum sem reiknaðar eru með tilliti til helstu grundvallarfjárhæða sem samþykktar eru.

Útlánaáhætta: Samstæðan hefur ekki verulega uppsafnaða útlánaáhættu. Stefna samstæðunnar hvað varða útlán til viðskiptavina sinna tryggir að sala á vöru fer fram til viðskiptamanna með trausta lánasögu. Viðskiptakröfur eru færðar í upphafi á gangvirði að frádregnum niðurfærslum vegna virðisrýmnunar. Niðurfærsla vegna virðisrýmnunar viðskiptakrafna er ákvörðuð þegar fyrir hendi er hlutlæg vísbending um að samstæðan muni ekki geta innheimt allar gjaldfallnar fjárhæðir samkvæmt upphaflegum skilmálum viðskiptakrafnanna. Fjárhæð niðurfærslunnar er mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og gildandi virði áætlaðs sjóðstreymis í framtíðinni, núvirt miðað við raunvaxtastig. Breyting á fjárhæð niðurfærslunnar er færð í rekstrarreikninginn.

Í lok annars ársfjórðungs 2006 voru viðskiptakröfur félagsins 35 milljónir evra. Meðalútlánatími á fyrri hluta ársins 2006 var 52 dagar, samanborið við 49 daga á árinu 2005.

Marel stofnaði ásamt Eyrir Invest ehf. og Landsbanka Íslands hf. eignarhaldsfélagið LME ehf. í febrúar síðastliðnum í þeim tilgangi að kaupa hlutafé í hollenska félaginu Stork NV. Fjárfestingin er gerð til að stuðla að áframhaldandi góðu samstarfi Marel og Stork NV. LME ehf. á 8,0% hlut í Stork NV. Alls hefur um 113 milljónum evra verið varið til kaupa á hlutum í Stork NV sem fjármagnað er með lánnum frá hluthöfum félagsins og öðru

lánsfé. Hlutur Marel í LME ehf. er 20% og Landsbankinn og Eyrir Invest eiga hvor um sig 40% hlut. Við útgáfu útgefandalýsingarinnar skuldar LME ehf. Marel 8,2 milljónir evra í formi víkjandi láns. Eignarhlutur Marel í LME ehf. er í formi þessa víkjandi láns.

Lausafjárahætta: Varfærin stjórnun á lausafjárahættu felur í sér að viðhalda nægu handbæru fé og markaðshæfum verðbréfum, að fjármagn sé tiltækt með hæfilega mikilli skuldbundinni lánaþyrngriðslu og getu til að jafna markaðsstöðu. Vegna hreyfanleika í eðli fyrirtækjanna sem liggur til grundvallar stefnir fjármálastjórn samstæðunnar að því að viðhalda sveigjanleika í fjármögnun með því að hafa tiltækar skuldbundnar lánaráðstafanir.

5.4 Fjárfestingaráhætta

Fjárfestingaráhætta Marel felst í líkunum á því að arðsemi fjárfestinga félagsins í nýjum sölu- og þjónustufélögum og öðrum félögum verði minni en búist var við í upphafi.

Í upphafi árs 2006 markaði Marel sér þá stefnu að á næstu árum muni félagið halda áfram á sömu braut varðandi stækkun og ráðast í tvær til fjórar stefnumarkandi yfirtökur sem muni útvíkka tæknilega sérstöðu Marel og bæta enn frekar aðgengi félagsins að mörkuðum .

Í febrúar 2006 stofnaði Marel, ásamt Eyrir Invest og Landsbanka Íslands, eignarhaldsfélagið LME ehf. í þeim tilgangi að kaupa hlutafé í hollenska félaginu Stork NV. Fjárfesting Marel í LME ehf. er 8,2 milljónir evra og hlutur Marel er 20%. Í apríl 2006 keypti Marel rekstur og eignir AEW Thurne og Delford Sortaweigh í Bretlandi fyrir 19,5 milljónir evra og í ágúst var gengið frá kaupum á Scanvægt International A/S í Danmörku fyrir 109,2 milljónir evra.

Nýlegar fjárfestingar Marel eru til þess fallnar að auka enn frekar aðgengi Marel að mörkuðum auk þess sem fleiri stoðum hefur verið skotið undir starfsemina sem minnkar áhættu á hverju efnahagssvæði fyrir sig.

Áreiðanleikakönnun hefur nú þegar farið fram vegna kaupa á Scanvægt og gögn vegna samkeppnisskráningar hafa verið lögð fram og nauðsynlegra leyfa aflað. Ekki er þó hægt að útiloka að einhverjir af samkeppnisaðilum Marel muni koma athugasemdum á framfæri við samkeppnisyrirvöld á einstökum markaðssvæðum.

5.5 Fjármögnunaráhætta

Eigið fé og skuldir Marel í lok júní 2006 voru 193 milljónir evra, þar af var eigið fé 40,4 milljónir evra og skuldir samtals 152,6 milljónir evra.

Eiginfjárlutfall Marel 30. júní 2006 lækkaði nokkuð frá áramótum vegna umframlánsfjármögnunar og var 20,9% í lok tímabilsins. Með kaupnum á Scanvægt International A/S er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfallið hækki og verði um 30% í árslok 2006 að öllu öðru óbreyttu, þar sem hluti kaupverðsins verður greiddur með nýjum hlutum í Marel. Í kjölfar fyrirhugaðs hlutafjárútbóðs þar sem áætlað er að selja 75.000.000 nýja hluti er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfall Marel muni hækka enn frekar.

Marel hefur sett sér það markmið að eiginfjárlutfall félagsins sé að lágmarki 25% til lengri tíma. Eiginfjárlutfall við árslok 2005 var 35,7% samanborið við 33,1% árið 2004 og 30,9% árið 2003.

Heildarskuldir í lok júní 2006 námu samtals 152,6 milljónum evra, þar af voru vaxtaberandi skuldir 110,2 milljónir evra. Í febrúar 2006 gaf Marel út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir 6 milljarða króna eða sem samsvarar 70,8 milljónum evra. Skuldabréfin eru verðtryggð vaxtagreiðslubríf til sex ára með gjalddaga höfuðstóls 8. febrúar 2012. Fastir vextir bréfanna eru 6,0%. Skuldabréfaútbóðið hefur hækkað fjármögnunarkostnað Marel til skemmri tíma litið en að sama skapi minnkað fjármögnunaráhættu félagsins. Samhliða skuldabréfaútbóðinu hefur Marel gert vaxtaskiptasamninga er samsvara fjárhæð skuldabréfaútbóðsins. Það tryggir félaginu fjármögnunina í erlendum myntum með greiðslu vaxta og höfuðstóls að sex árum liðnum. Andvirði skuldabréfanna hefur verið ráðstafað til aukins vaxtar á félaginu þ.m.t. kaup á rekstri og eignum AEW Thurne og Delford Sortaweigh, fjárfestingu í LME ehf. og kaupum á Scanvægt International A/S.

Kvaðir eru í lánasamningum við fjármálafyrirtæki. Helstu skilyrði eru svokölluð „hrein gíring“ (e. net gearing), þ.e. vaxtaberandi lán að frádregnu handbæru fé deilt með eigin fé, má ekki fara yfir 140% samkvæmt endurskoðuðu ársuppgjöri 2006. Ef hlutfallið fer yfir það hefur fjármálafyrirtæki heimild til að gjaldfella allt lánið. Jafnframt eru vaxtakjör Marel háð hlutfallinu vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé deilt með EBITDA síðustu fjögurra ársfjórðunga. Vaxtaálag breytist ársfjórðungslega í samræmi við hækkun eða lækkun þess hlutfalls. Engar kvaðir eru á nýlegu skuldabréfaútboði félagsins að fjárhæð 6 milljarða íslenskra króna.

5.6 Alþjóðlegir reikningskilastaðlar

Ársreikningur 2005, samanburðartölur fyrir árið 2004 og árshlutareikningar 2005 og 2006 eru í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) sem krefjast þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á hvernig aðferðum er beitt og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum, svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

5.7 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Stjórnunaráhætta er sú áhætta sem fólgin er í stjórnun, skipulagi og þekkingu sem býr innan félagsins. Stjórnendur og lykilstarfsmenn Marel eiga að baki margra ára starfsaldur hjá félaginu og búa því yfir mikilli þekkingu sem er grundvöllur farsældar félagsins á komandi árum.

Sem þekkingarfyrirtæki er Marel mjög háð lykilstarfsmönnum. Megináhersla er lögð á að bjóða áhugaverð ögrandi verkefni og skapa góða starfsaðstöðu þar sem starfsþróun og endurmenntun sitja í fyrirrúmi. Í nóvember síðastliðnum var komið á fót fræðslumiðstöð innan Marel, Mentor, þar sem margvíslegar þjálfunaráætlanir innan fyrirtækisins voru sameinaðar. Markmiðið með Mentor er að tryggja að starfsmenn, dótturfélög og umboðsaðilar hafi þekkingu og kunnáttu sem hjálpar þeim að þróast í starfi og fylgja eftir sýn félagsins.

Sú áhætta er ávallt fyrir hendi að öðrum félögum takist að laða starfsfólk Marel til sín. Brotthvarf lykilstarfsmanna gæti haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Reynt er að draga úr þessari áhættu með ýmsum hætti. Til að mynda leggur Marel áherslu á að bjóða samkeppnishæf laun og bjóða starfsmönnum kauprétti í félaginu. Tvær kaupréttaráætlanir eru í gangi, annars vegar áætlun frá byrjun árs 2001 og hins vegar ný áætlun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 28. febrúar 2006.

Skortur á vel menntuðum verkfræðingum, tölvunarfræðingum og öðru tæknimenntuðu fólki gæti skert afkomu og vaxtarmöguleika Marel. Vöruþróun fer að mestu leyti fram á Íslandi, í Danmörku og Bretlandi og er mikilvægt fyrir félagið að hafa aðgang að hæfasta fólkinu á því sviði. Á árinu 2004 kom samstæðan á langtímaáætlun til stuðnings vísindakennslu í þeim samfélögum sem samstæðan er með starfsemi. Á árinu 2005 var bæði starfslið og fjármunir sett í verkefnið.

5.8 Lagaleg áhætta

Marel er með starfsemi í fjölmörgum löndum og þarf að hlíta þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi félagsins á hverjum stað. Þær reglur varða til að mynda einkaleyfi, mengun og umhverfi ásamt reglugerðum hvers ríkis og sveitarfélags fyrir sig. Brot á þessum lögum og reglum, hvort sem er meðvitað eða ómeðvitað, getur leitt til afturköllunar á starfsleyfum í viðkomandi landi.

Marel stendur frammi fyrir þeirri áhættu að óánægðir viðskiptavinir gætu höfðað mál á hendur félaginu. Einnig gæti félagið staðið frammi fyrir málaferlum vegna brota á heilbrigðis-, mengunar- og umhverfisreglum, sem og öðrum lögum og reglum eftir því sem við getur átt á hverjum stað þar sem félagið innan samstæðunnar eru með starfsemi. Þá gæti félagið lent í málaferlum vegna ágreinings við starfsmenn eða samtök þeirra, svo sem varðandi ólögmetar uppsagnir, mismunun á milli starfsmanna o.fl. Erfitt er að leggja mat á þessa áhættuþætti og hugsanlegt umfang þeirra. Áfellingdómur í tengslum við framangreint gæti haft neikvæð áhrif á orðspor og afkomu Marel.

5.9 Dómsmál og gerðardómsmál

Marel á ekki í neinum málaferlum eða gerðardómsmálum sem haft gætu veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins.

5.10 Skattaáhætta

Þau félög sem mynda Marel samstæðuna greiða skatta í mismunandi löndum. Breytingar á skattalögum og reglum í þeim löndum sem Marel er með starfsemi geta því haft áhrif á afkomu samstæðunnar.

5.11 Tryggingar og ábyrgðir

Marel hefur keypt allar lögboðnar tryggingar s.s. brunatryggingar og tryggingar vegna starfsmanna sinna. Auk þess hefur félagið keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði. Í lok júní 2006 nam tryggingarfjárhæðin allt að 100,1 milljón evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nam 30,0 milljónum evra, framleiðsluvéla og –tækja ásamt hug- og skrifstofubúnaði 26,9 milljónum evra og vörubirgða 37,2 milljónum evra.

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum sem voru að eftirstöðvum 42,9 milljónir evra í lok júní 2006. Lántökur í banka eru tryggðar með lóðum, fasteignum, birgðum og viðskiptakröfum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar til tryggingar á eftirstöðvum skulda.

5.12 Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Samstæðan hefur gert nokkra rekstrarleigusamninga vegna varanlegra rekstrarfjármuna að eftirstöðvum 3,3 milljónir evra í lok júní 2006. Fjárhæðin verður gjaldfærð á leigutíma hvers samnings sem rennur út á árunum 2006 til 2012. Samstæðan veitir þegar við á bankaábyrgð á móti fyrirframgreiðslum inn á verk. Í lok júní 2006 námu slíkar ábyrgðir 745 þúsundum evra.

6 Upplýsingar um Marel

6.1 Saga og þróun

Lög- og viðskiptaheiti:	Marel hf.
Kennitala:	620483-0369
Lögheimili og höfuðstöðvar:	Austurhraun 9, 210 Garðabær, Ísland
Sími:	+354 563 8000
Rekstrarform:	Hlutafélag
Skráningarstaður:	Ísland
Löggjöf sem útgefandi starfar eftir:	Lög nr. 2/1995, um hlutafélög
Stofndagur:	17. mars 1983

Rætur Marel hf. má rekja til árána 1977-1983 í Háskóla Íslands þar sem fyrstu hugmyndirnar voru þróaðar og grunnþróunarvinna fór fram. Marel var stofnað 17. mars 1983 af Samvinnuhreyfingunni og nokkrum frystihúsum með það að markmiði að þróa og framleiða vogir og hugbúnað fyrir fiskvinnslu.

Þróun fyrstu Marelvogarinnar kemur fram þegar tölvutæknin er að ryðja sér til rúms á áttunda áratugnum. Markmiðið var að nýta tölvutæknina innan fiskiðnaðar á Íslandi til gagnasöfnunar í framleiðslu og úrvinnslu þeirra í þeim tilgangi að auka framleiðni. Marel tókst fljótlega að hasla sér völl sem einn helsti framleiðandi á vogum og framleiðslueftirlitsbúnaði við Norður-Atlantshafið og er í dag í fararbroddi í framleiðslu hátækniþúnaðar til matvælaframleiðslu, ekki aðeins í fiskiðnaði heldur einnig í alifugla- og kjötiðnaði.

Upphaflega snerist starfsemi Marel um hönnun og framleiðslu á sérhæfðum vogum og eftirlitsbúnaði tengdum þeim. Rannsóknir og þróun færðust hins vegar fljótt inn á önnur svið. Marel er nú í fararbroddi í þróun og gerð hátækniherfa sem gera matvinnslufyrirtækjum kleift að hámarka afköst sín, nýtingu og skilvirkni sem og vörugæði og ánægju viðskiptavina. Sala til fiskiðnaðar var upphaflega mikilvægasti þátturinn í starfsemi Marel en með árunum hefur sala til kjöt- og alifuglaiðnaðar farið vaxandi. Á árinu 2005 skiptist sala félagsins þannig að um 45% var til fiskiðnaðar, 33% til kjötiðnaðar, 19% til alifuglaiðnaðar og 3% í annað.

Sérstaða Marel felst í þeirri tækni sem þróuð hefur verið hjá félaginu, t.d. þrívíddar-tölvusjón, rafeindavogum og hugbúnaði sem tengir saman sjálfvirkar vélar og vinnslulínur. Framleiðsluvörur félagsins byggja á hátækni og gæðum. Viðskiptavinurinn er í forgrunni og hefur Marel byggt upp öflugt þjónustunet á öllum helstu markaðssvæðum félagsins. Helstu dótturfélög Marel eru nú eftir kaupin á Scanvægt International A/S 34 vítt og breitt um heiminn og starfa 2.080 manns hjá félaginu.

1984-1986

Marel selur fyrstu sjóvogina og hefur útflutning til Noregs. Framleiðsla félagsins þykir nýjung og vörur þess í hæsta gæðaflokk. Marel stofnar fyrsta dótturfélag sitt, Marel Equipment í Halifax í Nova Scotia. Marel flytur í húsnæði við Höfðabakka 9 í Reykjavík.

1987-1988

Sjóvogir frá Marel hafa verið settar í skip frá fjölmörgum löndum s.s. Kanada, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Færeyjum, Grænlandi, Danmörku, Frakklandi og Spáni. Félagið færir sig inn á nýtt svið með sölu á tveimur kjúklingaflokkurum til Nýja-Sjálands. Útflutningur nemur nú um 77% af heildartekjum félagsins.

1989-1991

Sovétríkin bætast í viðskiptavinahóp Marel með pöntun á 100 sjövogum sem var aðeins forsmekkurinn af viðskiptum við Sovétríkin. Ný tegund af tölvuvog (M2000) fer á markað og Marel kynnir stærsta flokkarann til þessa. Hann er notaður í saltfiskframleiðslu og hægt er að nota hann til að flokka heilan fisk, t.d. lax.

Árið 1990 er Marel í fararbroddi í framleiðslu vigtarkerfa um borð í skipum. Nýr hugbúnaður (MP/2) er settur á markað, nýtt saltfiskflokkunarkerfi og laxapökkunarkerfi sem þróað var í samvinnu við Maritech Systems, umboðsmann Marel í Noregi. Marel hlýtur Útflutningsverðlaun forseta Íslands árið 1990.

Árið 1991 lítur fyrsta tölvusjónarkerfi Marel dagsins ljós eftir áralangar rannsóknir og þróun. Tölvusjónarkerfið flokkar fisk og skelfisk eftir þyngd og lengd. Marel stofnar annað dótturfélag sitt, Marel Seattle í Bandaríkjunum, í því skyni að mæta vaxandi eftirspurn í Norður-Ameríku.

Marel er gert að almenningshlutafélagi árið 1991.

1992-1993

Þann 29. júní 1992 er Marel skráð í Kauphöll Íslands hf. Skref eru tekin fram á við á sviði tölvusjónar þegar kynntur er háhraðaflokkari sem fljótlega er tekinn í notkun í bandarískri kjúklingavinnslu. Aðrar nýjungar eru flæðilínukerfi fyrir fisk og tvihlíða hrognaflökkari fyrir Alaska-ufsa. Marel á þegar viðskipti við fyrirtæki í fjórum heimsálfum og sú fimmta bætist við þegar seldur er búnaður til Namibíu. Félagið færir sig inn á nýtt svið og byrjar að framleiða búnað fyrir kjúklingavinnslur í Bandaríkjunum.

1994-1996

Marel framleiðir fyrstu tölvustýrðu skurðarvélina árið 1994. Félagið haslar sér völl í bandarískum kjötiðnaði með uppsetningu flokkunar- og vinnslueftirlitskerfis í svínasláturhúsi í Detroit.

Marel setur hina eftirsóttu tölvuvog M1000 á markað árið 1995 og enn er unnið afrek í tölvusjón með tilkomu fyrsta Marel litaflokkarans. Félagið heldur áfram að stækka á árunum 1995-1996 þegar stofnuð eru þrjú dótturfyrirtæki; Marel USA í Kansas City, Marel Europe í Danmörku og Marel Trading í Reykjavík, sem stofnað var um þátttöku Marel í verkefnum, einkum í Rússlandi.

1997-1999

Marel kaupir allt hlutafé í danska fyrirtækinu Carnitech A/S árið 1997. Carnitech var stofnað árið 1981 og náði fljótlega sterkri markaðsstöðu í vinnslubúnaði í verksmiðjuskípaflotanum sem byggður var upp í Norður-Atlantshafinu og Norður-Kyrrahafinu á níunda áratugnum. Carnitech er rekið sem sjálfstætt fyrirtæki en Marel og Carnitech styðja mjög vel hvort við annað þar sem Marel vinnur hátæknivætt þróunarstarf og að markaðssetningu en samsetning og fullvinnsla lausna fer fram hjá Carnitech. Árið 1997 stofnar Marel dótturfélagið Marel France í Nantes í Frakklandi. Árið 1997 fær móðurfélag Marel staðfestingu á gæðastefnu sinni með ISO 9001 gæðavottun.

Marel stofnar dótturfélagið Marel UK í Bretlandi árið 1998. Fyrsta MPS hugbúnaðarkerfið er sett upp og M3000 stjórnstöð með grafískum litaskjá sett á markaðinn. Eitt hundrað skurðarvélar eru komnar í gagnið víðs vegar um heim. Fyrsta kjötfæðilínan er seld til Þýskalands og fyrsti samningurinn er gerður við japanskt fyrirtæki.

Marel kynnir byltingarkennda þverskurðarvél árið 1999. Yfir fimm hundruð manns starfa hjá Marel samstæðunni og er um helmingur þeirra utan Íslands. Í lok ársins 1999 selur Marel þúsundasta flokkarann.

2000-2002

Árið 2000 setur Marel á markað tölvustýrða skurðarvél (IPM XL) sem er sérstaklega þróuð fyrir kjötvinnslu til að skera stór kjötstykki og er þrívíddar tölvusjón notuð til að meta og stýra skurðinum. Á árinu 2000 kaupir Marel 50% hlut í franska fyrirtækinu Arbor Technologies S.A. Arbor framleiðir og selur ýmsan tækjabúnað, einkum í fisk-, kjöt- og kjúklingaiðnaði í Frakklandi.

Á árinu 2001 styrkir Marel stöðu sína í Þýskalandi og Mið-Evrópu með stofnun Marel Deutschland og kaupum á þýska félaginu TVM Maschinenbau. Sett er upp fyrsta flæðilínukerfið fyrir úrbeiningu í Þýskalandi og gerður er tímamótasamningur í Noregi um heildarkerfi fyrir kjötvinnslu með rekjanleika og gæðaskoðun afurða.

Á árinu 2002 flytur Marel í nýjar og fullkomnar höfuðstöðvar að Austurhrauni 9 í Garðabæ. Öll framleiðsla Marel á Íslandi er nú undir einu þaki. Marel hlýtur Íslensku gæðaverðlaunin árið 2002 fyrir framúrskarandi gæði á sviði reksturs og stjórnunar.

Á árinu 2002 kynnrir Marel nýtt innmötunarkerfi fyrir heilan lax og snyrtingu á laxi.

2003-2004

Á árinu 2003 er skipulagi í framleiðslu Marel breytt þannig að það styðji betur við framleiðslu staðlaðra vara og er markmiðið að lækka framleiðslukostnað og auka afköst. Á árinu 2003 lýkur samstarfsverkefni Marel og Carnitech við norska aðila um þróun sjálfvirkrar beinhreinslínu fyrir bolfisk og sala hefst á nýrri skurðarvél (TSM), sem sker alifuglabringur eftir sniðmáti og skilar einsleitum afurðum í tiltekinni fastri þyngd.

Árið 2004 er besta rekstrarár í sögu Marel samsæðunnar. Á árinu 2004 kaupir Marel Póls á Íslandi og Carnitech kaupir þann hluta starfsemi þýska fyrirtækisins Röscherwerke GmbH sem starfar undir vörumerkinu Geba. Marel stofnar einnig dótturfyrirtæki í Chile með það að markmiði að efla hinn vaxandi markað í Suður-Ameríku.

Fjöldi nýrra vörutegunda er kynntur árið 2004, þ.á.m. ný kynslóð tölvustýrðra skurðarvéla (IPM III), sem eru hannaðar til að búa stór kjötstykki og aðrar fyrirferðarmiklar afurðir af meiri nákvæmni og með betri afköstum og nýtingu en áður var mögulegt.

2005-2006

Á árinu 2005 hefst starfsemi Marel í Slóvakíu. Hafist er handa við viðbyggingu á framleiðsluhúsnæði Marel í Garðabæ. Carnitech kaupir framleiðslufyrirtækið DanTech í Singapore. Jafnframt er Marel Carnitech Thailand stofnað og Marel opnar útibú í Varsjá í Póllandi.

Á árinu 2006 kaupir Marel eignir og rekstur AEW Thurne og Delford Sortaweigh í Bretlandi. Í ágúst er tilkynnt um kaup á danska félaginu Scanvægt International A/S.

7 Fjárfestingar

Á aðalfundi Marel 2006 var kynnt sú stefna félagsins að ráðast í tvær til fjórar stefnumarkandi yfirtökur sem munu útvikka tæknilega sérstöðu Marel og bæta stöðu á markaði. Þannig er gert ráð fyrir að velta félagsins geti þrefaldast á næstu þremur til fimm árum. Frá því að þessi stefna var kynnt hefur Marel gengið frá kaupum á tveimur félögum.

Í ágúst 2006 var tilkynnt um kaup Marel á öllu hlutafé í danska félaginu Scanvægt International A/S. Kaupverð Scanvægt var 109,2 milljónir evra sem sundurliðast þannig að Marel greiddi við samning 23,5 milljónir evra, tók yfir 26,1 milljón evra í skuldir, greiðir með hlutum í Marel 40,2 milljónir evra og eftir tvö ár verða 19,4 milljónir evra greiddar.

Í apríl 2006 var tilkynnt um kaup Marel á eignum og rekstri AEW Thurne og Delford Sortaweigh. Í framhaldi af kaupunum stofnaði Marel nýtt félag utan um eignir og rekstur félaganna, AEW Delford Systems. AEW Delford Systems kom inn í reikninga Marel frá og með 7. apríl 2006.

Yfirlit yfir helstu fjárfestingar samstæðunnar 2003 til 2006

Ár	Félag	Land	Hluttur	Kaupverð	Fjármögnun
2006	Scanvægt International A/S	Danmörk	100%	109,2 milljónir evra*	Nýtt hlutafé/lánsfé
2006	AEW Delford Systems Ltd.	Bretland	100%	19,48 milljónir evra**	Lánsfé
2006	LME ehf.	Ísland	20%	7,2 milljónir evra	Lánsfé
2005	DanTech Food Systems pte. Ltd.	Singapúr	100%	2 milljónir evra	Frá rekstri
2004	Póls hf.	Ísland	100%	1,3 milljónir evra***	Frá rekstri
2004	Geba****	Þýskaland	-	3,9 milljónir evra	Frá rekstri
2003	Ekki var fjárfest í félögum eða einingum í tengdum rekstri				

*Allt hlutfé félagsins, verðið miðast við skuldlaust félag

**Keyptar voru eignir og rekstur félagsins og miðast verðið við skuldlaust félag

***Ef ákveðin rekstrarleg markmið nást innan 3 ára hjá Póls, getur kaupverðið hækkað um allt að 285.000 evrur.

****Keyptur var hluti af starfsemi Röscherwerke GmbH í Þýskalandi, þ.e. starfsemi sem heyrir undir vörumerkið Geba.

Marel hefur í fjárfestingum sínum lagt áherslu á að þær falli vel að stefnu félagsins og styðji við vöxt þess til framtíðar. Meðfylgjandi er yfirlit yfir helstu fjárfestingar félagsins í öðrum félögum það sem af er 2006 og síðastliðin þrjú ár.

7.1 Scanvægt International A/S

Kaupin á Scanvægt eru mikilvægur áfangi í þeirri stefnu Marel að vera leiðandi á alþjóðlegum markaði í þróun og markaðssetningu hátækniúnaðar fyrir matvælaíðnað og því markmiði að þrefalda veltu félagsins á næstu þremur til fimm árum. Búist er við umtalsverðri söluaukningu þegar nýjar og spennandi vörur bætast við þær sem fyrir eru og sölukerfi félaganna sameinast. Landfræðilega mun Scanvægt styrkja stöðu samstæðunnar á markaði í Suður-Evrópu og Suður-Ameríku.

Scanvægt mun styrkja stöðu samstæðunnar með nýjum vörum, þar á meðal er framleiðsla og hönnun á vélum fyrir tilbúna rétti (e.case ready), grænmeti, osta og fleira. Um 19% af veltu Scanvægt á síðasta fjárhagsári er í matvælaíðnaði sem er fyrir utan núverandi markaði Marel, þ.e. fisk-, kjöt-, kjúklingaiðnað.

Scanvægt var stofnað 1932 af Knud Grundtvig og hefur þar til nú verið alfarið í eigu og stjórnað af Grundtvig-fjölskyldunni. Scanvægt hefur verið í fremstu röð í framleiðslu tækjabúnaðar fyrir matvælaíðnað og hefur sterka markaðsstöðu í Evrópu og Suður-Ameríku. Scanvægt hefur á umliðnum árum styrkt sig mjög í sessi og vörumerki þess eins og ScanVision, DreamBatcher og ScanPortioner eru meðal þeirra þekktustu í þessum iðnaði. Framleiðsla Scanvægt hefur aðallega farið fram í Danmörku en jafnframt er það með framleiðslu í Brasilíu.

Meðfylgjandi tafla sýnir lykilstærðir úr reikningum Scanvægt International A/S síðastliðin þrjú fjárhagsár. Fjárhagsár Scanvægt er frá 1. maí til 30. apríl. Reikningsskil Scanvægt eru í samræmi við góða reikningsskilavenju í Danmörku (Danish GAAP). Dönsk reikningsskilavenja er í sumum atriðum frábrugðin aðferðum samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlum (IFRS). Fjárhæðir í reikningum Scanvægt eru því ekki að fullu samanburðarhæfar við fjárhæðir í reikningum Marel hf. Fjárhæðir í meðfylgjandi töflu hafa verið umreiknaðar í evrur. Ársreikninga Scanvægt fyrir fjárhagsárin sem endá 2004, 2003 og 2006 er hægt að nálgast á heimasíðu Marel www.marel.is

Tekjur Scanvægt á fjárhagsárinu frá 1. maí 2005 til 30. apríl 2006 námu 92,1 milljón evra, EBITDA félagsins var 6,0 milljónir evra á sama tímabili eða 6,5%. Fjárhagsáætlun félagsins fyrir yfirstandandi fjárhagsár gerir ráð fyrir að EBITDA félagsins verið 8,5% og er aukning milli ára komin til vegna sterkra stöðu pantana í byrjun fjárhagsársins

Umsamið kaupverð Scanvægt International A/S var 109,2 milljónir evra, þar af eru yfirteknar skuldir 26,1 milljón króna. Samningurinn um kaupin var gerður með fyrirvara um útgáfu 52.016.732 nýrra hluta í Marel sem afhentir verða seljendum Scanvægt sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í félaginu. Umsamið verð þeirra hluta var 40,2 milljónir evra sem jafngildir 72,5 krónum á hvern hlut í Marel.

Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun á kaupverði hlutafjár Scanvægt eins og það kemur inn í samstæðureikning Marel miðað við 4. ágúst 2006. Kaupverð á öllum hlutum í Scanvægt var 87 milljónir evra að viðbættum yfirteknum vaxtaberandi skuldum að fjárhæð 26,1 milljón evra. Þá hefur verið tekið tillit til markaðsverðs hluta sem afhentir verða seljendum Scanvægt, sem var 77 krónur á hvern hlut í Marel, 4. ágúst 2006.

Samkvæmt IFRS þarf að bóka afhenta hluti á markaðsgengi á þeim degi sem Scanvægt kemur inn í reikning Marel. Virði afhentra hluta í Marel hækkar því um 4,1 milljón evra frá því að samið eru um kaupin og þar til Scanvægt kemur inn í reikninga Marel 4. ágúst 2006. Markaðsgeng

Lykiltölur úr reikningsskilum	2005/06	2004/05	2003/04
Scanvægt			
Rekstur			
Sala	92.088	89.124	87.316
Framlegð	24.905	25.400	23.995
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	5.966	7.418	6.331
Rekstrarhagnaður (EBIT)	2.031	3.306	2.155
Hagnaður ársins	394	1.521	473
Sjóðstreymi			
Handbært fé frá rekstri	2.350	3.806	2.760
Fjárfestingarhreyfingar	(2.640)	(2.817)	(1.752)
Fjármögnunarhreyfingar	204	(955)	(1.008)
Fjárhagsstaða			
Eignir samtals	63.438	62.487	63.202
Hreint veltufé	11.193	9.951	8.876
Eigið fé	16.130	15.464	14.071
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>			
Veltufjárlutfall	1,4	1,3	1,3
Lausafjárlutfall	0,8	0,7	0,7
Eiginfjárlutfall	25,4%	24,7%	22,3%
Arðsemi eign fjár	2,5%	10,8%	3,4%

Kaupverð hlutafjár Scanvægt	
Greitt með handbæru fé	25.132
Lán frá seljendum til 2 ára (núvirt)	17.596
Greitt með hlutum í Marel	44.301
Kaupverð hlutafjár Scanvægt	87.029
Gangvirði keypra eigna	(11.148)
Viðskiptavild	75.881
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>	

Áætluð áhrif Scanvægt á efnahag Marel	
Varanlegir rekstrarfjármunir	13.282
Óefnislegar eignir	4.350
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	877
Langtímakröfur	116
Vörubirgðir	16.037
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	1.432
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	23.110
Handbært fé	772
Lántökur, langtíma	(14.203)
Frestaðar tekjuskattsskuldbindingar	(1.328)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(21.105)
Ógreiddir skattar	(182)
Lántökur, skammtíma	(12.009)
Gangvirði keypra eigna	11.148
Viðskiptavild	75.881
Kaupverð hlutafjár Scanvægt	87.029
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>	

Marel 4. ágúst var 77,0 en umsamið gengi var 72,5.

Marel mun beita svokallaðri kaupaðferð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS 3) við færslu kaupanna, sem gengur út á það að meta gangvirði (e. fair value) eigna og skulda miðað við 4. ágúst 2006. Marel mun ekki notast við fyrri reikningsskil Scanvægt í framtíðinni nema að því marki að meta eignir og skuldir 4. ágúst 2006.

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig kaupverð hlutafjár og gangvirði eigna og skulda Scanvægt koma inn í efnahag Marel frá og með 4. ágúst 2006. Athygli er vakin á því að eftirfarandi fjárhagsupplýsingar eru óendurskoðaðar og neðangreindar fjárhæðir geta breyst þannig að einstakar fjárhæðir hækka eða lækka með samsvarandi áhrifum á viðskiptavild sem verður til við kaupin.

Áhrif Scanvægt á sjóðstreymi Marel	
Fjárfestingarhreyfingar:	
Kaup á Scanvægt að fráðregnu handbæru fé	(86.257)
Fjármögnunarhreyfingar:	
Útgáfa á nýjum hlutum	44.301
Lán frá seljendum á núvirði	17.596
Lækkun á handbæru fé	(24.360)
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>	

Áhrif kaupanna á handbært **€**, samkvæmt sjóðstreymi Marel, er 24,4 milljónir evra, meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun á áhrifunum á sjóðstreymið.

Seinni hluti ársins 2006 mun mótast af umfangsmiklum samþættingaraðgerðum og einskiptiskostnaði þeim tengdum. Samþætting á milli Marel, AEW Delford og Carnitech gengur samkvæmt áætlun og framundan er vinna við samþættingu Scanvægt International A/S við Marel samstæðuna.

7.2 AEW Delford Systems Ltd.

Félögin sem nú mynda AEW Delford Systems voru áður í eigu breska eignarhaldsfélagsins AEW Delford Group Ltd. AEW Thurne framleiðir sjálfvirkar sneiðingarvélur með skammtastjórnun, ásamt sögunar- og mótunarbúnaði fyrir matvælaíðnað. Delford Sortaweigh framleiðir tékkvogir, flokkara, verðmerkingarvélur, filmupökkunarvélur, plöstunarbúnaði og sjálfvirkar skömmtunarvélur sem nota róbótatækni. Framleiðslan fer fram í Norwich og Harwich í Bretlandi og söluskrifstofur eru í Illinois og Arkansas í Bandaríkjunum og í Frakklandi.

AEW Delford Systems leggur áherslu á að bæta framleiðni og hagkvæmni hjá viðskiptavinum sínum, allt frá skurði til þökkunar með hraðvirkum, nákvæmum, framsæknum og áreiðanlegum lausnum sem hámarka nýtingu, afköst og arðsemi.

Leiðandi vörur AEW Delford Systems falla mjög vel að núverandi vöruframboði Marel. Gert er ráð fyrir að hægt verði að ná fram samlegð í innkaupum og framleiðslu og aukinni sölu í gegnum alþjóðlegt sölu- og dreifingarnet Marel samstæðunnar. AEW Delford Systems mun styrkja stöðu samstæðunnar í kjötiðnaði auk þess að fara inn á nýja markaði í ostavinnslu og mörkuðum fyrir tilbúna rétti (e.case ready). Gert er ráð fyrir að sölukerfi Marel muni styðja við sölu á vörum AEW Delford Systems.

7.3 LME ehf.

Marel stofnaði ásamt Eyrir Invest ehf. og Landsbanka Íslands hf. eignarhaldsfélagið LME ehf. í febrúar síðastliðnum í þeim tilgangi að kaupa hlutafé í hollenska félaginu Stork NV. Fjárfestingin er gerð til að stuðla að áframhaldandi góðu samstarfi Marel og Stork NV. LME ehf. á 8,0% hlut í Stork NV. Alls hefur um 113 milljónum evra verið varið til kaupa á hlutum í Stork NV sem fjármagnað er með lánum frá hluthöfum félagsins og öðru lánsfé. Hlutur Marel í LME ehf. er 20% og Landsbankinn og Eyrir Invest eiga hvor um sig 40% hlut í LME ehf. Hlutur Marel í LME ehf. er 20% og fjárbinding vegna þessarar fjárfestingar er í samræmi við eignarhlut. Við útgáfu útgefandalýsingarinnar skuldar LME ehf. Marel 8,2 milljónir evra í formi víkjandi láns. Eignarhlutur Marel í LME ehf. er í formi þessa víkjandi láns.

7.4 Aðrar fjárfestingar

Í september 2005 undirritaði dótturfélag Marel hf. Carnitech A/S samning um kaup á öllu hlutafé i Dantech Food PTE Ltd. í Singapore. Sá hluti starfsemi Carnitech sem er í sambærilegri framleiðslu og Dantech, þ.e. vörur fyrir lausfrystingu og vinnslu á heitsjávarrækju var sameinaður Dantech. Framtíðarstarfsemi Marel á þessu sviði mun fara fram undir vörumerki Dantech og aðalskrifstofur og meginframleiðsla verður staðsett í Singapore.

Í desember 2004 var gengið frá kaupum Carnitech A/S á hluta af rekstri þýska fyrirtækisins Röscherwerke GmbH. Sá hluti sem um ræðir starfar undir vörumerkinu Geba og framleiðir skurðarvélar fyrir reyktan lax. Reksturinn var sameinaður Carnitech í lok desember 2004.

Í mars 2004 eignaðist Marel 76% hlut í Póls hf. á Ísafirði og síðar sama ár eignaðist Marel allt hlutafé félagsins. Meginhluti starfsemi Póls er þróun og framleiðsla voga- og þökkunarlausna fyrir fiskvinnslu. Í september 2005 var rekstur Póls sameinaður Marel og lögð verður sérstök áhersla á að sérhæfa framleiðsluna á Ísafirði með það að markmiði að auka framleiðnina.

7.5 Framtíðarfjárfestingar

Tilkynnt var í lok árs 2005 að verksmiðjuhúsnæði Marel í Garðabæ yrði stækkað og gert er ráð fyrir að framkvæmdum vegna þess verði lokið fyrir árslok 2006. Um er að ræða 4.200 fermetra stækkun á framleiðslu- og uppstillirými sem verður notað til að mæta þörf í framleiðslu á stærri kerfum. Að lokinni stækkuninni verður húsnæði félagsins í Garðabæ um 19.000 fermetrar. Áætlaður framkvæmdakostnaður við bygginguna er um 400 milljónir íslenskra króna sem er fjármagnað með lánsfé.


Á næstu árum verður meginhluti aukningar í framleiðslu Marel í Slóvakíu. Aðstæður í Slóvakíu voru fyrst skoðaðar í mars 2005 og í nóvember sama ár hófst framleiðsla íhluta fyrir samstæðuna í Slóvakíu. Slóvakía varð fyrir valinu vegna hagstæðs launakostnaðar, sterks grunnvirkis (samgöngur o.fl.) og greiðs aðgangs að vel menntuðu og hæfu vinnuafli. Framleiðsla Marel í Slóvakíu er nú í 2.000 fermetra leiguhúsnæði í borginni Nitra í Vestur-Slóvakíu, stutt frá höfuðborginni Bratislava og austurrísku landamærunum. Húsnæðið hefur verið lagað að þörfum samstæðunnar.

Marel hefur nú þegar fest kaup á 40.000 fermetra iðnaðarlóð í Nitra og er áætlað að byggingu nýrrar verksmiðju verði lokið í lok árs 2007, en leigusamningur félagsins á núverandi húsnæði rennur þá út. Gert er ráð fyrir að hefja vinnu við að reisa um 10.000 fermetra framleiðsluhús í Slóvakíu á vormánuðum árið 2007.

8 Skipulag og starfsemi

8.1 Skipulag

Marel samstæðan samanstendur af fjórum meginstoðum, sem eru Marel móðurfélagið á Íslandi ásamt tíu Marel félögum víðs vegar um heiminn; Carnitech A/S með fjögur dótturfélög, AEW Delford Systems Ltd. með tvö dótturfélög og Scanvægt International A/S með fimmtán dótturfélög. Þá starfrækir félagið net 60 umboðs- og dreifingaraðila sem eru í um 40 löndum sem markaðssetja, selja og þjónusta vörur samstæðunnar víðs vegar um heim. Meira en þrjú fjórðu heildarsölnunnar fer fram í gegnum dótturfélög.



8.2 Starfsemi

Marel er alþjóðlegt félag sem selur afurðir sínar til fleiri en 70 landa með ólík tungumál, menningu, vinnsluhætti og tæknistig. Sölu- og markaðsstarf samstæðunnar fer að stærstum hluta fram hjá dótturfélögum og á söluskrifstofum samstæðunnar. Ásamt því að vera með 34 dótturfélög í um 40 löndum rekur félagið átta söluskrifstofur í jafnmörgum löndum. Meðfylgjandi kort sýnir hvernig starfsemi Marel nær vítt og breitt um heiminn.

Marel er í fararbroddi á alþjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu hátæknibúnaðar fyrir matvælaíðnað. Nýjungar í hönnun, notkun á hátækni í þróunarvinnu, gæðafrágangur og framúrskarandi þjónusta - allt lýtur



Þetta að einu markmiði sem er að bæta framleiðni og hagkvæmni hjá viðskiptavinum Marel um allan heim. Meðfylgjandi tafla sýnir helstu dótturfélög Marel. Meðferð atkvæðisréttar er í samræmi við eignarhluta Marel, sem er í öllum tilvikum 100%.

Marel leggur mikla áherslu á að þjónusta við viðskiptavini félagsins sé ávallt eins og best verður kosið og hefur unnið markvisst að því að færa þjónustuna nær viðskiptavinum sínum með því að efla tækniþekkingu innan dótturfélaganna.

Það er markmið félagsins að vera áfram í fremstu röð með aukinni þróunarvinnu og áherslu á hugbúnaðarlausnir. Auknar kröfur til matvælaíðnaðar og breytingar í neyslumynstri greiða götu framleiðslu Marel. Nýting hráefnis í matvælaíðnaði og meðhöndlun þess verður sífellt mikilvægari og gegna framleiðsluvörur Marel og víðtæk þekking starfsmanna félagsins veigamiklu hlutverki í þeim efnum víða um heim. Mestu vaxtarmöguleikar félagsins eru í kjötiðnaði sem er gríðarlega stór, hvort sem litið er til Bandaríkjanna eða Evrópu.

Í því alþjóðlega samkeppnisumhverfi sem Marel starfar leggja fyrirtæki mikla áherslu á verndun eignarréttar á sviði iðnaðar. Marel rekur öfluga vöruþróun sem er í fararbroddi á sínu sviði og lögð er áhersla á vernd uppfinningar þess með einkaleyfum.

Gæðakerfi Marel, sem ber ISO 9001 vottun, hefur verið í notkun í níu ár og nær yfir vöruþróun, sölu, framleiðslu og viðhaldsþjónustu.

Meðfylgjandi tafla sýnir helstu dótturfélög Marel. Meðferð atkvæðisréttar er í samræmi við eignarhluta Marel, sem er í öllum tilvikum 100%.

Helstu dótturfélög innan Marel samstæðunnar	Staðsetning		Starfsemi
Marel Australia PTY LTD	Morningside, QLD	Ástralía	Sala og þjónusta
Marel Canada	Halifax	Kanada	Sala og þjónusta
Marel Carnitech Thailand LTD	Bangkok	Tailand	Sala og þjónusta
Marel Chile S.A.	Puerto Montt	Chíle	Sala og þjónusta
Marel Deutschland GmbH & KG	Osnabruck	Þýskaland	Sala og þjónusta
Marel Russland LTD	Moskva	Rússland	Sala og þjónusta
Marel Scandinavia A/S	Stövring	Danmörk	Sala og þjónusta
Marel Spain S.L.	Vigo	Spánn	Sala og þjónusta
Marel UK LTD	Birmingham	Bretland	Sala og þjónusta
Marel USA INC	Lenexa	Bandaríkin	Sala og þjónusta
Carnitech A/S	Stövring	Danmörk	Sala, framleiðsla og þjónusta
Carnitech U.S. Inc.	Seattle	Bandaríkin	Sala, framleiðsla og þjónusta
Carnitech Norge	Aalesund	Noregur	Sala, framleiðsla og þjónusta
Carnitech/Marel s.r.o.	Nitra	Slovakía	Framleiðsla
Dantech Food System Ltd.	Singapore	Singapore	Sala, framleiðsla og þjónusta
AEW Delford Systems Ltd.	Norwich/Harwich	Bretland	Sala, framleiðsla og þjónusta
Delford Sortaweigh Inc.	Russelville AR	Bandaríkin	Sala og þjónusta
AEW Thume Inc.	Lake Zurich	Bandaríkin	Sala og þjónusta
Scanvægt International A/S	Aarhus	Danmörk	Sala, framleiðsla og þjónusta
Digi-Systems A/S	Aarhus	Danmörk	Sala og þjónusta
Dansk Kalibreringsteknik A/S	Aarhus	Danmörk	Sala og þjónusta
Scanvægt GB Ltd.	Enderby	Bretland	Sala og þjónusta
Scanvægt France	Vioisins le Bretonneux	Frakkland	Sala og þjónusta
Scanvægt Deutschland GmbH	Osnabruck	Þýskaland	Sala og þjónusta
Scanvægt Espana S.L.	Barcelona	Spánn	Sala og þjónusta
Scanvægt US Inc.	Lenexa	Bandaríkin	Sala og þjónusta
Scanvægt Chile Ltda.	Puerto Montt	Chíle	Sala og þjónusta
Scanvægt Nordic A/S	Aarhus	Danmörk	Sala og þjónusta
Scanvægt Leasing A/S	Aarhus	Danmörk	Sala og þjónusta
Norfo Ejendomme A/S	Bornholm	Danmörk	Framleiðsla
Scanvægt Nederland B.V.	Roosendaal	Holland	Sala og þjónusta
Scanvægt Ireland Ltd.	Dublin	Írland	Sala og þjónusta
Scanvægt Italia S.r.l.	San Rocco al Porto	Ítalía	Sala og þjónusta
Scanvægt do Brasil Ltda.	Santa Felicidade	Brasilía	Sala, framleiðsla og þjónusta

Vöruþróun

Marel samstæðan hefur verið leiðandi í þeirri byltingu sem orðið hefur í fiskvinnslu til lands og sjávar. Allt frá hráefnisflokkun til skurðar, snyrtingar og þökkunar hefur Marel ávallt staðið fyrir umfangsmikilli þróun nýrrar tækni á sviði fiskvinnslu. Jafnframt hafa vélar, tæki og nýjar gerðir flæðilína sem byggjast á tækni frá Marel leitt af sér miklar framfarir í kjötvinnslu.

Stefna Marel í vöruþróun er að framleiða bestu vörurnar á markaðnum hvað viðkemur virkni, áreiðanleika, öryggi, hreinlæti og rekstrarkostnaði.

Stöðug vöruþróun er einn af lykilþáttunum í rekstri Marel. Marel fjárfestir árlega 5-7% af tekjum sínum í vöruþróun til að styrkja framvarðarstöðu sína á markaðnum og mæta þörfum viðskiptavina.

Marel einbeitir sér að því að veita viðskiptavinum sínum þjónustu með því að fá þá til samstarfs í þróun markaðsmiðaðra vara. Áhersla er lögð á staðlaða hágæðavöru og lausnir þar sem nýting og ending eru höfð í fyrirrúmi. Á árinu 2005 var lögð sérstök áhersla á vörustöðulun sem reyndist vera mikilvægur þáttur í aukinni hagkvæmni, lægri framleiðslukostnaði og sterkari samkeppnisstöðu samstæðunnar.

Veltuhlutfall nýrrar framleiðsluvöru, það eru nýjar vörur sem komið hafa fram á síðustu tveimur árum, milli árana 2003 og 2005 var að meðaltali 18%.

Samkeppnishæfi Marel byggist að umtalsverðu leyti á hagnýtingu árangursríks vöruþróunarstarfs fyrirtækisins. Fjárfestingar félagsins liggja að mestu í þekkingu og færni starfsmanna þess. Af þessum sökum er Marel mjög í mun að tryggja vernd eignarréttar á niðurstöðum vöruþróunarstarfsemi félagsins. Á árinu 2005 sótti Marel um 15 einkaleyfi en samstæðan sækir að meðaltali um fimm til tíu einkaleyfi á ári. Skráð vörumerki Marel eru alls 20 á öllum helstu markaðssvæðum félagsins. Einkaleyfi Marel eru alls 62 í 20 löndum.

Hjá Marel samstæðunni starfar framsækið rannsóknar- og tæknilíð sem hefur það helsta markmið að auka þekkingu sína á nýrri tækni sem félagið getur hagnýtt sér til lengri eða skemmri tíma og þannig skotið fleiri stöðum undir tæknilegan grunn félagsins. Á árinu 2005 störfuðu 9% starfsmanna Marel samstæðunnar að vöruþróun eða alls um 90 starfsmenn. Meðfylgjandi er yfirlit yfir gjaldfærðan rannsóknar- og þróunarkostnað fyrstu sex mánuði 2006 og síðastliðin þrjú ár.

Marel ræktar tengslin við vísindasamfélagið með því að taka á móti vísindamönnum og sjá þeim fyrir vinnuáðstöðu við sérstök verkefni sem tengjast starfssviði félagsins ásamt því að styðja uppbyggingu á vísinda- og stærðfræðikennslu. Árið 2004 kom samstæðan á langtímaáætlun til stuðnings vísindakennslu á öllum skólastigum og hefur bæði starfslið og fjármunir verið sett í þetta verkefni. Tilgangurinn með fjárhagslegu og verklegu framlagi Marel er að efla nýsköpun og bæta vísinda- og stærðfræðimenntun auk þess að auka skilning fólks á gildi góðrar vísindamenntunar í þeim samfélögum þar sem félagið starfar. Marel mun á komandi árum leggja sitt af mörkum sem meginstyrktaraðili keppni í nýsköpun og vísindum meðal ungmenna og keppni í verkfræði á háskólastigi auk þess sem stutt verður við þróun vísindasafns fyrir börn, og önnur vísindaverkefni með virkri þátttöku og fjárhagsstuðningi. Marel er í nánu sambandi við yfirvöld á hverjum stað hvað varðar eflingu á vísindakennslu og samhæfingu hennar, en jafnframt heldur fyrirtækið góðum tengslum við háskóla og rannsóknaraðila með stuðningi við nýsköpun og þá sem hafa náð yfirburðar árangri í vísindarannsóknnum og könnunum.

	2006	2005	2004	2003*
Vöruþróunarkostnaður	1.1 - 30.6	1.1 - 31.12	1.1 - 31.12	1.1 - 31.12
Gjaldfærður kostnaður	4.168	8.004	6.542	7.193
Hlutfall af sölu	5,3%	6,2%	5,8%	6,8%
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>				

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

Framleiðsla

Framleiðsluvörur Marel samstæðunnar eru mjög fjölbreyttar enda er þeim ætlað að spanna fisk-, alifugla- og kjötiðnað í fjölmörgum löndum. Hönnun tækja tekur mið af því að þau nýtist í blautu og óvægu umhverfi. Framleiðsluvörur eru hannaðar til að þola hin erfiðustu skilyrði og mæta kröfum matvælaíðnaðar og alþjóðlegra reglugerða með tilliti til efnisvals, þrifa, öryggis og notkunar.

Marel hefur innleitt svokallaða „Lean Manufacturing“ aðferðafræði í framleiðsluferlinu og hefur það aukið hagræðingu á síðasta ári. Framleiðsla fer fram víðs vegar um heiminn. Hluti framleiðslunnar er hér á landi í um 12 þúsund fermetra húsnæði í Garðabæ (um 15 þúsund fermetrar með skrifstofuaðstöðu) og er unnið að stækkun þess. Einnig er rekin framleiðslueining á Ísafirði. Framleiðsla fer líka fram í Danmörku, Bandaríkjunum, Singapore, hjá undirverktökum í Brasilíu og í nýrri verksmiðju samstæðunnar í Slóvakíu.

Samstæðan mun sem endranær leita hagkvæmstu leiða til að framleiða íhluti en megináhersla verður lögð á að efla eigin framleiðslu í Slóvakíu. Þótt meginhluti aukningar í framleiðslu Marel á komandi árum verði í Slóvakíu mun framleiðsla á Íslandi og þróun hennar áfram verða mikilvægur hluti starfseminnar. Nýr búnaður, sérsniðnar lausnir og stærri kerfi verða framleidd hér á landi, en vöxtur í Slóvakíu mun fyrst og fremst verða í íhlutaframleiðslu og framleiðslu staðlaðra vara. Tilkynnt var í lok árs 2005 að verksmiðjan við Austurhraun í Garðabæ yrði stækkuð. Verklok eru áætluð á árinu 2006 en um 4 þúsund fermetra rými sem við bætist verður notað til að mæta meiri þörf í framleiðslu á stærri kerfum.

Nýjar lausnir frá samstæðunni

Í byrjun árs 2006 hófst kynning á nýrri skurðarvél frá Marel sem nefnd er OptiCut. Vélin er hönnuð til að mæta þörfum markaðarins fyrir kjötvörur sem skornar eru í fasta þyngd. Með því vinnst mikið hagræði fyrir verslanir, sérstaklega stærri keðjur, þar sem hægt er að merkja allar neytendapakningar með sama verði og verðbreytingar verða mun auðveldari. Þar að auki bætir hún nýtingu hráefnisins umtalsvert fyrir framleiðendur. Móttökur framleiðenda hafa því verið framar björtustu vonum. Vélin hefur verið kynnt á svínakjöts- og kalkúnmarkaði í Bandaríkjunum og Norður-Evrópu en kynningarferli á heimsvísu heldur áfram út árið 2006.

Að leggja vörur í bakka er í dag að mestu leyti gert með höndunum. Marel QuickLoder leysir þetta verkefni. Vélin hefur verið kynnt með Marel OptiCut sem hluti af heildarlausn. Skurðarvélin sker kjöt í fastar þyngdir og Marel QuickLoader leggur skammtana í bakka. QuickLoader er vara sem hentar hvort sem er kjöt-, kjúklinga- eða fiskmarkaði og þörf fyrir lausn af þessu tagi á ýmsum stigum framleiðslunnar er mikil.

Snyrting fiskflaka er mannfrekt vinnslustig og því kostnaðarsamt. ITM (Intelligent Trimming Machine) vélin er hátæknilausn sem skannar fiskflök með tölvusjón, gæðametur út frá lit og hugsanlegum göllum og snyrtir flökin vélrænt. Með ITM eykst nýting hráefnisins, vinnslukostnaður lækkar verulega og einn erfiðasti vinnsluþátturinn er gerður vélrænn. ITM vélin er í upphafi þróuð fyrir laxaflök en tæknilausnin getur nýst fyrir aðrar fisktegundir svo og flust yfir í aðrar iðngreinar. ITM fékk mjög góðar viðtökur á alþjóðlegri vörusýningu í Brussel nýverið og er í notkun hjá stærsta laxaframleiðanda í heimi.

Gert er ráð fyrir að á fyrri hluta árs 2007 komi á markað ný flokkunarlína frá Marel. Um er að ræða endurhönnun á einni af grunnvörum fyrirtækisins. Markmiðið með þessari nýju útgáfu er að hanna flokkunarlínu sem er sett saman af stöðluðum einingum sem einfalt og þægilegt er að raða saman til að uppfylla flokkunarþarfir framleiðenda. Með hönnun þessarar nýju flokkunarlínu verður framleiðsluferli Marel einfaldað og umtalsvert hagræðing næst. Minni framleiðslukostnaður og styttri afhendingartími mun skila sér í sterkari markaðsstöðu gagnvart samkeppnisaðilum án þess að koma niður á framlegð Marel. Lausnin hentar fyrir allar iðngreinar.

Krafa framleiðenda um nákvæmar rafrænar mælingar á framleiðsluferlinu hefur aukist mjög mikið á síðustu árum. Eftir því sem framleiðslueiningar verða stærri og samruni á markaði eykst hefur þörf fyrir hugbúnað sem aflar gagna frá öllum framleiðslustigum, sér um úrvinnslu og gefur góða yfirsýn yfir framleiðsluferlið, stóraukist. MPS hugbúnaðurinn er byggður upp af einingum sem saman móta heildarlausn. Ný útgáfa af MPS kemur út á árinu þar sem virkni og notendaviðmót eru endurbætt. Óhætt er að segja að MPS sé á meðal allra sterkustu hugbúnaðarlausna á þessu sviði og mikil tækifæri til vaxtar á komandi árum.

Með þróun SensorX er þekkt tækni nýtt í matvælaframleiðslu. Við vinnslu á kjöti og fiski er mjög mikilvægt að öll smærri bein séu fjarlægð svo ekki skapist hætta af við neyslu vörunnar. SensorX nýtir röntgentækni og háþróaða tölvusjón til að finna bein í framleiðsluvörum. Mjög mikil þörf er á markaðnum fyrir lausn af þessu tagi og framleiðendur hafa verið að bíða eftir tæki eins og SensorX.

Í samvinnu við dótturfyrirtæki Marel verður þróun á nýtingu róbótatækni í matvælaframleiðslu haldið áfram. AEW Delford Systems hefur náð talsverðum árangri við þróun lausna af þessu tagi og samstarf innan samstæðunnar

mun tryggja að Marel verður áfram í fararbroddi á þessu sviði. Róbótatækni í framleiðslu er ekki ný af nálinni og er þekkt að tækni skilar mikilli hagræðingu í rekstri. Fram til þessa hefur aftur á móti ekki verið hönnuð nægilega hagnýt lausn við upptöku og losun á ferskri matvöru, sem oft getur verið laus í sér og mjög viðkvæm. AEW Delford Systems hefur kynnt nýja lausn, Intelligent Portion Loading Robot (IPL), sem grípur vörur af færbandi og leggur þær í bakka með mikilli nákvæmni. Róbótinn er einnig fær um að flokka vörur eftir gæðum og getur leyst margvíslegar sambærilegar lausnir. IPL róbótinn var hannaður í samvinnu við ABB í Svíþjóð sem er fremsti framleiðandi róbóta í heiminum.

Carnitech kynnti nýverið nýja skurðarvél sem er sérhæfð í skurði á reykum laxi í sneiðar fyrir neytendapakningar. Vélin IPS 3000 sker sneiðar af meiri nákvæmni en aðrar þekktar vélar og nýtir laxaflakið betur en áður. Vélin hefur fengið mjög góðar viðtökur. IPS 3000 nýtir tölvusjónartækni frá Marel hf og skurðartækni Carnitech til að ná þessari yfirburðavirkni.

Carnitech hefur á skömmum tíma orðinn annar af tveimur stærstu framleiðendum á flökunarvélum fyrir lax. Unnið er að frekari þróun við laxaskurð og kynnti félagið nýlega hausara fyrir lax sem raðar sjálfvirkt inn í Carnitech flökunarvél sem gefur verulegt hagræði fyrir laxaframleiðendur og eykur nýtingu.

Carnitech kynnti einnig á árinu nýja gerð skilju-flokkara (separator) fyrir rækjutogara. Afkastageta nýju vélarinnar mætir kröfum skipa um aukin afköst mjög vel auk þess sem auðvelt er að þrifa hana.

Hluti af heildarsamstæðu Marel er Dantech sem er dótturfyrirtæki Carnitech. Dantech er staðsett í Singapore og sérhæfir sig í framleiðslu frysta fyrir matvælaframleiðslu. Dantech setti nýverið á markað nýjan hraðfrysti sem viðbót við vörulínu sína. Vörur fyrirtækjanna henta vel fyrir fisk-, kjöt- og alifuglaiðnað og passa því vel inn í heildarvöruframboðið. Þar að auki eru vörur Dantech seldar í frystingu á ís, pakkavöru, brauði og tilbúnum réttum. Dantech framleiðir „Spiral“ frysta, „tunner“ frysta, „super flow“ frysta, beltafrysta, „top flow“ frysta, flæðifrysta, „brine“ frysta, hraðfrysta, „glazing“ frysta, og aðrar sérhæfðar lausnir á því sviði.

Sölu- og markaðsstarf

Viðskiptavinir Marel eru í yfir 70 löndum. Marel leggur áherslu á að vinna með væntanlegum og núverandi viðskiptavinum sínum að því að þróa bestu mögulegu lausnirnar sem uppfylla margs konar þarfir í framleiðsluferlinu. Marel styður við sölu og þjónustu við viðskiptavinimeð einu öflugasta dreifi- og þjónustukerfi sem þekktist í iðnaðinum sem samanstendur af 34 dótturfélögum og yfir 60 umboðs- og dreifingaraðilum.

Samstarf við viðskiptavini er lykilþáttur í þróun nýrra lausna og Marel fylgist stöðugt með nýjum straumum og kröfum á hverju framleiðslusviði fyrir sig. Viðskiptavinir félagsins verða stöðugt að bregðast við breyttum kröfum viðskiptavina sinna og Marel leggur sig fram við að fylgjast vel með þeirri þróun. Í gangi er áætlun sem kölluð er „Partners in Processing“ sem gengur út á nýta allar þær lausnir sem Marel samstæðan og fyrirtæki sem að henni standa hafa upp á að bjóða og geta nýst viðskiptavinum samstæðunnar.

Lykilmarkaðir Marel eru Norður-Ameríka og Evrópa. Vaxandi markaðir eru Austur-Evrópa, Suður-Ameríka, Asía og Ástralía. Árið 2005 voru dótturfyrirtæki sett á stofn á Spáni og í Rússlandi og opnaðar voru söluskrifstofur í Póllandi og á Ítalíu með það að markmiði að styðja við þessa markaði.

Á árinu 2005 færðist áherslan í sölu- og markaðsstarfi í þá átt að styrkja samvinnu milli félaganna sem mynda Marel samstæðuna og auka þannig samlegðaráhrif sölu og markaðssetningar á alþjóðavísu. Marel, Carnitech, AEW Delford Systems, Scanvægt og dótturfyrirtæki geta í sameiningu boðið upp á heildarlausnir sem svara kröfum fisk-, kjöt og alifuglaiðnaðarins.

Áhersla félagsins í sölumálum er að auka sölu á stöðluðum lausnum og vörum, sem er í samræmi við stefnu félagsins í vöruþróun.

Sala á vélum og alhliða lausnum fyrir framleiðslu á hamborgurum, kjöthakki, salami og pylsum gekk vel á árinu 2005. Samhliða góðum viðtökum iðnaðarins á vörum og lausnum Marel hefur félagið lagt áherslu á frekari vöxt á þessu sviði og er þetta einhver vænlegasti nýi markaður samstæðunnar um þessar mundir.

Marel hefur náð góðri markaðsstöðu í tækjabúnaði fyrir fiskiðnað á heimsvísu. Flestir stærstu framleiðendurnir eru viðskiptavinir félagsins og vörumerkið er vel þekkt innan iðnaðarins. Eftir kaup Marel á danska fyrirtækinu CP

Foods A/S auk kaupa á starfsemi tengdri þýska vörumerkinu GEBA var ákveðið að setja helstu vörur sem Marel býður fyrir laxaiðnað í sérstaka einingu sem nefnd hefur verið Carnitech Salmon. Hlutverk hennar er að samþætta allar sölu- og markaðsaðgerðir samstæðunnar í laxaiðnaði. Stefnt er að því að Carnitech Salmon verði þekkingarmiðstöð fyrir laxaiðnað innan Marel samstæðunnar og verði í fararbroddi á þessum markaði í framtíðinni. Með þessum áherslum er Marel langáhrifamesta fyrirtæki á heimsvísu í framboði á vörum til fullvinnslu á laxi. Dreifingarnetið hefur einnig verið samþætt til að hámarka áhrif markaðsaðgerða og skilvirkni framleiðsluvara samstæðunnar á sviði laxavinnslu. Lausnir samstæðunnar fyrir laxavinnslu hafa átt góðu gengi að fagna. Verð á laxi hækkaði árið 2005 sem jók á bjartsýni og tiltrú á iðnaðinn. Stórfelldur samruni framleiðenda kallaði á auknar fjárfestingar og meiri hagræðingu sem leiddi til enn meiri fjárfestinga.

Marel hefur náð góðri fótfestu í sölu á tækjabúnaði fyrir alifuglavinnslu í Bandaríkjunum, en þar er að finna þróaðasta markað fyrir kjúklingaiðnað í heiminum. Flestir framleiðendur þar eru viðskiptavinir fyrirtækisins og hefur Marel oft á tíðum leitt þróun í iðnaðinum. Auk Bandaríkjanna hefur Marel náð ágættri fótfestu í þróuðum framleiðslulöndum á alifuglum innan Evrópu s.s. í Danmörku og Hollandi. Aukin sóknarfæri eru innan Evrópu s.s. í Frakklandi, á Spáni og í Rússlandi. Markaðsstarf sýnir að talsverð tækifæri er að finna í Brasilíu, Tælandi og Víetnam auk Mið-Austurlanda fyrir lausnir Marel í alifuglaiðnaði.

Lausnir Marel í tækjabúnaði fyrir kjötvinnslu hafa verið að styrkjast talsvert að undanfögnu. Vöruframboð Carnitech hefur aukist innan iðnaðarins. Með tilkomu AEW Delford Systems hefur framboðið styrkst verulega. Lausnir Marel hafa verið seldar í Bandaríkjunum, Evrópu og í Eyjaálfu og má fullyrða að talsverð tækifæri séu til frekari markaðssóknar innan iðngreinarinnar þar sem framþróun í greininni er talsvert á eftir því sem gengur og gerist í samanburði við aðrar iðngreinar sem Marel býður lausnir í. Frekari sóknarfæri er því helst að finna í nautakjötsiðnaði á Stóra-Bretlandi, í Ástralíu, Argentínu og innan Austur-Evrópu auk þess sem talsverð tækifæri er að finna í lambakjötsiðnaði á Nýja-Sjálandi. Sóknarfæri fyrir tækjalausnir í svínakjötsiðnaði er einnig í Austur-Evrópu.

Ljóst er að með þeim ytri vexti sem átt hefur sér stað innan samstæðunnar er dreifinetið orðið mun þéttara og nær enn lengra en áður. Að sama skapi nær heildarvöruvalið til mun stærrri hluta virðisikeðjunnar en áður. Samlegðaráhrifa þessarar þróunar er þegar farið að gæta bæði með aukinni sölu og á fleiri svæðum. Vöruþróun innan fyrirtækja samstæðunnar leitast nú við að auka samvinnu milli fyrirtækjanna til að hámarka nýtingu þeirra sérþekkingar sem er til staðar í hverju viðfangsefni. Með samstilltum aðgerðum verður vöruúrvalið aukið enn frekar með það að leiðarljósi að samstæðan verði fremsti samstarfsaðili á sínu sviði á heimsvísu. Með áframhaldandi vöruþróun og fullnýtingu sölunetsins við dreifingu á öllu vöruúrvali samstæðunnar er fyrir séð að mikil markaðsleg sóknartækifæri eru til staðar.

Helstu markaðir

Í atvinnugreininni er enginn einn aðili með afgerandi markaðsforystu, heldur eru fjölmörg minni félög um hituna. Marel gerir ráð fyrir að á næstu árum muni eiga sér stað samþætting í atvinnugreininni sem félagið/samstæðan ætlar sér að leiða.

Undanfarinn áratug hefur Marel samstæðan sífellt verið að styrkja stöðu sína á þeim mörkuðum sem hún er að vinna á. Megindrífkraftur í vexti samstæðunnar er tvíþættur. Annars vegar hefur rík áhersla á vöruþróun skilað sér í nýjum og oft byltingarkenndum vörum á markað. Hins vegar hefur samstæðan unnið nýja markaði með öflugri sölu- og markaðsstarfi víðsvegar um heiminn.

Heildarsala á tækjabúnaði og kerfum í fisk-, kjöt- og alifuglaiðnaði í heiminum er áætluð um 3.000 milljónir evra árið 2006 samkvæmt Freedomia Market Research (Freedomia). Markaðurinn byggist á miklum fjölda fyrirtækja þar sem ekkert eitt er með ráðandi hlutdeild. Marel telur að stærstu fyrirtækin á markaðnum séu með um 8 - 9 % markaðshlutdeild. Við kaupin á Scanvægt hefur Marel samstæðan breytt stöðu sinni á markaðnum úr því að vera eitt af fjölmörgum litlu fyrirtækjunum með um 4 – 5% markaðshlutdeild undanfarin ár í að vera eitt af stærra félögum, með um 7– 8% markaðshlutdeild.

Scanvægt mun styrkja stöðu samstæðunnar með nýjum vörum, þar á meðal er framleiðsla og hönnun á vélum fyrir framleiðslu á tilbúnum réttum (e.case ready), grænmeti, ostum og fleira. Um 19% af veltu Scanvægt á síðasta

fjárhagsári er í matvælaíðnaði sem er fyrir utan núverandi markaði Marel, þ.e. fisk-, kjöt-, kjúklingaiðnaði. Landfræðilega mun Scanvægt styrkja stöðu samstæðunnar á markaði í Suður-Evrópu og Suður-Ameríku.

AEW Delford Systems mun styrkja stöðu samstæðunnar í kjötiðnaði auk þess að fara inn á nýja markaði í ostavinnslu og mörkuðum fyrir tilbúna rétti.

Samkvæmt mati Freedomia er áætlaður vöxtur þess markaðar sem Marel starfar á um 5,5% á ári næstu árin sem og undanfarin þrjú ár. Undanfarin ár hefur Marel samstæðan vaxið hraðar en markaðurinn og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Töluverð samkeppni er í sölu á framleiðslutækjum í matvælaíðnað. Fyrirtæki sem bjóða heildarlausnir eru þó ekki mörg og samkeppnin er því aðallega í einstökum hlutum s.s. vogum, flokkurum og skurðarvélum. Auk þessara fyrirtækja er fjöldi fyrirtækja sem þjóna þeim markaði er Marel sinnir, en að öllu jöfnu bjóða þau mun einhæfara vöruframboð og á takmarkaðri svæðum en Marel samstæðan,

Þjónusta

Marel er með viðskiptavinum í fleiri en 70 löndum en leggur mikla áherslu á að færa þjónustu sína eins nálægt þeim og kostur er. Í því augnamiði hefur verið lögð sérstök áhersla á að efla tækni- og sérfræðispekkingu innan dótturfélaga samstæðunnar og hjá umboðsaðilum. Þjónusta er mjög mikilvægur þáttur í tekjumyndun Scanvægt eða um þriðjungur af heildartekjum þess félags samanborið við um fimmtungur hjá Marel samstæðunni fyrir kaupin á Scanvægt.

Á undanförunum árum hefur verið stórlega bætt við þjónustugetu félagsins og nú hefur Marel á að skipa 380 tæknimönnum víðs vegar um heiminn. Stærstu þjónustuteymin eru í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Danmörku og eru ört vaxandi í Kanada, Ástralíu, Bretlandi, Rússlandi, Chile og á Spáni. Stefnt er að því að dótturfélög samstæðunnar víðs vegar um heiminn verði sjálf sér nóg að þessu leyti og að tæknimenn félagsins á Íslandi geti í auknum mæli beint athygli að stuðningi við ný markaðssvæði og heimamarkaðinn.

Þjálfunaráætlun Marel í tæknimálum var nýlega endurskipulögð og breytt í metnaðarfullan tækniskóla sem nú er hluti af fræðslumiðstöð Marel, Mentor, sem stofnuð var í nóvember 2005. Miðstöðin býður upp á alhliða sölu- og þjónustunámskeið fyrir umboðsmenn og starfsmenn samstæðunnar.

Marel býður upp á mismunandi þjónustuáætlanir sem sniðnar eru að þörfum hvers viðskiptavinar. Í boði eru þrjú mismunandi þjónustustig: Platína, gull og silfur, en hvert stig er sveigjanlegt svo að alltaf fái besta lausnin hverju sinni.

Valmöguleikarnir eru allt frá grunnþjónustu á búnaði til víðtækrar ráðgjafar og fyrirbyggjandi viðhalds. Þjónustusamningar tryggja lágmarkstímatap vegna bilana, reglulega þjálfun, viðhald og fyrsta flokks ráðgjöf um vinnslu. Allt miðar þetta að því að veita viðskiptavinum Marel sem besta þjónustu.

Samningar bjóða upp á ráðgjöf um vinnslu sem og beinan aðgang að þjónustu og eftirfylgni, sem tryggja að starfsemin sé eins og best verður á kosið. Sérfræðingar Marel tryggja að búnaður, þjálfun og hugbúnaðarkerfi séu ávallt af nýjustu gerð. Sérfróðir og áreiðanlegir tæknimenn og sérfræðingar eru til reiðu til að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi, vinnsluráðgjöf, ítarlegum þjálfunarnámskeiðum fyrir viðskiptavinum, varahlutaumsýslu og birgðastjórnun ásamt netþjónustu og eftirliti.

9 Horfur og framtíðarsýn

9.1 Horfur

Verkefnastaða Marel samstæðunnar var samanlagt um 25 milljónir evra í lok júní 2006, í samanburði við 16 milljónir evra í lok árs 2005. Mikil vöruþróun og stöðug vinna á undanförunum árum við að efla markaðsstarfssemi fyrirtækisins hefur styrkt samkeppnisstöðu þess mikið. Sem stendur eru horfur á helstu mörkuðum Marel taldar góðar.

Gengislækkun íslensku krónunnar hefur bætt samkeppnishæfi félagsins og bætt afkomu þess. Hærra olíuverð hefur leitt til hækkaðs verðs á ýmsum hráefnum, sérstaklega á tilteknum plastefnum og ryðfriú stáli. Enn eru tækifæri til staðar til að auka framleiðni og draga úr rekstrarkostnaði, með stöðugri áherslu á að staðla fleiri vörur félagsins og aukinni hagræðingu í innkaupum.

Stjórn Marel hefur tekið ákvörðun um umfangsmikla uppbyggingu starfsemi í Slóvakíu. Marel hefur nú þegar tryggt sér lóð fyrir nýtt framleiðsluhúsnæði. Ráðgert er byggja á móta húsnæði og Marel er með í Garðabæ og að það verði að fullu komið í notkun í ársbyrjun 2008 og að starfs fólk verði 200 til 300 talsins. Fyrsta skrefið hefur verið stigið með leigu á minna húsnæði og framleiðsla er hafin í því. Jafnframt var á síðasta ári tekið yfir framleiðslufyrirtæki í Singapore með um 90 starfsmenn sem gefur fyrirtækinu tækifæri til að framleiða vörur þar með hagkvæmari hætti. Bæði þessi verkefni eru unnin af stjórnendum Carnitech í nánú samstarfi við yfirstjórn félagsins. Ljóst er að vægi Íslands mun stórmínka á næstu árum í starfseminni og að sama skapi gjaldmiðlaáhætta félagsins, þar sem 21% gjalda samstæðunnar er í íslenskum krónum á fyrstu sex mánuði ársins 2006 en einungis 2% tekna.

Söluhorfur fyrir árið 2006 eru taldar góðar og nýjar vörur sem kynntar hafa verið á síðustu mánuðum hafa fengið góðar viðtökur. Þriðji ársfjórðungur 2006 mun eins og áður mótast nokkuð af sumarfríum hjá viðskiptavinum Marel samstæðunnar og því er gert ráð fyrir færri afhendingum og tekjufærslu af þeim sökum á fjórðungnum.

Á undanförunum mánuðum hefur gengisþróun gjaldmiðla verið félaginu hagstæð. Veiking íslensku krónunnar lækkar íslenskan kostnað félagsins og eykur rekstrarhagnað þess. Félagið hefur gert framvirka samninga sem tryggja hagstætt gengi krónunnar fram í nóvember 2007.

Seinni hluti ársins 2006 mun mótast af umfangsmiklum samþættingaraðgerðum og einskiptikostnaði þeim tengdum. Samþætting á milli Marel, AEW Delford Systems og Carnitech gengur samkvæmt áætlun og framundan er vinna við samþættingu Scanvægt International A/S við Marel samstæðuna.

Breytingar á samstæðunni frá síðasta reikningsskiladegi

Þann 4. ágúst 2006 var gengið frá kaupum á danska fyrirtækinu Scanvægt. Félagið var tekið inn í samstæðureikning Marel frá og með 4. ágúst 2006. Áhrifa af kaupum Marel á Scanvægt munu koma fram í reikningum samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi. Nánar er fjallað um áhrif Scanvægt á efnahag og sjóðstreymi Marel í kafla 7.1 hér að framan.

9.2 Framtíðarsýn


Framtíðarsýn Marel er að vera í fararbroddi á alþjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu hátækniúnaðar fyrir matvælaíðnaðinn og auka þar með framleiðni viðskiptavina.

Unnið hefur verið að stefnumörkun og framkvæmdaáætlun fyrir Marel samstæðuna til næstu ára. Vinnan hefur falist í að skoða samkeppnisstöðu Marel og það umhverfi sem félagið starfar í. Eins og fram kemur í umfjöllun um markaði sem Marel starfar á er enginn einn aðili með afgerandi markaðsforystu, heldur fjölmörg minni félög. Stjórnendur Marel gera ráð fyrir að mikil samþætting muni eiga sér stað á komandi árum sem Marel ætlar sér að leiða.

Marel stefnir að því að ná 15-20% markaðshlutdeild á næstu 35 árum og 400-500 milljóna evra veltu. Þetta hyggst Marel ná með, sterkum innri vexti, stefnumótandi kaupum/samruna á tveimur til fjórum lykilmörkum með góða vaxtarmöguleika og sterkum samlegðaráhrifum við Marel. Einnig með því að byggja upp bestu vöruna og þjónustuframboðið.

Velta Marel á árinu 2005 var 129 milljónir evra. Með kaupunum á AEW Delford og Scanvægt er gert ráð fyrir að ársvelta samstæðunnar á árinu 2007 rúmlega tvöfaldist frá árinu 2005. Stjórnendur Marel gera ráð fyrir að hægt verði að ná markmiði félagsins um 400-500 milljóna evra veltu á næstu þremur til fimm árum með innri vexti. Áfram verður þó unnið að því að skoða tækifæri sem felast í ytri vexti.

Samþætting á næstu árum verður fyrst og fremst á meðal félaga sem starfa nú í Evrópu og Norður-Ameríku. Stærra og öflugra sameinað félag hefur þá meiri kraft til að leiða uppbyggingu nýmarkaða í Austur Evrópu, Asíu og Suður-Ameríku.



10 Stjórnarhættir, stjórn og starfsmenn

Með stjórn Marel fara hluthafafundir, stjórn félagsins og forstjóri. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda. Félagið lýtur fimm manna stjórn sem kjörin er árlega á aðalfundi félagsins. Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eins og þurfa þykir. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og setur félaginu markmið í rekstri með hagsmuni þess og hluthafa að leiðarljósi í samræmi við tilgang félagsins.

10.1 Stjórnarhættir

Stjórn Marel fylgir samþykktum félagsins í starfsháttum sínum. Stjórnin hefur einnig sett sér eigin starfsreglur sem fylgt er gaumgæfilega. Reglur þessar og gerðir stjórnarinnar fylgja að öllu leyti þeim viðmiðunarreglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem settar eru af Kauphöll Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði Íslands.

Innan stjórnar Marel eru tvær starfandi nefndir, þ.e. starfskjara- og endurskoðunarnefnd. Í starfskjaranefnd eru Arnar Þór Músson, Árni Oddur Þórðarson og Friðrik Jóhannsson. Verksvið starfskjaranefndar er m.a. að semja um laun og önnur starfskjör forstjóra og æðstu stjórnenda, móta stefnu í kjaramálum félagsins, þar með talið árangurstenging launa og kauprétt að hlutabréfum félagsins. Í endurskoðunarnefnd eru Friðrik Jóhannsson, Helgi Magnússon og Margrét Jónsdóttir. Verksvið endurskoðunarnefndar er m.a. að hafa eftirlit með fjárhagslegri stöðu Marel, leggja mat á innra eftirlitskerfi félagsins og áhættustýringu, mat á skýrslugerð stjórnenda um fjármál, mat á hvort lögum og reglugerðum sé fylgt og loks mat á störfum löggilts endurskoðanda félagsins.

10.2 Stjórn, forstjóri og æðstu stjórnendur

Stjórn, forstjóri og æðstu stjórnendur Marel er hvorki kunnugt um að samkomulag sé milli hluthafa félagsins varðandi meðferð atkvæða né að hluthafar hafi skuldbundið sig til að selja ekki hlutabréf sín í ákveðinn tíma ef frá eru taldir hlutir í eigu Scanvægt Holding ApS. Scanvægt Holding ApS, þ.e. seljandi Scanvægt International A/S, hefur skuldbundið sig til að selja ekki meira en 20% af eignarhluta sínum í Marel innan eins árs frá afhendingu þeirra, nema að fengnu leyfi frá stjórn Marel hf.

Þeir sem sæti eiga í stjórn, forstjóri og æðstu stjórnendur, hafa ekki gert samning við útgefanda eða dótturfyrirtækja hans um að þau greiði hlunnindi við starfslok.

Þeir sem sæti eiga í stjórn, forstjóri og æðstu stjórnendur, skulduðu samstæðunni enga fjármuni við útgáfu á útgefandalýsingunni.

Stjórn

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins sem haldinn var 28. febrúar 2006. Stjórn er kosin til eins árs í senn. Á sama fundi var samþykkt að mánaðarleg þóknun til hvers stjórnarmanns fyrir næsta starfsár verði 2.000 evrur á mánuði og tvöföld sú fjárhæð fyrir stjórnarformann. Varamaður fær greiddar 2.000 evrur fyrir hvern setinn fund.

Engin óvenjuleg viðskipti hafa átt sér stað milli Marel og stjórnarmanna félagsins. Stjórnarmenn eiga ekki kaup- eða sölurétt í félaginu. Árni Oddur Þórðarson stjórnarformaður Marel, er sonur Þórðar Magnússonar sem er varamaður

í stjórn Marel. Ekki er um að ræða önnur fjölskyldutengsl á milli stjórnarmanna. Engir hagsmunaárekstrar eru vegna skyldustarfa stjórnarmanna fyrir Marel og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

Á árinu 2006 fengu stjórnarmenn Marel greiddar samtals 144.000 evrur vegna starfa sinna á árinu 2005. Stjórnarformaðurinn fékk greiddar 48.000 evrur fyrir störf sín. Fjórir meðstjórnendur fengu greiddar samtals 96.000 evrur eða 24.000 evrur hver.

Enginn í stjórn Marel hefur hlotið sakfellingu vegna svikamála, orðið gjaldþrota, þurft að sæta skiptameðferð eða fengið á sig opinbera kæru.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður

Bárugötu 7, Reykjavík

Menntun: MBA frá IMD í Sviss 2004. Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1993

Kjörinn: 2005

Eign í Marel hf., ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 81.274.544 hlutir

Árni Oddur er forstjóri og einn aðaleigandi Eyris Invest ehf. Áður en Árni Oddur stofnaði Eyris Invest ehf. um mitt ár 2000 var hann framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Búnaðarbanka Íslands hf. Árni Oddur hefur verið stjórnarmaður í Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf. frá árinu 2003 og í ráðgjafaráði Artic Ventures, sem er hátækniþjóður í Stokkhólmi, frá árinu 1999. Árni Oddur hefur undanfarin fimm ár ekki setið í öðrum stjórnnum

Arnar Þór Mátsson, meðstjórnandi

Reynimel 23, Reykjavík

Menntun: Stjórnmálafræðingur með MSc. í samanburðarstjórnmálum frá London School of Economics and Political Science 1997. BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 1996. Stundar nú nám i verðbréfiðskiptum við Háskólann í Reykjavík.

Kjörinn: 2001

Eign í Marel hf., ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 11.640 hlutir

Arnar er sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og hefur starfað þar undanfarin fimm ár. Samhliða starfi sínu í ráðuneytinu er Arnar aðjúnkt við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands. Arnar situr ekki í stjórn annarra félaga en Marel við útgáfu útgefandalýsingarinnar. Arnar var í stjórn Hitaveitu Hjaltadals sf. frá apríl 2003 til nóvember 2005 og Löggildingarstofu frá apríl 2003 til júlí 2005. Hann hefur ekki setið í öðrum stjórnnum síðastliðin fimm ár.

Friðrik Jóhannsson, meðstjórnandi

Hvassaleiti 79, Reykjavík

Menntun: Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1982. Löggiltur endurskoðandi 1987

Kjörinn: Varastjórn 1997-2004. Aðalstjórn frá 2004. Stjórnarformaður frá aðalfundi 2005 þar til í október 2005.

Eign í Marel hf., ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 hlutir

Friðrik tók við starfi forstjóra Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. í júní 2006. Áður var Friðrik forstjóri Burðarás hf., eða frá mars 2004 til september 2005. Friðrik er stjórnarformaður og stærsti hluthafi TM Software hf. Stjórnarmaður í Cynlect frá apríl 2006. Friðrik er stjórnarformaður Kauphallar Íslands, Verðbréfaskráningar Íslands og Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþing hf. Friðrik hefur setið í stjórn eftirtalinna félaga: Iceland Genomic Ventures Holding, Alfesca hf., Þróunarfélag Íslands hf., Eimskipafélag Íslands ehf., Haraldur Böðvarsson og Co hf., Skagstrendingur hf., Flow Matrix Inc., Urður Verðandi Skuld hf. (UVS), Og fjarskiptum hf. (nú Dagsbrún hf.). Hann hefur ekki setið í öðrum stjórnnum síðastliðin fimm ár.

Helgi Magnússon, meðstjórnandi

Hofgördum 13, Seltjarnarnes

Menntun: Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1974. Löggiltur endurskoðandi 1975.

Kjörinn: 2005

Eign í Marel hf., ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 3.876.000 hlutir

Helgi er stærsti eigandi, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Hofgarða ehf. og Eignarhaldsfélags Hörpu ehf. Helgi er stjórnarformaður Flugger Harpa Þjófn ehf., formaður Samtaka iðnaðarins, meðstjórnandi og í framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Jafnframt situr Helgi í stjórn Bláa lónsins hf.,

Íslenska lífeyrissjóðsins og Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur. Helgi hefur setið í stjórn eftirtalinnna félaga: Íslandsbanka hf. (nú Glitnir hf.), Lífeyrissjóðsins Framsýnar og VVÍB (verðbréfasjóður Verðbréfamarkaða Íslandsbanka). Hann hefur ekki setið í öðrum stjórnnum síðastliðin fimm ár.

Margrét Jónsdóttir, meðstjórnandi

Nesbala 15, Seltjarnarnes

Menntun: Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1983, Master of Accounting and Auditing frá Háskóla Íslands 2006.

Kjörin: 2006

Eign í Marel hf., ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 50.000 hlutir

Margrét er fjármálastjóri Eyrís Invest ehf. Áður var Margrét framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eddu útgáfu hf., frá desember 2001 til október 2002. Hún var forstöðumaður fjárhagsdeildar Kreditkorta hf. frá ágúst 2000 til desember 2001. Forstöðumaður reikningshalds og áætlana hjá Fjárfestingarbanka Atvinnulífsins hf. (FBA), janúar 1998 til júní 2000. Við útgáfu útgefandalýsingarinnar situr Margrét ekki í stjórn annarra félaga en Marel. Hún hefur ekki setið í öðrum stjórnnum síðastliðin fimm ár.

Varamenn:

Hanna Katrín Friðriksson, Barmahlíð 3, Reykjavík

Kjörin: 2004

Menntun: BA í heimspeki og hagfræði frá Háskóla Íslands 1995, MBA University of California 2001

Eign í Marel hf., ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 hlutir

Hanna Katrín tók við starfi forstöðumanns stjórnunarviðs Eimskipa 2005. Áður var Hanna Katrín forstöðumaður hjá Háskólanum í Reykjavík eða árunum 2002 til 2005. Hanna Katrín situr ekki stjórn annarra félaga en Marel við útgáfu útgefandalýsingarinnar. Á undanförunum fimm árum sat Hanna Katrín í stjórn Íslenska Útvarpsfélagsins hf.

Þórður Magnússon, Ægisíðu 72, Reykjavík

Kjörinn: 2006

Menntun: Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. MBA frá Minnesota-háskóla.

Eign í Marel hf., ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 81.280.944 hlutir

Þórður er stjórnarformaður Eyrís Invest ehf. sem hann ásamt Árna Oddi, stjórnarformanni Marel, stofnuðu árið 2000. Áður en Þórður stofnaði Eyrís Invest gegndi hann starfi framkvæmdastjóra fjármála- og stjórnunarviðs Hf. Eimskipafélags Íslands í rúm tuttugu ár. Þórður sat víða í stjórn vegna stöðu sinnar í Eimskip. Jafnframt því að vera stjórnarformaður Eyrís Invest og Marorku hf. situr Þórður í stjórn Össurar hf., Byko hf. og Kaupáss hf. Á undanförunum fimm árum hefur Þórður ekki setið í öðrum stjórnnum en koma fram hér að framan.

Stjórnendur Marel samstæðunnar

Í framhaldi af nýrri stefnumörkun Marel samstæðunnar sem kynnt var á aðalfundi félagsins 28. febrúar 2006 og stofnunar Marel á AEW Delford Systems í Bretlandi voru gerðar breytingar á stjórnendahóp samstæðunnar. Ásgeir Ásgeirsson tók við stöðu bróstjóra hins nýja félags, AEW Delford Systems á Bretlandi. Ásgeir var áður annar tveggja framkvæmdastjóra vörupróunar. Sigsteinn P. Grétarsson tók við nýrri stöðu innan samstæðunnar sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og Kristján Hallvarðsson tók einnig við nýrri stöðu innan samstæðunnar sem framkvæmdastjóri vörupróunarferlisins.

Í byrjun ágúst 2006 voru aftur gerðar breytingar á stjórnendahóp félagsins. Lárus Ásgeirsson, sem verið hefur annar af tveimur framkvæmdastjórum sölu- og markaðssviðs Marel sem og staðgengill forstjóra, varð forstjóri Scanvægt. Sigurpáll Jónsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri þjónustusviðs, tekur við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar hjá Scanvægt. Halldór Magnússon, sem verið hefur sölustjóri Marel fyrir Asíu, mun verða framkvæmdastjóri þjónustusviðs.

Enginn af stjórnendum Marel samstæðunnar hefur hlotið sakfellingu vegna svikamála, orðið gjaldþrota, þurft að sæta skiptameðferð eða fengið á sig opinbera kæru.

Engir hagsmunaárekstrar eru vegna skyldustarfa forstjóra og æðstu stjórnenda fyrir Marel og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

Hörður Arnarson, forstjóri

Stallaseli 8, Reykjavík

Menntun: B.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1985. Ph.D. í rafmagnsverkfræði frá DTU í Danmörku 1990.

Laun og hlunnindi 2005: 426.535 EUR

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 1.459.790 hlutir

Kaupréttir: 1.971.430 hlutir, þar af eru 971.430 hlutir á genginu 42,0 og 1.000.000 hlutir á genginu 70,0

Hörður gekk til liðs við Marel 1985 sem verkefnastjóri. Árið 1994 varð hann framkvæmdastjóri vöruþróunardeildar og framkvæmdastjóri framleiðsludeildar árið 1998 til 1999 þegar hann varð forstjóri Marel samstæðunnar. Hörður er varaformaður í stjórn Samtaka ðnaðarins og situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Hörður sat í stjórn Háskólans í Reykjavík. Á undanföllum fimm árum hefur Hörður ekki setið í öðrum stjórnnum en getið er um hér að framan.

Thorkild Christensen, forstjóri Carnitech A/S

Tinesvej 24, 9380 Vestbjerg, Danmörk

Menntun: Lásasmiður frá Östre Brønderslev Centralskole í Danmörku 1966.

Laun og hlunnindi 2005: 170.735 EUR

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 hlutir

Kaupréttir: 300.000 hlutir á genginu 70,0

Thorkild Christensen var einn af stofnendum Carnitech A/S árið 1981. Áður vann hann sem lásasmiður og eftirlitsmaður. Hann varð forstjóri Carnitech árið 1983. Thorkild er stjórnarformaður Carnitech US og Foodtech System pte Ltd og meðstjórnandi Carnitech Norway, sem öll eru dótturfélög Carnitech A/S. Á undanföllum fimm árum hefur Thorkild ekki setið í öðrum stjórnnum en getið er um hér að framan.

Ásgeir Ásgeirsson, forstjóri AEW Delford Systems Ltd.

Álandi 1, 108 Reykjavík

Menntun: Rafmagnsverkfræðingur frá Háskóla Íslands 1986, Tölvunarfræðingur frá Háskóla Íslands 1990. Meistaragráða í rafmagnsverkfræði frá University of Washington í Seattle í Bandaríkjunum 1993.

Laun og hlunnindi 2005: 196.323 EUR

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 61.285 hlutir.

Kaupréttir: 225.715 hlutir, þar af eru 75.715 hlutir á genginu 42,0 og 300.000 hlutir á genginu 70,0

Ásgeir hóf störf hjá Marel 1986 og starfaði við vöruþróun hjá félaginu til ársloka 1996 eða þar til hann tók við starfi forstöðumanns upplýsingatæknideildar og gæðamála sem hann gegndi þar til hann varð vörustjóri fyrir kerfishugbúnað í byrjun árs 2000. Ásgeir var framkvæmdastjóra vöruþróunar frá 2001 til 2006, ásamt því að vera forstjóri Póls hf. á Ísafirði frá apríl 2004 til ársloka 2005. Ásgeir tók við starfi forstjóra AEW Delford Systems í Bretlandi í apríl 2006. Á undanföllum fimm árum hefur Ásgeir ekki setið í stjórnnum félaga.

Lárus Ásgeirsson, forstjóri Scanvægt International AS

Meðalbraut 24, Kópavogi

Menntun: B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 1981. M.Sc. í vélaverkfræði frá Oklahoma State University 1982.

Laun og hlunnindi 2005: 234.889 EUR

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 1.041.395 hlutir

Kaupréttir: 785.715 hlutir, þar af eru 485.715 hlutir á genginu 42,0 og 300.000 hlutir á genginu 70,0

Lárus var sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins frá 1983 til 1986. Hann varð rekstrarstjóri Lýsis 1986 til 1987 og framkvæmdastjóri Icepro Group í Bandaríkjunum frá 1987 til 1991. Lárus var framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Marel frá 1991 og þar til hann tók við stöðu forstjóra Scanvægt í Danmörku í ágúst 2006. Lárus er meðstjórnandi í Stáltaki hf., Útflutningsráði Íslands og Dansk íslenska viðskiptaráðinu. Jafnframt situr Lárus í stjórn

Carnitech A/S og öðrum dótturfélögum Marel hf. Á undanförunum fimm árum hefur Lárus ekki setið í öðrum stjórnnum en getið er um hér að framan.

Halldór Magnússon, framkvæmdastjóri þjónustu

Flóka götu 56, Reykjavík

Menntun: B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 1990. Meistaragráða í vélaverkfræði frá University of Washington 1994.

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 2.100 hlutir

Kaupréttir: 150.000 hlutir á genginu 70,0

Halldór hóf störf hjá Marel 1994 og starfaði sem söluhönnuður og svæðissölustjóri þar til hann flutti til Bretlands 1998 og kom á fót söluskrifstofu Marel á Bretlandi. Hann gegndi starfi framkvæmdastjóra Marel UK Ltd. þar til hann kom aftur til starfa hjá Marel hf. í byrjun árs 2005. Hann var sölustjóri Marel fyrir Asíu þar til í ágúst 2006 er hann tók við stöðu framkvæmdastjóra þjónustusviðs Marel hf. Á undanförunum fimm árum hefur Halldór ekki setið í stjórnnum annarra félaga en dótturfélaga Marel.

Jón Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar

Gígjulundi 8, Garðabæ

Menntun: Tæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands 1973. B.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1978.

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 615.019 hlutir

Kaupréttir: 371.430 hlutir, þar af eru 221.430 hlutir á genginu 42,0 og 150.000 hlutir á genginu 70,0

Jón Þór var sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands frá 1978 til 1983 þar sem hann kannaði möguleikana á því að þróa og framleiða vogir sem gætu stýrt vinnslu í fiskverkunarhúsum. Þessi vinna lagði grunninn að stofnun Marel 1983. Jón Þór hefur starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi og verið framkvæmdastjóri vöruþróunar frá 1987. Jón Þór er meðeigandi og stjórnarformaður Samey ehf. og varamaður í stjórn Stjórnun-Odda hf. Á undanförunum fimm árum hefur Jón Þór ekki setið í öðrum stjórnnum en getið er um hér að framan.

Kristján Hallvarðsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar

Birkigrund 29, Kópavogi

Menntun: B.S. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1993. M.Sc. í rafmagnsverkfræði frá NCSU 1998

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 11.056 hlutir

Kaupréttir: 230.000 hlutir, þar af eru 80.000 hlutir á genginu 42,0 og 150.000 hlutir á genginu 70,0

Kristján hefur starfað hjá Marel síðan 1993 við verkefni tengdum vöruþróun á rafbúnaðarsviði og tækjahugbúnaðarsviði. Hann starfaði við sölu og þjónustu hjá Marel USA í Bandaríkjunum frá 1995 til 1998. Hann var vörustjóri skurðarvélahóps frá 2001 til 2006. Kristján á 50% hlut í Krýnu ehf. og situr í stjórn þess félags. Á undanförunum fimm árum hefur Kristján ekki setið í öðrum stjórnnum en getið er um hér að framan.

Kristján Þorsteinsson, framkvæmdastjóri fjármála

Rítuhólum 3, Reykjavík

Menntun: Vðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1976.

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 770.070 hlutir

Kaupréttir: 371.430 hlutir, þar af eru 221.430 hlutir á genginu 42,0 og 150.000 hlutir á genginu 70,0

Kristján var forstöðumaður á fjármálasviði Eimskipafélags Íslands frá 1978 til 1996. Árið 1996 varð hann framkvæmdastjóri umboðsfyrirtækis í Englandi í eigu Eimskip sem annaðist rekstur skipafélaga. Hann gekk til liðs við Marel 1999 sem framkvæmdastjóri fjármála. Kristján var stjórnarformaður í Ístúni hf. í Vestmannaeyjum á árunum 1999 til 2002. Jafnframt situr Kristján í stjórn ýmissa dótturfélaga Marel. Á undanförunum fimm árum hefur Kristján ekki setið í öðrum stjórnnum en getið er um hér að framan.

Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðslu

Búlandi 19, Reykjavík

Menntun: B.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1987. M.Sc. í rafmagnsverkfræði frá DTU í Danmörku 1990.

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 187.000 hlutir

Kaupréttir: 150.000 hlutir á genginu 70,0

Magnús gekk til liðs við Marel árið 1990 og varð starfsmannastjóri 1998. Magnús varð framkvæmdastjóri framleiðsludeildar Marel í desember 1999. Á undanförunum fimm árum hefur Magnús ekki setið í stjórn annarra félaga en dótturfélaga Marel.

Pétur Guðjónsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs

Brúnalandi 8, Reykjavík

Menntun: B.Sc. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1982

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 663.553 hlutir

Kaupréttir: 800.000 hlutir, þar af eru 500.000 hlutir á genginu 42,0 og 300.000 hlutir á genginu 70,0

Pétur starfaði sem verkfræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands frá 1982 til 1984 samtímis kennslu við Tækniskóla Íslands, frá 1982 til 1985. Hann hóf störf sem verkfræðingur hjá Marel árið 1984 og var meðal fyrstu starfsmanna fyrirtækisins. Pétur var framkvæmdastjóri Marel Equipment í Kanada fram til ársins 1991 en þá varð hann framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs. Pétur tók sæti í stjórn Vaka hf. í júní 2006. Pétur hefur setið í stjórn Flögu hf. frá maí 1997 til apríl 2004 og X18 hf. frá 2002 til 2003 eða þar til félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Á undanförunum fimm árum hefur Pétur ekki setið í stjórn annarra félaga.

Sigsteinn P. Grétarsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar

Hæðarbyggð 26, Garðabæ

Menntun: B.S. í vélaverkfræði frá Bradley University, Illinois 1990. M.Sc. í vélaverkfræði frá University of Illinois at Urbana-Champaign 1992

Eign í Marel hf. ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 14.285 hlutir

Kaupréttir: 201.430 hlutir, þar af eru 51.430 hlutir á genginu 42,0 og 150.000 hlutir á genginu 70,0

Sigsteinn hefur starfað hjá Marel síðan 1997 sem sölustjóri og ráðgjafi á sölu- og markaðssviði. Sigsteinn var framkvæmdastjóri dótturfélags Marel í Ástralíu frá 2001 til 2005. Eftir heimkomu til móðurfélagsins hefur hann unnið að samruna og fjárfestingaverkefnum. Á undanförunum fimm árum hefur Sigsteinn ekki setið í stjórn annarra félaga en dótturfélaga Marel.

Laun og hlutabréfaeign stjórnenda Marel árið 2005

Eins og kemur fram í umfjöllun um stjórnendur samstæðunnar hér að framan hafa verið gerðar breytingar á stjórnendahóp samstæðunnar frá síðustu áramótum. Þrír nýir framkvæmdastjóra bættust við hópinn og tveir fluttu sig um set innan samstæðunnar. Í dag eru framkvæmdastjórar móðurfélagsins því átta í stað sjö á síðasta ári. Laun og hlunnindi sjö framkvæmdastjóra móðurfélagsins á árinu 2005 voru samtals 1.446.531 evra.

Við útgáfu útgefandalýsingarinnar skulduðu stjórnendur félagsins samstæðunni enga fjármuni. Engin viðskipti, þ.e. kaup á vöru eða þjónustu, hafa átt sér stað milli stjórnenda og samstæðunnar á árinu 2005 og það sem af er árinu 2006.

Félagið er með tvær kaupréttaráætlanir í gangi annars vegar áætlun frá byrjun árs 2001 þar sem kaupréttargengið var 42,0 og hins vegar áætlun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 28. febrúar 2006 þar sem kaupréttargengið var 70,0. Nánar er fjallað um kaupréttaráætlanir félagsins í kafla 10.4.

10.3 Starfsmenn

Með starfsmannastefnu sinni leitast Marel við að viðhalda anda framsækings hátækniyrirtækis og bjóða jafnframt upp á metnaðarfullt og jákvætt starfsumhverfi. Á hverju ári er farið í gegnum stefnumörkun og sett viðmið í starfsmannamálum sem starfsmenn félagsins taka þátt í að móta. Starfsmannastefna Marel byggir á traustum en sveigjanlegum grunni og hvatt er til sköpunargleði og einstaklingsframtaks þar sem lögð er áhersla á ábyrgð hvers og eins. Sköpunarkraftur er ómissandi þáttur í mikilli samkeppni og þótt markmið Marel séu skýr er fólk hvatt til að þessa að leita óvenjulegra leiða til að ná þeim.

Það er afdráttarlaus stefna Marel að tryggja öruggt og þægilegt vinnuumhverfi. Vandlega er fylgst með öllum hlíðum öryggis- og heilbrigðismála á vinnustað. Góð vinnuaðstaða er nauðsynleg til að starfsmenn nái árangri. Stöðugur vöxtur einkennir enn starfsmannamál innan samstæðunnar. Marel samstæðan nýtur þess hve starfsmannaveltan er lág en hún var 6,85% árið 2005. Þessi velta er í samræmi við meðaltal undanfarinna ára.

Í kjölfar kaupa Marel á Scanvægt International A/S starfa nú 2.080 starfsmenn hjá Marel samstæðunni, flestir í Danmörku eða 950, á Íslandi 350 og 330 í Bretlandi auk 450 starfsmanna á söluskrifstofum víðs vegar um heiminn.

Starfsmenn Marel samstæðunnar	08/2006	2005	2004	2003
Móðurfélagið - Ísland	375	348	293	266
Erlend dótturfélög Marel	155	132	102	87
Carnitech samstæðan	520	518	425	435
AEW Delford Systems	330	-	-	-
Scanvægt International AS	700	-	-	-
2080	998	820	788	788

**Fjöldi starfsmanna hjá erlendum dótturfélögum Marel hf. fyrir utan Carnitech*

Marel er þekkingarfyrirtæki sem leggur áherslu á símenntun. Með þetta í huga voru margvíslegar

þjálfunaráætlanir innan fyrirtækisins sameinaðar í fræðslumiðstöð Marel Mentor í nóvember 2005. Markmiðið með Mentor er að tryggja að starfsmenn Marel samstæðunnar og umboðsmenn hafi þá þekkingu og kunnáttu sem þarf til að fylgja eftir sýn félagsins.

Mentor samanstendur af tækniskóla, þjónustuskóla og söluskóla og öðru sérhæfðu námi fyrir ýmsa hópa, s.s. þjálfun og fræðslu stjórnenda, grunnnámi fyrir nýliða og þekkingarmiðlun fyrir alla Marel samstæðuna.

Á árinu 2005 gerði mannauðsdeild félagsins skoðanakönnun meðal starfsfólksins. Niðurstöðurnar voru jákvæðar þar sem meirihluti taldi andann í fyrirtækinu vera hvetjandi, frjálsglegan og góðan. Könnunin leiddi einnig í ljós að góður liðsandi og samvinna ríkir á milli starfsmanna og að fyrirtækið nýtur góðs af jafnræðisstefnu og tiltölulega flatri stjórnunarskipan. Gagnkvæm virðing og hvatning ríkir milli stjórnenda og starfsmanna.

10.4 Kaupréttarkerfi

Hjá Marel eru tvær kaupréttaráætlanir í gangi. Fyrri áætluninni var komið á laggirnar í ársbyrjun 2001 og þeirri síðari í febrúar 2006.

Í ársbyrjun 2001 gekk Marel frá kaupréttarsamningum við alla fastráðna starfsmenn sína á Íslandi. Kaupverðið samkvæmt samningunum var ISK 42,0 á hlut sem samsvaraði markaðsverði á þeim tíma. Kaupréttir eru valkvæðir en ávinnast eftir ákveðinn starfstíma, fyrst einu ári og þremur mánuðum eftir að kaupréttur var veittur. Kaupréttir eru nýtanlegir á árunum 2002 til 2007. Samstæðan hefur ekki skuldbundið sig til að gera kaupréttina upp með peningagreiðslum.

Við útgáfu útgefandalýsingarinnar eru 4.207.000 hlutir útistandandi samkvæmt kaupréttaráætlun félagsins frá ársbyrjun 2001, þar af á forstjóri 971.430 hluti, sex framkvæmdastjórar 1.820.005 hluti og aðrir starfsmenn 1.415.565 hluti. Allir hlutir samkvæmt framgreindri áætlun voru innleysanlegir í árslok 2005. Útistandandi kauprétti er hægt að flytja milli ára en þeir renna út í apríl 2007.

Stjórn Marel, að fenginni tillögu starfskjaranefndar, var veitt heimild á aðalfundi félagsins 28. febrúar 2006 til að gera kaupréttarsamninga við breiðan hóp starfsmanna í Marel samstæðunni. Kaupréttaráætlunin veitir starfsmönnum heimild að nýta sér 50% af úthlutaðum kauprétti eftir þriggja ára starf frá undirritun samninga og seinni 50% eftir fjögurra ára starf.

Alls hefur 12.220.000 hlutum verið úthlutað samkvæmt framangreindri áætlun, þar af á forstjóri 1.000.000 hluti, níu framkvæmdastjórar 3.940.000 hluti og aðrir starfsmenn 7.280.000 hluti. Kaupréttargengið var ISK 70,0 á hlut sem samsvaraði markaðsverði á þeim tíma. Hægt er að innleysa helming af framangreindum hlutum í febrúar eða nóvember 2009 og helming í febrúar eða nóvember 2010. Eigendur kaupréttanna geta valið hvort þeir innleysa kaupréttina í febrúar eða nóvember á árunum 2009 og 2010. Sá réttur sem ekki er nýttur á viðkomandi ári færast yfir á næsta ár, þó þannig að síðasti mögulegi innlausnartími er janúar 2011. Eftir það fellur ónýttur kaupréttur niður.

11 Hlutfé og hluthafar

11.1 Hlutfé

Heildarfjöldi hluta í Marel hf. eru 240.064.000 hlutir. Allir hlutirnir eru í einum flokki og skiptast í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Allir hlutir í Marel eru að fullu greiddir.

Við útgáfu útgefandalýsingarinnar á Marel 2.067.836 eigin hluti eða sem nemur 0,86% af heildarfjölda útgefinna hluta. Í lok júní 2006 voru eigin hlutir Marel bókfærðir á 1,9 milljónir evra. Félaginu er heimilt að eiga eigin hlutabréf að því marki sem VII. kafli laga nr. 2/1995 heimilar. Félagið má ekki veita lán út á hlutabréf sín.

Hlutfé Marel hefur ekki verið hækkað á því tímabili sem sögulegar fjárhags upplýsingar taka til.

Heimildir til hlutafjáraukninga

Á hluthafafundi 28. febrúar 2006 var stjórn félagsins veitt heimild til að hækka hlutfé félagsins í áföngum eða í einu lagi um allt að kr. 12.000.000 að nafnverði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta ekki forgangs til áskriftar á þessum nýju hlutum sem nýttir skulu til að uppfylla kaupréttarsamninga sem gerði verða við starfsmenn o.fl. samkvæmt þeirri kaupréttaráætlun sem gildir innan félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem stjórn félagsins eða forstjóri gera við hlutaðeigandi. Gildir heimild þessi í 5 ár frá samþykki hennar.

Á hluthafafundi 18. ágúst 2006 var stjórn félagsins veitt heimild til að hækka hlutfé félagsins um allt að 172.016.732 hluti. Um er að ræða þrjár heimildir:

1. Heimild til handa stjórn til að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 52.016.732,- að nafnverði. Hlutirnir verða gefnir út og afhentir hluthöfum í Scanvægt International A/S sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í Scanvægt International A/S. Heimild þessi gildir í 6 mánuði. Réttindi skulu fylgja hlutunum frá skráningardegi hækkunarinnar. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til kaupa á framangreindum hlutum.
2. Heimild til handa stjórn félagsins að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 60.000.000,- að nafnverði. Hlutirnir verða seldir fjárfestum í hlutafjárútboði. Heimildin er í tveimur liðum:
 - a. Heimild stjórnar til að hækka hlutfé félagsins um allt að 30.000.000,- að nafnverði. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til kaupa á þessum hlutum sem seldir verða í lokuðu hlutafjárútboði til fagfjárfesta. Stjórn er veitt heimild til að úthluta þeim hluta heimildarinnar sem ekki fæst áskrift fyrir til forgangsréttarhafa
 - b. Heimild stjórnar til að hækka hlutfé félagsins um allt að 30.000.000,- að nafnverði. Hlutir sem seldir verða í hlutafjárútboði til forgangsréttarhafa.

Réttindi skulu fylgja hlutunum frá skráningardegi hækkunarinnar. Stjórn er veitt heimild til að ákveða söluskilmála og útfæra sölu hinna nýju hluta. Heimild þessi gildir í 12 mánuði eftir samþykki hennar.

3. Heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutfé þess um allt að kr. 60.000.000,- að nafnverði til að ráðstafa sem greiðslu fyrir hluti í öðrum félögum eða til að fjármagna ytri vöxt Marel hf. Hluthafar skulu falla frá forkaupsrétti að hluta eða að öllu leyti. Réttindi skulu fylgja hlutunum frá skráningardegi hækkunarinnar. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykki hennar.

Heimildir til hækkunar eftir fyrirhugað hlutafjárútböð og hækkun hlutafjár vegna Scanvægt

Marel hefur heimild samkvæmt samþykktum að hækka hlutafé um allt að 12.000.000 hluti og selja starfsmönnum í tengslum við kaupréttarsamninga. Jafnframt mun félagið eiga heimild samkvæmt samþykktum til að hækka hlutafé um allt að 45.000.000 hluti og ráðstafa sem greiðslu fyrir hluti í öðrum félögum eða til að fjármagna ytri vöxt Marel.

Arðgreiðslur og arðgreiðslustefna

Samkvæmt venju skal arður greiddur þeim sem skráðir eru í hlutaskrá í lok aðalfundardags nema félaginu hafi borist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutar. Arður er greiddur inn á bankareikninga, viku eftir aðalfundardag, sem hluthafar hafa tilgreint sem ráðstöfunarreikning fyrir arðgreiðslur og er tengdur VS-reikningum þeirra. Meðfylgjandi tafla sýnir arð Marel á árunum 2003-2005 sem greiddur er út á árunum 2004-2006.

Ár	Arður á hlut	Fjárhæð**	Hlutfall af heildarfjöldi hluta
2005	0,20	601	20%
2004	0,15	590	15%
2003	0,10	407	10%

**Fjárhæðir í þúsundum evra og verðlagi hvers árs

Marel hefur ekki fastmótaða stefnu varðandi arðgreiðslur en undanfarin þrjú ár hefur Marel greitt út arð á bilinu 10 – 20% af nafnverði hlutafjár.

11.2 Hluthafar

Við útgáfu útgefandalýsingarinnar eru 30% hlutafjár í eigu almennra fjárfesta. Almennir fjárfestar eru aðrir en stjórnarmenn, lykilstjórnendur, einstakir hluthafar sem eiga 10% eða meira, og aðilar fjárhagslega tengdir þeim, svo sem makar, sambýlingar og djárráða börn, svo og móður- og dótturfélög. Samkvæmt skráningarskilyrðum Kauphallar Íslands skal að lágmarki vera 25% hlutafjár skráðra félaga í eigu almennra fjárfesta.

Við útgáfu útgefandalýsingarinnar eru hluthafar Marel 1.093. Tíu stærstu hluthafar í félaginu eiga 192.060.094 hluti eða sem samsvarar 80%. Meðfylgjandi er listi yfir tíu stærstu hluthafa Marel.

Eyris Invest ehf. er alþjóðlegt fjárfestingarfélag og er megináhersla lögð á fjárfestingar í skráðum hlutabréfum í Evrópu, einkum á Norðurlöndum. Stærstu einstöku eignarhlutir Eyris Invest eru hlutabréf í Marel og Össuri. Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel og Þórður Magnússon, varamaður í stjórn Marel, eru stofnendur og aðaleigendur Eyris Invest ehf. Jafnframt er Margrét Jónsdóttir, stjórnarmaður í Marel, fjármálastjóri Eyris Invest ehf.

Landsbanki Íslands hf. er umsjónaraðili útgefandalýsingar þessarar.

Helgi Magnússon, stjórnarmaður í Marel, er stjórnarformaður og meirihluta eigandi í Eignarhaldsfélagi Hörpu ehf.

Tíu stærstu hluthafar	Fjöldi	Eignarhlutur
Marel 7.sept. 2006		
Eyris Invest ehf.	81.274.544	33,86%
Landsbanki Íslands hf.	79.293.122	33,03%
Helga Sigurðardóttir	4.750.000	1,98%
Ingunn Sigurðardóttir	4.750.000	1,98%
Súsanna Sigurðardóttir	4.714.500	1,96%
Tryggingamiðstöðin hf.	4.160.946	1,73%
Egill Vilhjálmur Sigurðsson	3.800.000	1,58%
Eignarhaldsfélag Hörpu ehf.	3.726.000	1,55%
Traustfang ehf.	3.051.164	1,27%
Líftryggingafélag Íslands hf.	2.539.818	1,06%
Tíu stærstu hluthafar samtals	192.060.094	80,00%
Aðrir hluthafar samtals	48.003.906	20,00%
Heildarfjöldi hluta	240.064.000	100,00%
Eigin hlutir	2.067.836	0,86%
Virkir hlutir	237.996.164	99,14%

Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Allir hluthafar í Marel eiga atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn.

Hluthafasamkomulag

Marel er hvorki kunnugt um að samkomulag sé milli hluthafa félagsins varðandi meðferð atkvæða né að hluthafar hafi skuldbundið sig til að selja ekki hlutabréf sín í ákveðinn tíma ef frá eru taldir hlutir sem afhentir verða Scanvægt Holding ApS. Scanvægt Holding ApS hefur skuldbundið sig til að selja ekki meira en 20% af eignarhluta sínum í Marel innan eins árs frá afhendingu þeirra, nema að fengnu leyfi frá stjórn Marel hf. Scanvægt Holding ApS er eignarhaldsfélag í eigu seljanda Scanvægt International A/S, Lars Grundtvig, Michael Grundtvig og Henrik Grundtvig.

Fyrirhugaðar breytingar á hlutafé

Á fundi stjórnar Marel hf., sem haldinn var fimmtudaginn 24. ágúst 2006, var ákveðið að nýta heimild í samþykktum til að hækka hlutafé félagsins. Stjórn félagsins samþykkti að hækka hlutafé Marel um 127.016.732 hluti. Þar af verða 52.016.732 hlutir afhentir seljendum Scanvægt International A/S sem hluti af greiðslu fyrir alla hluti þeirra í Scanvægt International A/S og 75.000.000 nýrra hluta seldir fjárfestum í útboði.

Útboðið verður þrískipt; forgangsréttarhöfum verða boðnir 30.000.000 nýrra hluta til kaups, fagfjárfestum verða boðnir 30.000.000 hluta og loks verða 15.000.000 hluta boðnir almenningi til kaups.

Tilgangur útboðsins er að styðja við frekari vöxt Marel.

Meðfylgjandi tafla sýnir áætlaðan hluthafalista Marel annars vegar eftir afhendingu hluta til Scanvægt Holding ApS, sem er eignarhaldsfélag í eigu seljanda Scanvægt International A/S, og hins vegar miðað við afhendingu hluta til Scanvægt Holding ApS og fulla þátttöku forgangsréttarhluthafa, fagfjárfesta og almennra fjárfesta í fyrirhuguðu hlutafjárútboði félagsins í september 2006.

Áætlaður hluthafalisti	Fjöldi eftir hækkun v/Scanvægt	Eignarhlutur	Fjöldi eftir hækkun v/Scanvægt og útboðs	Eignarhlutur
Eyri Invest ehf.	81.274.544	27,8%	91.519.400	24,9%
Landsbanki Íslands hf.	79.293.122	27,1%	89.288.214	24,3%
Scanvægt Holding ApS	52.016.732	17,8%	52.016.732	14,2%
Helga Sigurðardóttir	4.750.000	1,6%	5.348.749	1,5%
Ingunn Sigurðardóttir	4.750.000	1,6%	5.348.749	1,5%
Súsanna Sigurðardóttir	4.714.500	1,6%	5.308.774	1,4%
Tryggingamiðstöðin hf.	4.160.946	1,4%	4.685.443	1,3%
Egill Vilhjálmur Sigurðsson	3.800.000	1,3%	4.278.999	1,2%
Eignarhaldsfélag Hörpu ehf.	3.726.000	1,3%	4.110.607	1,1%
Traustfang ehf.	3.051.164	1,0%	3.435.771	0,9%
Líftryggingafélag Íslands hf.	2.539.818	0,9%	2.859.968	0,8%
Tíu stærstu hluthafar samtals	244.076.826	83,6%	268.201.407	73,1%
Aðrir hluthafar samtals	48.003.906	16,4%	53.794.260	14,7%
Fagfjárfestar - nýir hluthafar	-	-	45.000.000	12,3%
Heildarfjöldi hluta	292.080.732	100,0%	367.080.732	100,0%
Eigin hlutir	2.067.836	0,7%	2.067.836	0,6%
Virkir hlutir	290.012.896	99,3%	365.012.896	99,4%

11.3 Stofnsamningur og samþykktir Marel hf.

Tilgangur félagsins

Tilgangur félagsins, samkvæmt grein 1.03 í samþykktum þess er þróun, hönnun, framleiðsla, kaup og sala á rafeindatækjum, hugbúnaði og skyldum búnaði innanlands og erlendis, svo og tilheyrandi þjónusta og starfsemi.

Stjórn og framkvæmdastjórn félagsins

Stjórn félagsins skipa fimm menn. Skulu þeir og tveir til vara kosnir árlega á aðalfundi. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra.

Stjórnendur skulu halda gerðabók um það s em gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Megin skyldustörf hennar eru:

1. Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun framkvæmdastjóra og ráðning arkjör, setja honum erindisbréf og veita honum lausn.
2. Að taka stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi félagsins.
3. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
4. Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
5. Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsyn á hverju sinni.

Stjórn félagsins hefur heimild til að skuldbinda það, og er undirskrift meirihluta stjórnarmanna nægileg, þ.á.m. til veðsetningar.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur, sem honum eru eða verða settar af stjórn félagsins, eða samkvæmt samþykktum þess. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður alla starfsmenn fyrirtækisins. Hann segir og upp starfsmönnum. Framkvæmdastjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Honum ber að veita henni og endurskoðendum allar þær upplýsingar, sem þeir óska. Heimilt er að ráða stjórnarmann framkvæmdastjóra. Sami maður má þó ekki vera stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins.

Félagsstjórn skal í ársskýrslu gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði eða jöfnun taps.

Réttindi hluthafa samkvæmt samþykktum og stofnsamningi Marel

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé í félaginu. Engin sérréttindi fylgja neinum hlut í félaginu. Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

Hluthafafundur einn getur ákveðið aukningu hlutafjár í félaginu hvort sem um er að ræða útgáfu jöfnunarhlutabréfa eða með áskrift nýrra hluta. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína, hafi þeir ekki framselt áskriftarrétt sinn til hækkunar hlutafjár.

Engar takmarkanir eða hömlur skulu lagðar á hluthafa um meðferð þeirra á hlutum sínum í félaginu.

Breytingar á réttindum eigenda hluta

Samkvæmt grein 9.01 í samþykktum félagsins verða ákvarðanir um breytingar á félagssamþykktum í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 19., 40., 42., 43., 45., 46., 49., 54., og 124. gr. laga nr. 2/1995 skal tekin á hluthafafundi. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, Ákvörðun skal að öðru leyti uppfylla frekari fyriræli en félagssamþykktir kveða á um, auk hinna sérstöku ákvæða 94. gr. laga 2/1995.

Boðun aðalfunda og hluthafafunda

Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í dagblöðum og útvarpi, skemmst viku fyrir fund. Þó skal boðun vera skrifleg til allra þeirra hluthafa, sem þess hafa óskað sérstaklega og skráðir eru í hlutaskrá. Um boðun hluthafafunda gildi sömu reglur og um boðun aðalfundar. Heimilt er hluthafa að gefa öðrum umboð til að sækja fundi fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sín. Rétt til setu á hluthafafundum hafa annars einungis hluthafar, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjóri, þótt ekki séu hluthafar. Þó getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þ yrfri álit þeirra eða aðstoðar.

Þá er hluthafa heimilt að hafa með sér ráðgjafa, sem hafi hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á fundum.

Breytingar á yfiráðum yfir félaginu

Engin ákvæði eru í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem gætu haft þau áhrif að seinka, fresta eða koma í veg fyrir breytingar á yfiráðum yfir útgefanda

Eignarhald hluthafa

Engar reglur eru í gildi hjá félaginu varðandi viðmiðunarmörk varðandi birtingu upplýsinga um eignarhald hluthafa.

Breytingar á hlutafé

Engin skilyrði eru í reglum Marel varðandi breytingar á hlutafé sem eru strangari en krafist er í lögum.

12 Afkoma og efnahagur

Reikningsskil Marel hf. innihalda samstæðureikning móðurfélagsins og dótturfélaga sem voru 13 í lok júní 2006 en þau eru; Marel Australia, Marel Carnitech (Thailand), Marel Chile, Marel Deutschland GmbH & Co KG, Marel Equipment, Marel Management, Marel Rússland, Marel Scandinavia, Marel Spain, Marel UK, Marel USA, AEW Delford og Carnitech.

Dótturfélög eru þau félög sem Marel hf. fer með yfirráð yfir. Uppgjör dótturfélaga eru hluti af samstæðureikningi Marel hf. frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Stöður á milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum.

Endurskoðendur Marel, PricewaterhouseCoopers hf. og fyrir þeirra hönd Ólafur Þór Jóhannesson og Þórir Ólafsson, hafa endurskoðað og áritað án fyrirvara samstæðuársreikninga Marel fyrir árin 2005 og 2004 og Gunnar Sigurðsson og Ólafur Þór Jóhannesson fyrir árið 2003. Árshlutareikningur félagsins 30. júní 2006 hefur jafnframt verið kannaður án sérstakra athugasemda í áritun.

Tímabil sögulegra fjárhagsupplýsinga tekur til sex mánaða uppgjors 2005 og 2006 og ársuppgjöra 2003, 2004 og 2005. Uppgjörsmynt Marel er evra.

Birtingardagatal yfir árshlutauppgjör og ársuppgjör 2006

Árshlutauppgjör - þriðji ársfjórðungur: 7. nóvember 2006

Ársuppgjör 2006: 13. febrúar 2007

Breytingar á reikningsskilaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Ársreikningur félagsins 2005 er fyrsti ársreikningurinn sem gerður er í samræmi við IFRS, sem fellar um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Fram til ársloka 2004 voru reikningsskil samstæðunnar gerð í samræmi við góða reikningsskilavenju á Íslandi. Reikningsskila- og matsaðferðir samkvæmt fyrri reikningsskilavenju eru í sumum atriðum frábrugðnar aðferðum samkvæmt IFRS (International Financial Reporting Standards). Samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2004 hefur verið breytt vegna þessa, nema þar sem annað er sérstaklega tekið fram. Fjárhæðum úr ársreikningi 2003 hefur ekki verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og eru því ekki að fullu samanburðarhæfar við fjárhæðir úr ársreikningum félagsins 2004 og 2005. Upplýsingar um áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu samstæðunnar og afkomu er að finna í skýringu 5 í ársreikningi 2005.

12.1 Árshluta- og ársreikningar – rekstur

Rekstrarreikningar					
	2006	2005	2005	2004	2003*
	1.1 - 30.6	1.1 - 30.6	1.1 - 31.12	1.1 - 31.12	1.1 - 31.12
Sala	79.106	63.838	129.039	112.301	106.104
Kostnaðarverð seldrar vara	(52.872)	(41.402)	(85.877)	(71.285)	(71.487)
Framlegð	26.234	22.436	43.162	41.016	34.617
Aðrar rekstrartekjur	564	457	1.052	598	1.325
Sölu- og markaðskostnaður	(10.708)	(7.694)	(16.067)	(13.888)	(13.563)
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	(4.168)	(3.216)	(8.004)	(6.542)	(7.193)
Stjórnunarkostnaður	(7.144)	(5.673)	(10.422)	(9.118)	(8.618)
Rekstrarhagnaður	4.778	6.310	9.721	12.066	6.568
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.872)	(1.285)	(2.639)	(1.768)	(1.658)
(Tap) af hlutdeildarfélagi	(715)	-	-	-	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.191	5.025	7.082	10.298	4.910
Tekjuskattur	(843)	(1.120)	(1.367)	(2.236)	(1.110)
Eignaskattur	0	0	0	(78)	(51)
Hagnaður ársins	1.348	3.905	5.715	7.984	3.749
Hagnaður á hlut	0,57	1,67	2,42	3,40	1,59
Útþynntur hagnaður á hlut	0,56	1,63	2,38	3,33	1,56
Arður á hverja krónu nafnverðs	-	-	0,20	0,15	0,10
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>					

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

Afkoma fyrstu sex mánuði ársins 2006

Sala á fyrri hluta ársins 2006 nam 79,1 milljón evra samanborið við 63,8 milljónir evra á sama tíma árið áður, sem er um 24,0% aukning frá fyrra ári. Áhrif AEW Delford Systems í Bretlandi gætir frá 7. apríl 2006 í samstæðureikning Marel. Innri vöxtur sölu á tímabilinu var 7,0%.

Á fyrstu sex mánuðum ársins var 98% af heildarsölutekjum Marel til erlendra viðskiptavina og einungis 2% til innlendra aðila.

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig tekjum samstæðunnar fyrstu sex mánuði 2006 og 2005 er skipt upp í þrjá meginstarfþætti; fisk, kjúkling og kjöt. Annar rekstur samstæðunnar sem ekki er hægt að heimfæra upp á framangreinda starfsemi, og felur í sér sölu á þjónustu varðandi framleiðslu en er ekki umtalsverður starfþáttur, er undir liðnum óskipt í töflunni hér að neðan.

Starfsþáttayfirlit	Fiskur	Kjúklingur	Kjöt	Óskipt	Samtals
1.1 - 30.06 2006					
Heildarsala	36.844	26.095	24.297	20.488	107.724
Innbyrðis sala	(8.464)	(9.826)	(5.978)	(4.350)	(28.618)
Sala	28.380	16.269	18.319	16.138	79.106
Hlutfallsleg skiping	36%	21%	23%	20%	
1.1 - 30.06 2005					
Heildarsala	26.728	14.609	23.836	18.699	83.872
Innbyrðis sala	(643)	(2.792)	(3.255)	(13.344)	(20.034)
Sala	26.085	11.817	20.581	5.355	63.838
Hlutfallsleg skiping	41%	19%	32%	8%	
<i>Fjárhæðir í þúsundum evra</i>					

Framlegð af vörsölu á fyrstu sex mánuðum

2006 var 26,2 milljónir evra eða 33,2% af sölu samanborið við 22,4 milljónir evra eða 35,1% af sölu á sama tíma árið 2005. Tekjur í íslenskum krónum voru um 2% af heildarsölu samstæðunnar en útgjöld um 21%, einkum vegna

launa starfsmanna á Íslandi. Á fyrstu sex mánuðum 2006 hefur íslenska krónan veikst um 7% gagnvart evru frá meðaltali fyrstu sex mánuði ársins 2005. Marel hefur gert framvirka samninga á móti öllum áætluðum kostnaði í íslenskum krónum fram til nóvember 2007. Meðalgengi framvirkra samninga á tímabilinu mars til júní 2006 var 82 ISK/EUR og hefur því félagið ekki notið að fullu gengislækkunar íslensku krónunnar það sem af er 2006. Meðalgengi samninga frá júlí 2006 út nóvember 2007 er 96 ISK/EUR.

Rekstrargjöld önnur en kostnaðarverð seldra vara námu 22,0 milljónum evra fyrstu sex mánuði ársins og voru 27,8% af sölu samanborið við 26,0% á sama tíma árið 2005. Sölu- og markaðskostnaður var 10,7 milljónir evra sem er 39% hærra en á sama tíma 2005. Gjaldfærður þróunarkostnaður, þar með taldar afskriftir af vöruþróunarkostnaði fyrri ára, var 4,2 milljónir evra sem er hækkun um 30% frá sama tíma árið 2005. Bæði í sölu- og markaðsstarfi og í vöruþróun hefur megináhersla verið lögð á aukna framleiðni og aukin samlegðaráhrif með meiri samþættingu innan samstæðunnar. Stjórnunarkostnaður var 7,1 milljón evra í lok júní 2006 samanborið við 5,7 milljónir evra á sama tíma 2005.

Rekstrarhagnaður fyrir skatta og fjármagnskostnað (EBIT) fyrstu sex mánuði ársins 2006 var 4,8 milljónir evra sem er um 6,0% af sölutekjum samanborið við 6,3 milljónir evra eða 9,9% af sölu á sama tíma 2005.

Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur nam 1,9 milljónum evrum í lok júní 2006 samanborið við 1,3 milljónir evra 2005. Hækkunin stafar af aukinni lántöku í formi skuldabréfaútbóðs sem að hluta til var ráðstafað til kaupa á eignum og rekstri AEW Thurne og Delford Sortaweigh í Bretlandi og verður einnig nýtt við kaupin á Scanvægt International A/S á þriðja ársfjórðungi 2006.

Hlutdeild Marel í tapi af rekstri hlutdeildarfélagins LME ehf. nam 715 þúsundum evra sem rekja má til fjárfestingar LME ehf. í hollenska félaginu Stork NV. Marel á 20% hlut í LME ehf. LME ehf. átti í lok júní 5,1% hlut í Stork NV en við útgáfu útgefandalýsingarinnar á LME ehf. 8,0% hlut í félaginu. Gert er ráð fyrir að þessi fjárfesting skili hagnaði þegar fram í sækir.

Hagnaður á fyrstu sex mánuðum ársins 2006 var 1,3 milljónir evra samanborið við 3,9 milljónir evra á fyrstu sex mánuðum ársins 2005.

Þrjár meginstoðir mynda Marel samstæðuna eins og hún kemur fram í hálfársuppgjörinu 2006, þ.e. Marel félögin með móðurfélagið á Íslandi og tíu sölu- og þjónustuskrifstofur víðs vegar um heiminn, Carnitech A/S með fjögur dótturfélög og AEW Delford Systems með tvö dótturfélög. Í byrjun ágúst bættist síðan fjórða meginstoðin við Marel samstæðuna, þ.e. danska fyrirtækið Scanvægt International AS. Félagið kom inn í samstæðu Marel frá og með 4. ágúst 2006. Nánar er fjallað um Scanvægt í kafla 6.1 í útgefandalýsingunni.

Í framhaldi af kaupum Marel á eignum og rekstri AEW Thurne og Delford Sortaweigh í apríl 2006 og stofnun AEW Delford Systems, hefur verið unnið að umfangsmikilli samþættingu í rekstri Marel félaganna, AEW Delford Systems og Carnitech. og því er talið að það gefi ekki rétta mynd af arðseminni að fjalla um afkomu einstakra eininga. Þess í stað er farið yfir helstu áherslupætti í rekstri hvers félags á síðustu mánuðum.

Fyrri árshelmingur 2006 í rekstri Marel félaganna var nokkrum lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Áhrif veikingar íslensku krónunnar hafa enn ekki komið fram nema að litlu leyti. Marel hefur á síðustu mánuðum markaðssett margar nýjar vörur sem hafa mjög góða framtíðarsölu- og framlegðarmöguleika, en fyrstu sölur nýrra tækja eru þó yfirleitt með lágrí framlegð.

Rekstur Carnitech gekk mjög vel á öðrum ársfjórðungi 2006 og er afkoma félagsins á tímabilinu í fullu samræmi við væntingar stjórnenda. Þær skipulagsbreytingar sem unnið hefur verið að á undanförunum mánuðum ganga vel. Áætlað er að á seinni hluta ársins 2007 hafi þær skilað þeim árangri að afkoma Carnitech verði orðin viðunandi þannig að rekstrarhagnaður (EBIT) fyrirtækisins verði að jafnaði yfir 8% af veltu.

Marel tók við rekstri AEW Delford þann 7. apríl 2006. Rekstur félagsins hefur gengið vel og gott vöruúrval fyrirtækisins skapar umtalsverða vaxtarmöguleika. Unnið er að samþættingu rekstrar bæði innan AEW Delford og við önnur fyrirtæki innan samstæðunnar. Áætlað er að einskiptikostnaður vegna samþættingar verði um 2,5 milljónir evra sem gjaldfærðar verða á næstu tveimur árum. Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir muni skila um 3 milljónum evra í árlega hagræðingu frá miðju ári 2007.

Afkoma 2005, 2004 og 2003

Rekstrartekjur Marel samstæðunnar námu 129,0 milljónum evra árið 2005, í samanburði við 112,3 milljónir evra árið 2004 og jukust því um 14,9% milli ára.

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig tekjum samstæðunnar árin 2005 og 2004 er skipt upp í þrjá meginstarfspætti; fisk, kjúkling og kjöt. Annar rekstur samstæðunnar, sem ekki er hægt að heimfæra upp á framangreinda starfsemi, sem felur í sér sölu á þjónustu varðandi framleiðslu en er ekki umtalsverður starfspáttur er undir liðnum óskipt í töflunni hér að neðan.

Starfspáttayfirlit	Fiskur	Kjúklingur	Kjöt	Óskipt	Samtals
2005					
Heildarsala	60.637	31.937	51.947	26.097	170.618
Innbyrðis sala	(2.007)	(7.081)	(9.341)	(23.150)	(41.579)
Sala	58.630	24.856	42.606	2.947	129.039
Hlutfallsleg skiping	45%	19%	33%	2%	
2004					
Heildarsala	48.276	34.199	35.771	29.523	147.769
Innbyrðis sala	(3.494)	(3.694)	(6.687)	(21.593)	(35.468)
Sala	44.782	30.505	29.084	7.930	112.301
Hlutfallsleg skiping	40%	27%	26%	7%	

Fjárhæðir í þúsundum evra

Marel selur meginhluta af framleiðslu sinni til annarra landa en Íslands. Á árinu 2005 var 96,2% af heildarsölutekjum til erlendra viðskiptamanna og einungis 3,8% til innlendra aðila.

Kostnaður af seldum vörum var 85,9 milljónir evra í árslok 2005 sem er aukning um 20,5% frá árinu 2004. Framlegðin minnkaði sem hlutfall af sölu milli árána 2005 og 2004. Á árinu 2005 var framlegð félagsins 43,2 milljónir evra eða 33,4% af sölu samanborið við 41,0 milljón evra eða 36,5% af sölu árið 2004. Önnur rekstrargjöld, þ.m.t. kostnaður við sölu og markaðssetningu, jukust um 16,7% milli árána 2004 og 2005.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 14,8 milljónir evrur á árinu 2005 eða um 11,5% af heildarsölu félagsins, samanborið við 16,5 milljónir evra á árinu 2004 og 14,7% af heildarsölu.

Nettó fjármögnunarkostnaður var 2,6 milljónir evrur 2005, samanborið við 1,8 milljónir evra 2004. Aukninguna má rekja til aukinnar lántöku, meira gengistaps og hækkunar á vöxtum á meira en 40% skulda félagsins sem nú hafa verið festir í þrjú til fimm ár.

Tekjuskattur nam 1,4 milljónum evra árið 2005 en var 2,2 milljónir evra árið 2004. Alls voru reiknaðir skattar fyrir samstæðuna á árinu 2005 19,3% af hagnaði fyrir skatta, í samanburði við 21,7% árið 2004. Í því umhverfi sem Marel starfar nema tekjuskattar á fyrirtæki á bilinu 17% til 42%.

12.2 Árshluta- og ársreikningar – efnahagur

Eignir, eigið fé og skuldir

Heildareignir samstæðunnar í lok júní 2006 voru bókfærðar á 193 milljónir evra og hafa þær aukist um 78 milljónir evra eða um 68% frá síðustu áramótum þegar þær voru 114,9 milljónir evra. Þá aukningu má að mestu rekja til 6 milljarða króna skuldabréfaútboðs og til stofnunar AEW Delford Systems sem tók yfir rekstur og eignir tveggja breskra félaga. Heildareignir Marel samstæðunnar í lok árs 2004 voru 95,5 milljónir evra.

Efnahagsreikningar

	2006	2005	2004	2003*
	30.6	31.12	31.12	31.12
Eignir				
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir	40.563	33.242	31.847	32.812
Viðskiptavild	18.609	9.580	7.861	3.515
Aðrar óefnislegar eignir	10.673	8.518	6.360	967
Eignarhlutir í öðrum félögum	0	0	753	753
Fjárfestingar sem haldið er til sölu	680	680	0	0
Langtímakröfur	4.566	29	92	0
Afleiðusamningar	111	0	0	0
Frestaðar tekjuskattsinneignir	1.692	1.231	1.334	1.035
Fastafjármunir samtals	<u>76.894</u>	<u>53.280</u>	<u>48.247</u>	<u>39.082</u>
Veltufjármunir:				
Vörubirgðir	35.440	25.274	21.166	16.693
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	10.019	8.921	5.859	6.064
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	34.973	23.517	15.844	14.768
Afleiðusamningar	0	18	0	0
Handbært fé	35.681	3.880	4.366	4.727
Veltufjármunir samtals	<u>116.113</u>	<u>61.610</u>	<u>47.235</u>	<u>42.252</u>
Eignir samtals	<u>193.007</u>	<u>114.890</u>	<u>95.482</u>	<u>81.334</u>
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé:				
Hlutfé	2.637	2.637	2.637	2.637
Eigin hlutabréf	(12)	(8)	(75)	(48)
Yfirverðsreikningur hlutafjár	12.410	12.671	9.059	10.794
Varasjóður	(911)	225	(408)	(1.196)
Óráðstafað eigið fé	26.254	25.507	20.382	12.980
Eigið fé samtals	<u>40.378</u>	<u>41.032</u>	<u>31.595</u>	<u>25.167</u>
Langtímaskuldir:				
Lántökur	90.266	24.881	31.442	30.889
Frestaðar tekjuskattskuldbindingar	3.880	3.520	3.349	726
Afleiðusamningar	0	404	0	0
	<u>94.146</u>	<u>28.805</u>	<u>34.791</u>	<u>31.615</u>
Skammtímaskuldir:				
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	35.801	24.719	21.118	14.309
Afleiðusamningar	759	0	0	0
Ógreiddir skattar	935	278	328	611
Lántökur	19.941	19.262	7.024	9.141
Aðrar skuldbindingar	1.047	794	626	491
	<u>58.483</u>	<u>45.053</u>	<u>29.096</u>	<u>24.552</u>
Skuldir samtals	<u>152.629</u>	<u>73.858</u>	<u>63.887</u>	<u>56.167</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>193.007</u>	<u>114.890</u>	<u>95.482</u>	<u>81.334</u>

Allar fjárhæðir í þúsundum evra

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

Í lok júní 2006 voru fastafjármunir samstæðunnar 76,9 milljónir evra, þar af voru varanlegir rekstrarfjármunir 40,6 milljónir evra. Varanlegir rekstrarfjármunir skiptast í landssvæði og fasteignir 29,3 milljónir evra, vélar og tæki 7,2 milljónir evra og bifreiðar og annar búnaður 4,1 milljónir evra.

Eigið fé félagsins í lok júní 2006 var 40,4 milljónir evra og hafði þá lækkað um 654 þúsund evrur frá áramótum. Eiginfjárlutfallið á tímabilinu lækkaði nokkuð vegna umfram lánsfjármögnunar og var 20,9% í lok júní 2006. Með kaupnum á Scanvægt mun eiginfjárlutfallið hækka aftur og verða um 30% í árslok 2006 þar sem hluti kaupverðsins verður greiddur með nýjum hlutum í Marel. Í kjölfar fyrirhugaðs hlutafjárútbóðs þar sem áætlað er að selja allt að 75.000.000 nýrra hluta er gert ráð fyrir að eiginfjárlutfall Marel muni hækka enn frekar.

Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun á breytingum á eigin fé félagsins.

Heildarskuldir í lok júní 2006 námu samtals 152,6 milljónum evra, þar af voru vaxtaberandi skuldir 110,2 milljónir evra. Vaxtaberandi skuldir voru 44,1 milljón evra í lok árs 2005. Hækkun á vaxtaberandi skuldum félagsins á fyrstu sex mánuðum

	2006	2005	2004	2003*
Eigið fé - breyting	1.1 -30.6	1.1 -31.12	1.1 -31.12	1.1 -31.12
Hagnaður	1.348	5.715	7.984	3.749
Eigin hlutabréf seld umfram keypt	(397)	3.679	(3.029)	(511)
Arðgreiðslur	(601)	(590)	(407)	(280)
Annað	(1.004)	633	859	(515)
Hækkun (lækkun) eigin fjár	(654)	9.437	5.407	2.443

Allar fjárhæðir í þúsundum evra

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

ársins 2006 má að stærstum hluta rekja til þess að Marel gaf út skuldabréf fyrir 6 milljarða íslenskra króna eða sem samsvara 70,8 milljónum evra í lok júní 2006. Skuldabréfin eru verðtryggð vaxtagreiðslubríf til sex ára, með gjalddaga höfuðstóls 8. febrúar 2012. Fastir vextir bréfanna eru 6,0%. Samhliða skuldabréfaútböðinu hefur Marel gert vaxtaskiptasamning á hluta fjárhæðarinnar sem fékkst með útgáfu skuldabréfanna sem tryggir félaginu fjármögnunina í erlendum myntum með greiðslu vaxta og höfuðstóls að sex árum liðnum. Andvirði skuldabréfanna var að hluta ráðstafað til að greiða fyrir rekstur og eignir AEW Thurne og Delford Sortaweigh og hluta verður varið til greiðslu á kaupverði Scanvægt International AS.

Heildarlántökur innifela veðtryggðar skuldir (kaupleiga og bankalán) sem nema 42,9 milljónum evra. Lántökur í banka eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar á eftirstöðvum skulda. Aðrar lántökur Marel eru ekki tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar.

Frekari lýsing á fjármögnun félagsins fyrstu sex mánuði ársins 2006 og undanfarin þrjú ár er að finna í sjóðstreymisýfirliti samstæðunnar í kafla 12.3. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2006 gaf Marel út skuldabréf fyrir yfir 6 milljarða íslenskra króna, þ.e. 70,8 milljónir evra, sem skýrir að stærstum hluta hækkun á langtímaskuldum félagsins frá áramótum 2005.

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig fjármögnun félagsins hefur verið hátað á undanförunum árum og hvernig hún var í lok júní 2006. Miðað við núverandi starfsemi félagsins er ekki þörf á frekari lánsfjármögnun.

Fjármögnun og skuldastaða	30.6.2006	31.12.2005	31.12.2004	31.12.2003*
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	42.422	29.311	25.421	16.137
Vaxtaberandi lántökur:				
Langtímalán	90.266	24.881	31.442	30.889
Skammtímalán	19.941	19.666	7.024	9.141
Vaxtaberandi lántökur samtals	110.207	44.547	38.466	40.030
Skuldir samtals	152.629	73.858	63.887	56.167
Hlutafé	40.379	41.032	31.595	25.167
Eigið fé og skuldir samtals	193.008	114.890	95.482	81.334
Eiginfjárlutfall	20,9%	35,7%	33,1%	30,9%

Fjárhæðir í þúsundum evra

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

12.3 Árshluta- og ársreikningar – sjóðstreymi

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum á fyrstu sex mánuðum ársins 2006 fyrir 4,7 milljónir evra samanborið við 1,7 milljónir á sama tímabili 2005.

Handbært fé til rekstrar nam 6,7 milljónum evra. Munar þar mest um aukna fjárbindingu í birgðum og viðskiptakröfum en á móti kemur að hluta aukning á viðskiptaskuldum. Í lok júní 2006 var handbært fé 35,7 milljónir

evra samanborið við 4,0 milljónir evra í lok júní 2005. Gert er ráð fyrir að birgðir fullunninna vara lækki og að tilflutningur verði á sölu á milli annars og þriðja ársfjórðungs.

Hreint veltufé til rekstrar var 2,8 milljónir evra í lok júní 2006 en var 7,7 milljónir evra frá rekstri á sama tíma 2005. Hreint veltufé frá rekstri var 12,5 milljónir evra í árslok 2005, samanborið við 13,5 milljónir evra á árinu 2004.

Fjárfestingarhreyfingar félagsins á fyrstu sex mánuðum 2006 voru samtals 33,5 milljónir evra, þar vegur þyngst kaup Marel á eignum og rekstri AEW Thurne og Delford Sortaweigh. Á árinu 2005 voru fjárfestingarhreyfingar félagsins 10,1 milljónir evra, þar vegur þyngst kaup á óefnislegum eignum, þ.e. eignfærður þróunarkostnaður, kaup á varanlegum rekstrarfjármunum og kaup á DanTech í Singapore. Á árinu 2004 keypti Marel allt hlutfé Póls hf. á Ísafirði og starfsemi (vörumerkið Geba) frá þýska félaginu Roscherwerke GmbH, sem var sameinað rekstri CP Foods í Danmörku. CP Foods hefur nú verið fellt inn í Carnitech. Á árinu 2003 fjárfesti Marel einungis í framleiðslubúnaði. Vöruþróun var ekki eignfærð á árinu 2003, það var ekki gert fyrir en við upptöku IFRS. Á fyrstu sex mánuðum 2006, 2005 og 2004 er vöruþróun eignfærð í samræmi við IFRS.

Yfirlit um sjóðstreymi

	2006	2005	2005	2004	2003*
	1.1 - 30.6	1.1 - 30.6			
Handbært fé frá rekstri					
Handbært fé frá rekstri	(2.584)	3.996	5.762	15.801	7.041
Greiddir vextir	(3.466)	(1.035)	(1.959)	(1.548)	(1.931)
Greiddir skattar	(604)	(249)	(816)	(1.046)	(386)
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri, nettó	(6.654)	2.712	2.987	13.207	4.724
Fjárfestingarhreyfingar:					
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé	(20.853)	0	(1.939)	(1.758)	0
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum	(4.675)	(1.684)	(3.752)	(1.642)	(1.889)
Kaup á óefnislegum eignum	(3.701)	(2.107)	(4.811)	(3.118)	(403)
Kaup á hlut í hlutdeildarfélagi	(1)	0	0	0	0
Lán	(5.281)	0	0	0	0
Sala á varanlegum rekstrarfjármunum	988	157	322	117	337
Sala á hlutabréfum	0	0	0	12	0
Handbært fé nýtt í fjárfestingar	(33.523)	(3.634)	(10.180)	(6.389)	(1.955)
Fjármögnunarhreyfingar:					
Sala (kaup) á eigin hlutabréfum, nettó	(264)	(81)	3.678	(3.030)	(510)
Nýjar langtímaskuldir	81.606	4.183	8.285	2.452	14.424
Afborganir af langtímaskuldum	(8.186)	(2.521)	(3.681)	(6.004)	(14.155)
Afborganir af leigusamningum	(301)	(194)	(482)	(274)	(632)
Greiddur arður	(601)	(590)	(590)	(407)	(280)
Handbært fé frá fjármögnun	72.254	797	7.210	(7.263)	(1.153)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	32.077	(125)	17	(445)	1.616
Gengismunareikningur	(276)	(251)	(503)	84	220
Handbært fé í upphafi tímabils	3.880	4.366	4.366	4.727	2.891
Handbært fé í lok tímabils	35.681	3.990	3.880	4.366	4.727
Handbært fé frá rekstri					
Hagnaður tímabils	1.348	3.905	5.715	7.984	3.749
Liður sem ekki hafa áhrif á handbært fé	1.823	4.967	9.585	8.122	5.938
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(5.755)	(4.876)	(9.538)	(305)	(2.646)
	(2.584)	3.996	5.762	15.801	7.041
Hreint veltufé (til rekstrar)/frá rekstri	(2.800)	7.659	12.525	13.512	6.366

Allar fjárhæðir í þúsundum evra

*Fjárhæðir 2003 eru ekki í samræmi við IFRS

